allt

BJARNI ÞÓR GRÉTARSSON:

Fær harðsperrur af hlátri

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Á RÓLEGUM NÓTUM

Frumraun Hildar Völu kemur út í dag

tónlist 26 ▶



NÆG INNISTÆÐA Í GLEÐIBANKANUM

ICY kemur aftur saman og spilar á Nasa í árlegu Eurovision-partíi

fólk 30 ▶




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. maí 2005 - 124. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


ÞRIÐJUDAGUR

## FH-ingar eru meistarar meistaranna

FH vann í gær 2–0 sigur á Keflavík í árlegri Meistara-keppni KSÍ.



ÍÞRÓTTIR 22

## Afgreiðsla allsherjar-nefndar vonbrigði

Guðrún B. Ingimundardóttir segir afgreiðslu allsherjar-nefndar á frumvarpi til laga um fyrningu kynferð-isafbrota hvorki ganga nógu langt né taka á mismun-un kynjanna.



SKOÐUN 18

## Tvíhöfði skilinn útundan

Útvarpsstöðin X-ið hefur verið endurvakin og verður form-lega opnuð á föstudag. Tví-höfði verður ekki með á nýju stöðinni enda að fara að búa til sjónvarpsþátt.

ÚTVARP 30



## VEÐRIÐ Í DAG




SKÚRIR Á VÍÐ OG DREIF

Síst þó allra austast, þar sem horfur eru á nokkuð björtu veðri. Hiti 4-10 stig, mildast austast á landinu.

VEÐUR 4


82%

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstu-dögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smá-auglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Eftirlitsnefnd lokaði einni fasteignasölu

**Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem nýverið tók til starfa, hefur þurft að loka einni fasteignasölu. Þar starfaði enginn löggildur fasteignasali á þeim tíma. Langflestum málum nefndarinnar lýkur án þess að nokkuð þurfi að aðhafast.**

**FASTEIGNASALA** Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er tekin til starfa af fullum krafti. Hún hefur meðal annars lokað einni fasteignasölu tímabundið þar sem enginn löggildur fasteignasali starfaði þar á þeim tíma, að sögn Þorsteins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, formanns nefndarinnar. Fasteignasalan var opnuð aftur þegar þau mál voru komin í lag. Þorsteinn vildi ekki gefa upp hvaða fasteignasala hefði átt hlut að máli, enda væru nefndarmenn bundnir ströngum trúnaði.

Birgir Birgisson, löggildur fasteignasali Remax í Kópavogi, staðfesti aðspurður að um þá fasteignasölu hefði verið að ræða.

„Það var ekki búið að afgreiða löggildingarumsókn mína í dómsmálaráðuneytinu og lokunin varði seinnipart dags þar til snemma morguns daginn eftir,“ sagði hann. „Eftirlitsnefndin hefur komið hingað, farið yfir reksturinn og ekki gert athugasemdir við hann. Við vinnum í samstarfi við nefndina og fögnum tilkomu hennar.“

Þorsteinn kvaðst ekki hafa á takteinum fjölda mála sem nefndin hefði fjallað um á starfstíma sínum, en hún tók til starfa 1. október samkvæmt endurskoðuðum lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

„Langflestum þeirra hefur lokið með því að ekkert hefur þurft að aðhafast,“ sagði Þorsteinn, sem kvað erindi ýmist send til nefndarinnar eða tilkomin vegna frumkvæðisskyldu hennar. Hann sagði að ákvæði laganna um vörslufjárreikninga fasteignasala hefði tekið gildi 1. apríl, þannig að nú væru lögin orðin virk í heild sinni.

„Okkar eftirlit er fólgið í því að stýra mönnum inn á það að fylgja þessum reglum sem hafa verið sett-ar. Ef okkur sýnist að mál þurfi frekari athugunar við köllum við eftir skýringum og gögnum frá málsaðilum til að gefa mönnum færi á að skýra mál sitt. Ef brot reynist alvarlegt getur komið til viðurlaga sem felast í áminningu. Til þess úrræðis hefur ekki verið gripið enn. Ef brotið er alvarlegt eða ítrekað getur komið til tímabundinnar sviptingar löggildingar til að gegna starfi fasteignasala, að ákveðnu ferli undangengnu.“ **- jss**

Stríðsloka minnst:

## Mikið um dýrðir

**RÚSSLAND, AP** Leiðtogar á sjötta tugar þjóða heiðruðu sigurvegara og fórnarlömb síðari heimsstyrjaldar í hátíðarhöldum á Rauða torginu í Moskvu í gær, sem rússnesk stjórnvöld efndu til í tilefni af því að sextíu ár eru liðin frá því endanlegur sigur vannst á herjum Hitlers.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra var viðstaddur athöfnina fyrir Íslands hönd. **Sjá síðu 2**

Kauphöll Íslands:

## Sjö daga lækkanir

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala hlutabréfa fór niður fyrir fjögur þúsund stig í gær og lækkaði um ríflega 1,2 prósent. Fram eftir degi leit út fyrir að lækkunin yrði meiri þar sem bréf í KB banka lækkuðu hratt í gærmorgun. Vísitala helstu hlutabréfa hefur nú lækkað sjö daga í röð. **- þk**/**Sjá síðu 19**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÍNA TIMBRIÐ Í FISKIKÖR** Verktakafyrirtækið Bortækni hefur verið að brjóta niður Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og notað múrbrotið til að fylla upp í höfnina. Meira var af timbri en búist var við og í stað þess að það væri hreinsað upp, eins og fyrirtækinu var skylt að gera, var það látið fara í höfnina. Timbrið rak á land og fyllti fjörurnar í hjarta Hafnarfjarðar fyrir helgina. Hér eru starfsmenn Bortækni, Þórður Guðmundsson og Tómas Aron Jónsson, að tína timbrið í fiskikör en búist er við að hreinsuninni ljúki í dag.

Framkvæmdir í Hafnarfirði:

## Timbrið rak á land

**HAFNARFJÖRÐUR** Fjörurnar í hjarta Hafnarfjarðar fylltust af timbri frá framkvæmdum við Norðurbakkann fyrir helgina og þurftu starfsmenn verktakafyrirtækisins Bortækni að ganga í fjörur fyrir og eftir helgina til að hreinsa þær.

Pétur Guðnason, verkfræðingur hjá Strendingi, er umsjónarmaður framkvæmdanna. Hann sagðist í gær ekki vita um hversu mikið timbur væri að ræða en það væri mikið og að sá sem bæri ábyrgðina væri nú að „myndast við að hreinsa það“. Sú vinna hefði hafist fyrir helgi. „Þeir höfðu ekki staðið sig í að hreinsa timbrið úr haugnum eins og þeir voru búnir að lofa og voru að keyra þetta efni þarna út, þess vegna gerðist þetta,“ segir hann.

Hreinsuninni lýkur í dag. **- ghs**

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins um Héðinsfjarðargöng:

# Tæp 70 prósent á móti gangagerð

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég verð að viðurkenna að það kemur mér á óvart að það skuli vera svona mikill munur á jákvæðri og neikvæðri afstöðu manna,“ sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra þegar niðurstöður úr nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins um Héðinsfjarðargöng voru bornar undir hann.

Í könnuninni kemur fram að tæplega 70 prósent þeirra sem afstöðu tóku eru á móti fyrirhuguðum göngum um Héðinsfjörð en um 30 prósent þeim hlynnt. Er andstaðan öllu meiri meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu, rúmlega 78 prósent, en tæp 57 prósent íbúa á landsbyggðinni eru mótfallin framkvæmdinni.

Sturla bendir á að öll umræða um göngin að undanförnu hafi verið á neikvæðum nótum og lítið heyrst í þeim sem hlynntir eru. „Ég vil minna á það að ákvörðun um Héðinsfjarðargöng var tekin í tengslum við kjördæmaskipanina og var liður í að efla Eyjafjarðarsvæðið. En vonandi áttar þjóðin sig á því hversu mikilvæg göngin eru fyrir Eyjafjörð en einnig fyrir Skagafjarðarsvæðið því tenging úr Eyjafirði um Siglufjörð og Fljótin yfir í Skagafjörð mun stórefla þetta svæði í Skagafirði.“

**Sjá nánar síðu 6.**

**aóe/jh**


Frjáls íbúðalán

4,15%

verðtryggðir vextir

Himinn og haf/SÍA

FRJÁLSI



## SPURNING DAGSINS

*Kristján, ertu í ógöngum?*

„Nei, ég er í góðum gangi.“

Kristján L. Möller alþingismaður er mikill talsmaður Héðinsfjarðarganga. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins eru um 70 prósent landsmanna á móti því að þau verði gerð.

Forsætisráðherra var við hátíðahöld í Moskvu:

# Ræddi þorskastríðin við Bush

**STRÍÐSLOKAAFMÆLI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra var viðstaddur hátíðahöld í Moskvu í gær í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Að loknum hátíðahöldunum bauð ríkisstjórn Rússlands þjóðarleiðtogum til móttöku þar sem Halldór hitti bæði George Bush Bandaríkjaforseta og Vladimír Pútín Rússlandsforseta.

Í samtali sínu við Pútín segist Halldór hafa rætt góð samskipti þjóðanna jafnframt því sem þeir spjölluðu um hátíðahöldin. Þegar Halldór ræddi við Bush ræddu þeir samskipti Íslands og Bandaríkjanna og þá impraði Bush á málefnum hafsins. Bush tjáði þá Halldóri að hann væri að lesa kanadíska bók um sögu þorsksins þar sem rætt væri um þorskastríðin. Aðspurður hvort varnarhagsmuni hafi borið á góma segir Halldór að svo hafi ekki verið. Tók hann þó sérstaklega fram við blaðamann að þau mál væru í farvegi eftir leiðtogafundinn í Brussel og að Bush hefði enn þá afstöðu að leysa ætti málin þannig að báðir gætu vel við unað.

**- oá**



**HALLDÓR OG PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Forsætisráðherra ræddi góð samskipti þjóðanna við Pútín.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEINGRÍMUR ÓLAFSSON

**Á SPJALLI VIÐ BUSH** Varnarhagsmunir viku fyrir sögu þorsksins.

Dettifossmálið:

## Gæsluvarðhald staðfest

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhald yfir manni sem gefin er að sök aðild á smygli á rúmum 7,5 kílóum af amfetamíni með Dettifossi frá Þýskalandi til Íslands síðasta sumar.

Staðfestur úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur frá 4. maí síðastliðnum kveður á um gæsluvarðhald yfir manninum allt til miðvikudagsins 15. júní.

Maðurinn neitar sök en Héraðsdómur tekur fram að þáttur hans í málinu sé talinn veruleg ur þar sem hann sé grunaður um að hafa staðið að skipulagningu, fjármögnun og kaupum á fíkniefnunum.

Brot mannsins geta varðað allt að 12 ára fangelsi.

**- óká**

Kárahnjúkar:

## Tveir menn slösuðust

**SLYS** Tveir menn voru fluttir nokkuð slasaðir með sjúkraflugi til Reykjavíkur en tveir sluppu svo til ómeiddir er vinnupallar hrundu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka í gær.

Að sögn Sigurðar Andra Guðmundssonar, aðstoðaryfirlögreglunnar á Seyðisfirði, var hann kallaður á staðinn um klukkan eitt. Kom í ljós að verið var að vinna við að losa pallana frá steypumótum, sem þeir voru sambyggðir við, er þeir hrundu. Tveir menn voru í níu metra hæð og tveir í ellefu metra hæð, að sögn Sigurðar.

Tveir þeirra slösuðust það illa að þeir voru sendir með flugi á sjúkrahús í Reykjavík. Hinir tveir sluppu því sem næst ómeiddir.

**- aa**

# Bjargaði stúlku úr brennandi bíl

**Íslendingurinn sem særðist í sprengingu í Bagdad á laugardag bjargaði ungri stúlku úr brennandi bíl. Íraska stjórnin hafði samband við hann og þakkaði honum fyrir. Hann ætlar aftur til Íraks eftir frí.**

**ÍRAK** Jón Ólafsson, sem særðist í bílsprengjuárás síðastliðinn laugardag, bjargaði ungri stúlku úr bíl sem var nær alelda eftir tilræðið. Írösk stjórnvöld höfðu samband við hann og þökkuðu honum fyrir afrekið, að sögn aðstandanda Jóns, en sjálfur má hann ekki tjá sig við fjölmiðla meðan málið er í rannsókn.

Samkvæmt fréttum ABC-fréttastofunnar létust sex manns í sprengingunni og tuttugu og tveir særðust. Tveir af þeim sem létust voru samstarfsmenn Jóns og voru í sama bíl og hann þegar sprengingin varð. Barnaskóli er skammt frá sprengjustaðnum en ekki fengust upplýsingar um það hvort önnur börn en það sem Jón bjargaði væru á meðal hinna slösuðu. Hryðjuverkasamtökin Al Kaída hafa lýst ábyrgðinni á hendur sér.

Ólafur E. Magnússon, faðir Jóns, talaði við hann í gærmorgun og sagði son sinn vera við ágætis heilsu en hann brann á hendi og fékk sár í andliti. Þetta er ekki fyrsta sprengjutilræðið sem Jón verður vitni að en þó það alvarlegasta.

Ættingjar Jóns segja að til hafi staðið að hann fengi á næstu dögum að fara í nokkurra vikna frí til Filippseyja, þar sem hann býr ásamt þarlendri eiginkonu sinni. Í gær var það þó ekki alveg víst þar sem öryggisþjónustufyrirtækið sem hann starfar fyrir býr við mikla manneklu eftir þetta sprengjutilræði. Jón er þó ekkert á því að láta af störfum sínum í Írak og hefur fullan hug á að snúa þangað aftur að fríi loknu.



**JÓN ÓLAFSSON Á VETTVANGI** Þessi mynd var tekin af Jóni eftir sprenginguna. Blóðið sem sést á vanga hans er eftir sprengjubrotið sem fór í hann en blóðið á hendinni er af stúlkunni sem hann bjargaði úr brennandi bíl.

Jón starfar hjá bandaríska fyrirtækinu CTU Consulting en það sérhæfir sig í öryggisgæslu og er með fjölmörg verkefni í Írak, að því er fram kemur á vefsíðu fyrirtækisins.

Að sögn Þóris Guðmundssonar, upplýsingafulltrúa Rauða Krossins á Íslandi, eru fáir starfsmenn Rauða Krossins í Írak og hafa engir fulltrúar verið sendir frá Íslandi síðan síðla árs 2003. Því veldur að hjálpar- og öryggisfulltrúar eru sjálfir orðnir skotmörk á þessum átakasvæðum en það er afar óvenjulegt annars staðar.

**jse@frettabladid.is**



**RISARÖRBÚTUR** Fyrstu röraeiningarnar komu til landsins 18. apríl og í júní verður byrjað að setja þær saman.

Kárahnjúkavirkjun:

## Met slegið í gangagerð

**VIRKJUN** Starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri sem starfa á Kárahnjúkasvæðinu eru að undirbúa samsetningu á risarörum sem notuð verða í tvenn samsíða fallgöng Kárahnjúkavirkjunar.

Verða þetta lengstu stálfóðruðu göng sinnar tegundar í heiminum, 420 metrar að lengd, en vatn úr Hálslóni mun falla eftir göngunum og að túrbínum virkjunarinnar. Rörin eru smíðuð í Þýskalandi og flutt til landsins sjóleiðis. Hver eining er um níu metrar að lengd og 45 tonn að þyngd en samtals vega einingarnar 4.400 tonn.

**- kk**

Seltjarnarnes:

## Ljósleiðari skemmdur

**SKEMMDARVERK** Skemmdarverk sem unnin voru um helgina ollu talsverðum óþægindum á Seltjarnarnesi. Valhúsaskóli varð þannig símasambandslaus um tíma en seinna opnaðist fyrir eina símalínu.

Heilsugæslustöðin varð einnig fyrir óþægindum vegna símasambandsleysis. Talið er að eldur í brunni, sem var að öllum líkindum skemmdarverk, hafi valdið skemmdum á ljósleiðarakerfi. Málið er í rannsókn.

**- mh**




Umdeilt samræmt próf í íslensku:

# Óánægja með pólitískt ritgerðarefni

**SAMRÆMT PRÓF** „Ég undrast þetta ritgerðarefni og það kom töluvert á óvart,“ sagði Hrönn Bjarnadóttir, ritari í samtökum móðurmálskennara, þegar Fréttablaðið ræddi við hana um ritgerðarefni á samræmdu prófi í íslensku.

Hrönn sagði efnið, sem sneri að því hvað nemendum fyndist um styttingu námstíma til stúdentsprófs, pólitískt mál sem krakkarnir væru mörg hver ekki búin að velta mikið fyrir sér. Margrét Matthíasdóttir, íslenskukennari í Hagaskóla, tók í sama streng og taldi efnið of þungt og viðamikið. Vitnaði hún þar til þess að verkefnið hefði verið notað á prófum í Menntaskólanum í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands, og þar með vali um aðra möguleika sem ekki hefðu verið í þessu tilfelli. Sérstaklega taldi hún efnið ósanngjarnt gagnvart nemendum sem ekki hefðu leitt hugann að þessu efni, sem væri talsverður hluti. Verkfallið í vetur hefði svo einnig haft töluverð áhrif á kennslu í ritun og ritgerðasmíð þar sem slík kennsla væri tímafrek og byggði á mikilli þjálfun. Þannig hefði verkfallið bitnað jafnvel meira á þessum hluta íslenskunámsins en öðrum.

**- mh**



**TÍUNDU BEKKINGAR Í PRÓFI** Íslenskukennari í Hagaskóla telur ritgerðarefnið hafa verið ósanngjarnt.

# Maítilboð

## MAXELL DVD-R

25 stk. DVD-R diskar fyrir gagnaafritun
4,7 Gb - 120 mín. - 8 hraða

**Verð áður: 4.450 kr.**
**Tilboðsverð: 3.990 kr.**

3.990,-



## BRÉFABINDI, FALKEN

Kjölur 8 sm. Litir: Svartur, blár, rauður, grænn

**Verð áður: 298 kr.**
**Tilboðsverð: 119 kr.**

119,-



279,-



## LJÓSRITUNARPAPPÍR, A4

500 blöð í pakka.
Gæðapappír sem hentar fyrir ljósritunarvélar, laserprentara og bleksprautuprentara.

**Verð áður: 549 kr.**
**Tilboðsverð: 279 kr.**

7.650,-



## CITIZEN THERMAL 520DP

Borðreiknivél með háhraða hitaprentun.
Ótrúlega hljóðlát.

**Verð áður: 10.900 kr.**
**Tilboðsverð: 7.650 kr.**

## DATALINE BLEK- OG DUFTHYLKI

- mun hagkvæmari kostur.

20-50% **lægra verð!**

Verðdæmi:

**HP 45**
**Blekhylki „original“ 3.290 kr.**
**Blekhylki Dataline 1.990 kr.**

**EPSON SO20189**
**Blekhylki „original“ 3.490 kr.**
**Blekhylki Dataline 1.690 kr.**





*Tilboðin gilda til og með 31. maí eða meðan birgðir endast.*

## ÁHERSLUPENNAR, SCHNEIDER

Litir: Gulur, bleikur, grænn, blár, rauður, appelsínugulur.

**Verð áður: 85 kr.**
**Tilboðsverð: 24 kr.**

24,-



## HÚSGAGNAÚTSALAN Í FULLUM GANGI

Útsalan stendur til föstudags í Hallarmúla 4.
30-80% afsláttur! Opið virka daga frá 8-18.

Dæmi:
**Skrifborðsstóll á útsöluverði aðeins 9.900 kr. á meðan birgðir endast.**

**Verð áður 14.900 kr.**



9.900,-

## VÖRULISTI PENNANS

*Nýi vörulistinn gefur glögga mynd af vöruvali Pennans. Nældu þér í eintak í næstu verslun eða hafðu samband og við sendum þér hann um hæl.*

OPINBERA.IS

Penninn

**Fyrirtækjaþjónusta, Norðurland**
**Sími 461 5056** • akureyri@penninn.is
Fax 461 5051

**Verslanir Reykjavík:** Penninn Hallarmúla, sími 540 2000 • **Aðrar verslanir á höfuðborgarsvæðinu:** Austurstræti, Kringlunni, Smáralind, Mjódd og Hafnarfirði • **Verslanir á landsbyggðinni:** Penninn, Hafnarstræti 91-93, sími 461 5050, **Akureyri** • Penninn TRS, **Selfossi** • Penninn, **Keflavík** • Penninn, **Akranesi** • Penninn, **Vestmannaeyjum** • Penninn, **Ísafirði**

**Fyrirtækjaþjónusta, höfuðborgarsvæði**
**Sími 540 2050** • pontun@penninn.is
Fax 540 2021

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 09.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,45 | 64,75 |
| Sterlingspund | GBP | 121,39 | 121,99 |
| Evra | EUR | 82,69 | 83,15 |
| Dönsk króna | DKK | 11,11 | 11,18 |
| Norsk króna | NOK | 10,18 | 10,24 |
| Sænsk króna | SEK | 9,01 | 9,06 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 97,15 | 97,73 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**114,42 -0,02%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samkomulag á alþingi um afgreiðslu mála:

# Frumvarpi um RÚV frestað

**ALÞINGI** Samkomulag um afgreiðslu frumvarpa og þinglok tókst í gær milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu á Alþingi. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, segir að menn hafi sammælst um að ljúka þinghaldinu á morgun, miðvikudag. „Í grófum dráttum er gert ráð fyrir að afgreiða þau mál sem fyrir liggja ef frá er talið að frestað verður afgreiðslu frumvarps til nýrra útvarpslaga, frumvarps til nýrra vatnalaga og frumvarps um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.“ Umræðu um samkeppnislög lauk í gær og jafnframt var ráðgert að ljúka umræðum um vegaáætlun í gærkvöldi. Halldór kveðst gera ráð fyrir að frumvarp til samkeppnislaga yrði afgreitt sem lög fyrir þinglok.

Þrátt fyrir samkomulag um að fresta afgreiðslu frumvarpsins um Ríkisútvarpið var ráðgert að afgreiða það frá menntamálanefnd í gærkvöldi.

Í dag er þingfundur og fyrirspurnartími á dagskrá Alþingis. Í kvöld verða eldhúsdagsumræður en þeim er útvarpað og sjónvarpað á vegum Ríkisútvarpsins. **- jh**



**ÞINGI LÝKUR Á MORGUN** Samkomulag hefur náðst um að fresta afgreiðslu frumvarps til nýrra útvarpslaga, vatnalaga og frumvarps um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umboðsmaður Alþingis:

# Annalísa er fullgilt nafn

**MANNANÖFN** Úrskurður mannanafnanefndar þar sem hafnað var beiðni um nafnið Annalísa er ekki í samræmi við lög, að áliti Umboðsmanns Alþingis. Hann beinir þeim tilmælum til nefndarinnar að taka málið fyrir að nýju, komi fram ósk þess efnis, og leysa úr því í samræmi við sjónarmið álitsins.

Faðir kvartaði til umboðsmanns yfir úrskurði mannanafnanefndar, sem hafði hafnað beiðni hans og eiginkonu hans um að fá að skíra dóttur sína eiginnafninu Annalísa. **- jss**

Flugfreyjur:

# Semja við Iceland Express

**KJARASAMNINGAR** Flugfreyjufélag Íslands hefur skrifað undir kjarasamning við Iceland Express og hafa flugfreyjur þar með skrifað undir kjarasamninga við öll flugfélögin.

Samningurinn er í grunninn á sömu nótum og samkomulag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins en flugtími eykst án þess að laun skerðist.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður Flugfreyjufélagsins, segir að með þessum samningi sé Iceland Express að lýsa því yfir að það vilji samstarf við Flugfreyjufélagið.

Kjarasamningurinn gildir til ársloka 2007. **- ghs**

Átökin í Írak:

# Áhlaup á skæruliða

**ÍRAK, AP** Bandarískar hersveitir, með stuðningi orrustuþotna og -þyrla, gerðu í gær áhlaup á meintar bækistöðvar uppreisnarmanna á afskekktu eyðimerkursvæði í Vestur-Írak, nálægt landamærunum að Sýrlandi.

Um 75 skæruliðar voru felldir á fyrsta sólarhringi aðgerðanna, að því er talsmaður bandaríska herliðsins í Írak greindi frá.

Í annars fáorðri tilkynningu hersins um aðgerðina segir að á meðal hinna felldu séu nokkrir erlendir vígamenn.

Aðgerðin er ein sú stærsta sem bandaríska herliðið í Írak hefur ráðist í síðan það tók borgina Fallujah í nóvember síðastliðnum. ■



**ATVINNUBIFREIÐARSTJÓRAR MÓTMÆLA** Þungaskatturinn var hagkvæmur fyrir þá sem aka 70 þúsund kílómetra á ári. Fjármálaráðherra vill skoða nýju gjaldtökuna betur næsta haust.

# Flautað á olíugjaldið

**Atvinnubifreiðarstjórar mótmæla fyrirhuguðu gjaldi á dísilolíu og telja kostnaðaraukann gríðarlegan meðal bílstjóra sem aka tugi þúsunda kílómeta ár hvert. Olíugjaldið er réttlátara en þungaskatturinn, segir fjármálaráðherra.**

**DÍSILOLÍA** Atvinnubifreiðarstjórar fjölmenntu fyrir utan Alþingishúsið í gær, þeyttu bílflautur sínar og mótmæltu þannig fyrirhugaðri hækkun olíugjalds. Þeir telja að með olíugjaldinu hækki álögur á atvinnubílstjóra verulega, sérstaklega þá sem aki tugi þúsunda kílómetra ár hvert. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur tekið undir þau sjónarmið að dísilolían eigi að vera ódýrari en bensín og fagnaði fyrirhugaðri hækkun olíugjaldsins, sem stjórnvöld samþykktu um helgina.

„Ég tel eðlilegt að menn láti í sér heyra ef þeir eru óánægðir og vilja gæta sinna hagsmuna. Hins vegar hefur verið komið til móts við þessa hagsmuni með fimm krónu lækkun olíugjalds á lítrann. Ég tel ólíklegt að bílstjórarnir hafi vitað af lækkuninni þegar þeir skipulögðu mótmæli sín því hún var ekki ákveðin fyrr en á laugardag. Við ætlum að fara í það í haust að skoða þetta mál í heild sinni og athuga hvort þessu fylgi einhverjir barnasjúkdómar. Kannski tekur það nokkra mánuði að koma á jafnvægi. Huga þarf að því hvernig bensíngjaldið, olíugjaldið og svo kílómetragjaldið á stærri bíla stillist af innbyrðis. Við höfum þó stigið það skref að lækka olíugjaldið um fimm krónur, sem ég tel myndarlega lækkun á útsöluverði.“

Atvinnubílstjórar sem aka til dæmis 70 þúsund kílómetra á dísilknúnum bílum ár hvert telja að kerfisbreytingin komi niður á þeim af miklum þunga.

Geir Haarde bendir á að að þungaskatturinn hafi verið óréttlátur. „Það er alveg ljóst að þetta kemur misjafnlega niður á menn. Þungaskatturinn er óréttlátur vegna þess að þeir sem kjósa að greiða hann fremur en kílómetragjald aka án gjaldtöku eftir að þeir eru komnir upp fyrir ákveðinn kílómetrafjölda. Þetta verður leiðrétt með kerfisbreytingunni,“ segir Geir.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda tekur undir þetta og segir að þungaskatturinn sé í rauninni sú leiga sem eigendur dísilbíla hafi greitt fyrir afnot af vegakerfinu og á stórum jeppa dugi hún upp að 17 til 20 þúsund eknum kílómetrum á ári. Allt umfram það sé í raun án veggjalds.

**johannh@frettabladid.is**

Átökin í Írak:

# Japana rænt

**ÍRAK, AP** Íraskir uppreisnarmenn fullyrtu í yfirlýsingu sem birt var á netinu að þeir hefðu tekið japanskan starfsmann öryggisverktakafyrirtækis í gíslingu í gær. Uppreisnarmennirnir veittu bílalest sem skipuð var útlendingum og íröskum hermönnum fyrirsát í Vestur-Írak og handsömuðu þar Japanann, að því er fullyrt var í yfirlýsingunni.

Japanski utanríkisráðherrann, Nobutaka Machimura, sagði að ríkisstjórnin væri að rannsaka fullyrðingar um mannránið. „Svo virðist sem maðurinn sé í vinnu hjá erlendu öryggisfyrirtæki og hafi verið tekinn höndum í skotbardaga og særst í honum,“ sagði Machimura í sjónvarpsviðtali.

Uppreisnarmennirnir, sem kalla sig Ansar al-Sunnah-herinn, birtu myndir af skilríkjum Japanans Akihito Saito, sem þeir sögðu að væri alvarlega særður í höndum þeirra. ■

Gaza-svæðið:

# Brottflutningi seinkað

**ÍSRAEL, AP** Brottflutningur íbúa 21 landtökubyggðar gyðinga á Gaza-svæðinu mun hefjast um miðjan ágúst, mánuði síðar en áður var áformað, að því er Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti í gær.

Sem ástæðu fyrir seinkuninni vísaði Sharon til þess að leyfa ætti fólkinu að ljúka trúarhátíð sem stendur til 14. ágúst.

Seinkun brottflutningsins vakti upp nýjar efasemdir um að ríkisstjórn Sharons væri alvara með að hrinda áformunum í framkvæmd. Hægrimenn í Ísrael vilja að hætt verði við brottflutninginn en að mati samningamanna Palestínumanna er hann nauðsynleg forsenda frekari viðræðna. ■




## VEÐRIÐ Í DAG

**AUSTURLAND LOFAR GÓÐU** Það hvílir skúraloft yfir landinu en þó gæti rofað vel til allra austast. Sé fyrir mér Héraðsbúa með ís, nú eða í sundlauginni að njóta þeirrar gulu. **HVERNIG ER MEÐ HITANN?** Í besta falli skaplegur en einna mildast, heilar 10 gráður eða svo, allra austast á landinu. **NEMENDUR Á KAFI Í PRÓFUM?** Reyndir menn tala um að í vorprófunum hafi ávallt verið blíða og sól sem reynt hafi á þolrifin við próftöku í heitum skólastofunum! Annað en nú!!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæg breytileg átt og úrkomulítið.

### Fimmtudagur




Hæg breytileg átt og víða bjartviðri.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C skýjað-skúr | París | 15°C hálfskýjað | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 12°C skýjað | Berlín | 11°C skýjað | Milano | 17°C skýjað-skúr |
| Stokkhólmur | 12°C hálfskýjað | Amsterdam | 10°C hálfskýjað | New York | 21°C léttskýjað |
| Helsinki | 13°C hálfskýjað | Madrid | 22°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 15°C hálfskýjað | Barcelona | 21°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 30°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# MEIRI

## HRAÐI OG NIÐURHAL

## SAMA VERÐ.

SVONA GERUM VIÐ ÞAÐ HJÁ HIVE.

**Hive** Lite

Þráðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

**3.990**
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

Enn og aftur setur Hive ný viðmið með því að tvöfalda hraða og erlent niðurhal í Hive Lite án þess að hækka verðið.

Nú eru allar þjónustuleiðir Hive tilbúnar fyrir sjónvarp í gegnum ADSL. Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á hive.is eða í verslun okkar að Grensásvegi 16.

Hive.is  Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## KJÖRKASSINN

*Lagðist þú í ljósabekk í vetur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 18,3% |
| Nei | 81,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að gerast áskrifandi að enska boltanum á nýrri sjónvarpsstöð?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Meiriháttar leki geislavirkra efna:

# Öllu lokað í Sellafield

**UMHVERFISMÁL** Kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield hefur verið lokað tímabundið, eftir að upp komst um stórfelldan leka á geislavirku kjarnorkueldsneyti um bilaða leiðslu í stálklefa. Klefinn sjálfur er svo geislavirkur að ekki er hægt að senda viðgerðarmenn þangað inn og því þarf líklega að nota vélmenni til að gera við lekann. Frá þessu segir í breska dagblaðinu Guardian. Alls láku um 200 kíló af plútoni en það magn dugar í að minnsta kosti 20 kjarnorkusprengjur. Lekinn er þó staðbundinn og líklega tekst að koma í veg fyrir alvarlegt umhverfisslys.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segist hafa þó nokkrar áhyggjur af þróun mála við endurvinnslustöðina. Nú síðast í febrúar hafi komið í ljós við eins konar vörutalningu að bókhaldi og birgðum hafi ekki borið saman og þessar nýju fregnir sýni að víðar sé pottur brotinn. Umhverfisráðuneytið hefur farið fram á frekari upplýsingar frá breskum stjórnvöldum um stöðu mála. **- oá**



**KJARNORKUENDURVINNSLUSTÖÐIN Í SELLAFIELD** Upp komst um meiriháttar leka geislavirks eldsneytis í Sellafield.

Japan:

# Ósætti um Kúríleyjar

**MOSKVA, AP** Leiðtogar Japans og Rússlands komust í gær engu nær samkomulagi í deilu ríkjanna um yfirráð yfir eyjum norður af Japan sem Sovéthernin hernam í lok síðari heimsstyrjaldar.

Eyjarnar umdeildu höfðu tilheyrt Japan um aldir en þær voru innlimaðar í Sovétríkin eftir stríðið og Rússar ráða yfir þeim enn í dag. Deilan hefur valdið því að enn hefur enginn endanlegur friðarsamningur verið undirritaður milli Rússlands og Japans, þótt stjórnvöld í Moskvu og Tókýó hafi verið í stjórnmálasambandi síðan árið 1956. ■

Ráðning á Höfða:

# Óska eftir rökstuðningi

**AKRANES** Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari á Akranesi, hefur óskað eftir skriflegum rökstuðningi vegna ráðningar Guðjóns Guðmundssonar, fyrrverandi alþingismanns, í starf framkvæmdastjóra Dvalarheimilisins Höfða. Samkvæmt stjórnsýslulögum ber að svara fyrirspurninni innan þriggja vikna.



**JÓN PÁLMI PÁLSSON** Bæjarritari á Akranesi hefur óskað eftir skriflegum rökstuðningi við ákvörðun stjórnar Dvalarheimilisins Höfða um ráðningu í starf framkvæmdastjóra þess.

Fjórir aðrir umsækjendur, sem voru kallaðir í viðtal vegna starfsins, eru að hugsa sinn gang og taka ákvörðun í dag eða næstu daga um hvort þeir óska eftir rökstuðningi eða kæra hugsanlega ráðninguna með tilvísun til jafnréttislaga. Umsækjendurnir hafa nokkrar vikur til að taka ákvörðun. **- ghs**

Opinská kynlífsumræða:

# Fullnægingardegi fagnað

**BRASILÍA, AP** Kynlíf er sjaldan rætt opinskátt í hinum kaþólsk-íhaldssama norðausturhluta Brasilíu en nú hefur bæjarstjórn bæjarins Esperantina lýst 9. maí opinberan Fullnægingardag.

Að sögn bæjarstjórans er markmiðið að bæta sambúð hjóna í bænum. Meðal viðburða á Fullnægingardaginn er málþing um kynlíf með þátttöku kynlífsfræðinga og sýning á leikritinu Píkusögum. Óformlega hafði dagurinn verið, síðustu ár, verið haldinn hátíðlegur. ■

# Mikil andstaða við Héðinsfjarðargöng

**Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem afstöðu taka í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er mótfallinn fyrirhuguðum Héðinsfjarðargöngum. Andstaðan er mest hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins.**

**SAMGÖNGUR** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er mikill meirihluti á móti því að ráðist verði í gerð Héðinsfjarðarganga, eins og samgönguáætlun Sturla Böðvarssonar gerir ráð fyrir. Eru alls tæp 70 prósent þeirra sem afstöðu tóku á móti framkvæmdinni en aðeins rétt rúm 30 prósent fylgjandi.

Andstaðan við Héðinsfjarðargöng er mest áberandi meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu en þar eru 78,4 prósent alfarið á móti göngunum en tæplega 22 prósent þeim fylgjandi. Göngin hljóta heldur ekki náð fyrir augum landsbyggðarfólks. Tæp 57 prósent þeirra telja að ekki eigi að ráðast í gangagerð um Héðinsfjörð en 43 prósent eru þeim fylgjandi.

Tiltölulega lítill munur reyndist vera milli kynja. Þannig reyndust 26,5 prósent karla og 34,8 prósent kvenna hlynnt fyrirhuguðum framkvæmdum. Meiri andstaða mælist þó meðal karlmanna, eða 73,5 prósent, en 65,2 prósent hjá konum.




**ERTU SAMMÁLA AÐ GERÐ VERÐI JARÐGÖNG UM HÉÐINSFJÖRÐ?**



**FYRIRHUGUÐ HÉÐINSFJARÐARGÖNG** Útboð fara fram á hausti komanda og framkvæmdir ættu að geta hafist að einhverju leyti á næsta ári en það er verktakans að ákveða slíkt endanlega.

Fjölmörgum aðilum á suðvesturhorni landsins hefur blöskrað hversu lítið fé er ætlað til samgöngubóta á því svæði en þangað fara aðeins um 20 prósent þess fjár sem nota á til nýframkvæmda í vegamálum. Hefur Gunnar I. Birgisson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, lagt fram breytingartillögur á frumvarpinu sem fela meðal annars í sér að Héðinsfjarðargöng verði slegin af og meira fé veitt til verkefna á suðvesturhorni landsins.

Könnunin var gerð símleiðis á sunnudaginn og var úrtakið 800 manns sem skiptust jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Var spurt hvort viðkomandi væri sammála því að gerð verði jarðgöng um Héðinsfjörð. Af aðspurðum kusu 29 ekki að svara og aðrir 137 voru óákveðnir og því 634 sem afstöðu tóku eða 79,3 prósent.

**albert@frettabladid.is**

## Viðbrögð þingmanna

**ÓSANNGJARN MÁLFLUTNINGUR** „Þessar niðurstöður koma ekki á óvart í ljósi einhliða og ósanngjarns málflutnings ákveðinna þingmanna og þeirrar miklu athygli sem sá málflutningur hefur fengið,“ segir Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins.



**BÚIÐ AÐ LOFA ÞESSUM GÖNGUM** „Þetta kemur ekki á óvart því það hefur verið mikill andróður gegn þessum göngum,“ segir Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum. „Ekki má gleyma því að það er búið að lofa Siglfirðingum þessum göngum, ekki bara einu sinni heldur oftar og þetta snýst að mörgu leyti um heilindi stjórnmálamanna.“



**FRAMGANGA GUNNARS ARFAVITLAUS** „Ég tel að framganga Gunnars Birgissonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, í þessu máli hafi verið arfavitlaus og auki þessar deilur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar,“ segir Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar. Ég hef alltaf tekið undir það að auka þurfi til samgöngumála og mótmælt því að krukkað sé í þetta. Það verður ekki gert með því að taka vegafé af landsbyggðinni.“








Norsk-íslenski síldarstofninn:

# Íslensk skip komin í Síldarsmuguna

**SÍLDVEIÐAR** Þrjú íslensk skip voru í gær að veiðum í Síldarsmugunni, um 240 mílur norðaustur af landinu, en það eru fyrstu íslensku skipin sem halda til veiða á norsk-íslensku síldinni í ár. Vilhelm Þorsteinsson EA og Hákon EA hafa verið að veiðum undanfarna daga og fengið nokkur hundruð tonn af norsk-íslenskri demantssíld en Baldvin Þorsteinsson EA kom á miðin í gær. Skipin eru með flottroll og er aflinn frystur um borð. „Veiðin fer rólega af stað en skipin eru rétt að byrja að athafna sig og því engin reynsla komin á veiðarnar ennþá. Ég hef heyrt af erlendum skipum austar í Síldarsmugunni en skilst að þau séu að fá smærri síld,“ segir Hilmir Svavarsson, aðstoðarmaður forstjóra Samherja.

Samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðherra verður kvóti íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum 158 þúsund tonn í ár. Er það 14 prósentum meiri afli en Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til að Íslendingar fengju en aukningin er tilkomin þar sem Norðmenn ákváðu einhliða að auka aflaheimild sína úr stofninum um 14 prósent. **- kk**

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**VILHELM ÞORSTEINSSON EA** „Okkar skip héldu í Síldarsmuguna 18. maí í fyrra og því erum við heldur fyrr á ferðinni í ár,“ segir Hilmir Svavarsson, aðstoðarmaður forstjóra Samherja.



99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
The Great Texas Margherita pizza 300g
99 kr/pk.
Jarðaber 250g
99 kr/pk.
Hatting hafra smábrauð
99 kr/stk.
Hvítlaukskryddsmjör
99 kr/stk.
Knorr pastasósur 2 tegundir
99 kr/stk.
Nando´s sósur
99 kr/pk.
Brauðskinka 150g
99 kr/pk.
Svínabuff 3 stk.
99 kr/pk.
Maizena muffin mix
99 kr/pk.
M&M brúnn 250g
99 kr/stk.
Bahlsen kex
99 kr/stk.
Hagkaupsís súkkulaði/vanillu
Tilboðin gilda 10. maí eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er varaformaður norsku samtakanna Nei til EU?*

2 *Hvað heitir nýjasta Star Wars-myndin?*

3 *Hvaða ættfræðingur ætlar að fara að vinna með Kára Stefánssyni?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Dönsk neytendakönnun um barnakerrur:

# Lífshættulegar kerrur á markaði

**NEYTENDUR** Tvær tegundir barnakerra sem til sölu eru í verslunum hérlendis geta verið lífshættulegar, samkvæmt mati dönsku neytendastofnunarinnar.

Kemur þetta fram í gæðakönnun stofnunarinnar á tíu tegundum barnakerra sem seldar eru þar í landi. Af þeim eru fjórar tegundir seldar hér en aðeins tvær þeirra fá alvarlegar athugasemdir. Um er að ræða tegundirnar Basson 207 og Brio Tridem. Skermur Bassonkerrunnar þykir ekki nægilega fastur og á Brio-kerrunni er snúra sem er lengri en lög leyfa og getur valdið köfnun vefji barn henni um hálsinn.

Athygli vekur að allar tíu kerrurnar sem teknar voru til athugunar fengu falleinkunn fyrir þægindi og fékk engin þeirra hærra en þrjá í einkunn af fimm mögulegum fyrir þann þátt í könnun Dananna.

- aöe



**VANDA SKAL VALIÐ** Barnakerrur geta verið lífshættulegar, samkvæmt nýrri gæðakönnun. Brio Tridem er ein þeirra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**OF MIKILL UMFERÐARHRAÐI** Fimmtán voru teknir fyrir of hraðan akstur í grennd við Hvolsvöll nú um helgina. Allir reyndust þeir á töluvert meiri hraða en lög gera ráð fyrir. Lögreglan á Blönduósi stöðvaði einnig 30 þungstiga bílstjóra í sínu umdæmi sínu.

## REYKJAVÍK

**RAFMAGN FÓR AF** Rafmagnslaust varð á Bíldshöfða, Eirhöfða, Sævarhöfða og niður í Bryggjuhverfi í þrjá stundarfjórðunga í gærmorgun. Það tók þrjú korter að finna rafmagnsbilunina. Hún reyndist svo vera á streng í Bíldshöfða. Eftir að bilunin fannst komst rafmagnið fljótlega á aftur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÞJÓFNUÐUM FÆKKAR** Innbrotum, þjófnuðum og umferðarslysum hefur fækkað í umdæmi Hafnarfjarðarlögreglunnar fyrstu fjóra mánuði ársins. Á sama tíma hefur eignaspjöllum og umferðaróhöppum fjölgað nokkuð. Einnig hefur fíkniefnamálum fjölgað í samræmi við áherslu lögreglu í þeim málaflokki, að því er segir á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.



# Húsnæði og hlutabréf

## – Er eignaverðbólga á Íslandi?

Til að fjalla um hátt eignaverð á Íslandi býður Landsbankinn til morgunverðarfundar fimmtudaginn 12. maí kl. 8:00 – 9:30 á Hótel Sögu, Sunnusal.

**Dagskrá:**

- **Ísland best í heimi!**
  Ívar Guðjónsson, forstöðumaður eigin fjárfestinga Landsbankans, fjallar um hvort innstæða sé fyrir miklum hækkunum hlutabréfaverðs undanfarin ár.
- **Húsnæðisverð í himinhæðum**
  Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, fjallar um hvort verðhækkanir á fasteignamarkaði fái staðist og hver sé líkleg framvinda á næstu misserum.
- **Pallborð:**
  Birgir Ísleifur Gunnarsson, seðlabankastjóri
  Brynjólfur Jónsson, fasteignasali
  Ragnar Önundarson, framkvæmdastjóri Kreditkorts hf.
  Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðsumræðnanna er Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs Landsbankans.

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 7:45, en fundurinn hefst kl. 8:00. Vinsamlega tilkynnið þátttöku á vef Landsbankans, www.landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 28312 05/2005



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS** Sakborningar í eiturlyfjasmyglmáli huldu andlit sín í Héraðsdómi Reykjaness í gær þar sem fram fór aðalmeðferð í málinu. Á myndina vantar Marokkómann sem þekkir eiturlyfjasala í Rotterdam og íslenska konu hans.

# Kókaínkaupin undu upp á sig

**Sjö sæta ákæru fyrir innflutning á kókaíni og e-töflum í ársbyrjun í fyrra. Blómasali í Keflavík og fjölskyldumeðlimir hans tengjast málinu.**

**DÓMSMÁL** Hugmynd um innflutning á 100 grömmum af kókaíni frá Rotterdam fór úr böndunum hjá blómasala í Keflavík og félögum hans þegar tekið var að hrinda henni í framkvæmd. Þeir sem fjármögnuðu kaupin vildu nota tækifærið og kaupa inn e-töflur. Aðalmeðferð í málinu fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í gær, en alls eru sjö ákærðir fyrir innfluting eða hlutdeild í glæpnum. Söluandvirði efnanna er talið geta numið yfir þremur milljónum króna.

Í ársbyrjun 2004 kom upp sú hugmynd hjá blómasalanum og ungum manni, hálfþrítugum kærasta dóttur konu blómasalans, að smygla til landsins 100 grömmum af kókaíni. Ung frænka blómasalans var með marokkóskum manni sem til þekkti í Rotterdam og átti að nýta samböndin. „Hann sagðist vera með pottþétta leið,“ sagði ungi maðurinn fyrir dómi, en báðir voru að eigin sögn í miklu rugli. Blómasalinn útvegaði læknadóp og sá ungi var í hasssölu til að fjármagna eigin neyslu. „Mér leið illa yfir skuldum og vildi losna við þær, þetta var skyndilausn,“ sagði sá ungi.

Ungi maðurinn leitaði til kunningja síns, sem ákærður er ásamt fimmta manni, um fjármagn til kaupanna. Sá vildi hlutdeild í innkaupunum, lánaði unga manninum tæpar 400 þúsund krónur og lagði sjálfur til ámóta upphæð til e-töflukaupa. Blómasalinn átti ekki að fá annað en um 30 grömm af kókaíni, helminginn til eigin neyslu en restina ætlaði hann að selja. Pottþétta leiðin til innflutningsins var svo að senda efnin í pósti á blómabúðina. Blómasalinn og ungi maðurinn báru báðir að greiða hafi átt Marokkómanninum eina milljón fyrir aðstoð og milligöngu um kaup ytra.

Ungi maðurinn lýsti því hvernig hann ásamt Marokkómanninum og liðlega tvítugri kærustu hans flugu til Hollands og dvöldu í fjóra daga í Rotterdam hjá vinkonu hennar. „Við hittum þessa sölumenn á hverjum degi, þeir voru einhverjir kunningjar, en ég veit ekkert hvað þeim fór á milli, skil ekki svona hrognamál,“ sagði hann og vísaði til þess að sölumennirnir og Marokkómaðurinn ræddust við á arabísku. Kaupin fóru fram heima hjá vini Marokkómannsins og svo var efnunum komið fyrir í útboruðum kertum sem svo voru send í pósti til Íslands. Sú leið virðist hafa verið ákveðin á síðustu stundu, eftir símtal við blómasalann.

Þegar heim var komið tóku við angistarfullar vikur í bið eftir pakkanum að sögn ákærðu. Blómasalinn þorði svo ekki að sækja pakkann sjálfur, en sendi dóttur konunnar, kærustu unga mannsins, í staðinn. Ungi maðurinn tók pakkann og opnaði svo hjá vinunum sem fjármögnuðu kaupin. Þá kom í ljós að átt hafði verið við sendinguna. „Ég vissi strax hvað var þá að gerast og fór niður í blómabúð og sá að verið var að handtaka alla,“ sagði ungi maðurinn, sem við svo búið lét vinina sem fjármögnuðu vita. „Svo fór ég bara á rúntinn og beið eftir að vera tekinn,“ bætti hann við, en lögregla hafði fylgst með blómasalanum í nokkurn tíma og meðal annars hlerað síma hans. Frænkan, kona Marokkómannsins, er ákærð fyrir að hafa tekið við eiturlyfjagróða frá honum og kærasta unga mannsins, dóttir konu blómasalans, fyrir að hafa sótt dópið á pósthúsið.

olikr@frettabladid.is

Hver ákærði reyndi að gera sem minnst úr sínum hluta í innflutningi kókaínsins og e-taflnanna sem fjallað var um í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Blómasali kvaðst bara hafa átt hugmynd að kókaínkaupum. Ungi maðurinn, kærasti dóttur konu blómasalans, kvaðst í raun hafa verið leiksoppur hans og hálfgert burðardýr. Marokkómaðurinn sem þekkti eiturlyfjasala í hjáverkum sagðist í raun bara hafa komið á tengslum kaupanda og seljanda. „Ég var bara í fríi í útlöndum með konunni minni,“ sagði hann og kvað greiðslu upp á rúmar 165 þúsund krónur frá eiturlyfjasalanum bara hafa verið lán frá vini. Peningana fékk hann í evruseðlum sama dag og kaupin áttu sér stað. Hann harðneitaði því líka að hafa átt að fá greidda milljón króna frá Íslendingunum fyrir aðstoðina.

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**
JVC • KONICA MINOLTA • OLYMPUS

**25%**
FERÐATÆKI MEÐ CD
VERÐ ÁÐUR kr. 3.990
TILBOÐ kr. 2.990
AFSLÁTTUR kr. 1.000
UNITED

**43%**
HEIMABÍÓMAGNARI
VERÐ ÁÐUR kr. 69.990
TILBOÐ kr. 39.990
AFSLÁTTUR kr. 30.000
JVC

**23%**
STEREÓ VIDEO
VERÐ ÁÐUR kr. 12.990
TILBOÐ kr. 9.990
AFSLÁTTUR kr. 3.000
Dantax

**18%**
20“ SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 16.990
TILBOÐ kr. 13.990
AFSLÁTTUR kr. 3.000
UNITED

**22%**
DVD SPILARI
VERÐ ÁÐUR kr. 8.990
TILBOÐ kr. 6.990
AFSLÁTTUR kr. 2.000
UNITED

**11%**
32“ BREIÐTJALDSSJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 89.990
TILBOÐ kr. 79.990
AFSLÁTTUR kr. 10.000
GRUNDIG

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI — Dantax • JBL • Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

FLÖT SJÓNVÖRP FLOTTUR AFSLÁTTUR ALLT AÐ KR. 100.000 — PHILIPS • JVC • UNITED

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS



**DE GAULLE Í MOSKVU** Ný stytta af Charles de Gaulle, hershöfðingja í síðari heimsstyrjöld og síðar forseta Frakklands, var afhjúpuð í Moskvu í gær að viðstöddum Vladimír Pútín Rússlandsforseta og Jacques Chirac Frakklandsforseta. Athöfnin var liður í hátíðarhöldum til að minnast stríðslokanna í Evrópu fyrir 60 árum.

Bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar:

# Reyndi að úthýsa Vallarvinum

**SAMKEPPNISMÁL** Systurfyrirtæki Icelandair, Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf., reyndi með beinskeyttum og sértækum aðgerðum að hrekja keppinauta sína Vallarvini ehf. af markaðnum. Þetta kemur fram í bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar. Bæði fyrirtækin reka þjónustu fyrir flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli en Flugþjónustan er í yfirburðastöðu, að því er fram kemur í ákvörðuninni. Einnig er sagt ámælisvert hversu illa Flugþjónustan hafi sinnt óskum Samkeppnisstofnunar um gögn og upplýsingar.



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Hart er barist um kúnnana í Leifsstöð og Samkeppnisstofnun segir að háttsemi systurfélags Icelandair hafi verið til þess fallin að hrekja samkeppninsaðilana burt.

Ástæðan fyrir kæru Vallarvina er sú að Flugþjónustan gerði þýska flugfélaginu LTU afar lágt verðtilboð en þá var flugfélagið helsti viðskiptavinur Vallarvina.

Samkeppnisstofnun segir að Flugþjónustunni sé óheimilt að gera samninga sem feli í sér einkakaup á þjónustu félagsins og selja þá þjónustu á verði sem standi ekki undir föstum og breytilegum kostnaði við hverja afgreiðslu.

Gunnar Ólsen, framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar, segir að niðurstaðan hafi komið sér á óvart og Samkeppnisstofnun megi eiga von á andsvari fljótlega. **- jse**

Treyja Eiðs Smára:

# Hæsta boð stóðst ekki

**UPPBOÐ** Íslandsbanki keypti á hálfa milljón króna treyju Eiðs Smára Guðjohnsen, nýbakaðs Englandsmeistara með Chelsea. Eiður Smári hafði gefið Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, áritaða treyju til styrktar málefninu.

Hæstbjóðendur á uppboði Neistans sáu sér ekki fært að standa við boð sín og ákváðu aðstandendur uppboðsins að fella þau niður. Leitað var til Íslandsbanka, sem hljóp undir bagga.

Eggert Skúlason hjá Hjartaheill segir þá tvo sem hæst buðu ekki hafa reynst borgunarmenn fyrir boðum sínum. Því gat hún ekki fallið þeim í skaut. „Bankinn bjargar okkur alveg og eignast treyjuna í leiðinni.“ **-fb**

Skaftafellsþjóðgarður:

# Stækkun rædd

**RÁÐSTEFNA** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra fjallaði um áherslu sem lögð hefur verið á náttúruvernd og þjóðgarða og fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um enn frekari stækkun Skaftafellsþjóðgarðs og um þjóðgarð norðan Vatnajökuls í opnunarávarpi sínu á ráðstefnu í Skaftafelli um helgina.

„Náttúruverndarsvæði þjóna margvíslegum tilgangi, en fyrst er að nefna að þau eru ætluð til að vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi,“ sagði hún.

Ráðstefnunni, sem var á vegum umhverfisráðuneytis og Norrænu ráðherranefndarinnar lauk í gær. Fjallað var um þjóðgarða, útivist og heilsu frá ýmsum sjónarhornum. **-fb**

# Mannbjörg þegar Ásdís Ólöf sökk

**Tveimur mönnum bjargað úr björgunarbáti eftir að trilla sökk. Sjálfvirka tilkynningarskyldan sannaði ágæti sitt og björgunarmenn voru komnir að skipbrotsmönnum eftir rúma klukkustund.**

**SJÓSLYS** Tveimur mönnum var bjargað eftir að 5,8 tonna plastbátur frá Siglufirði, Ásdís Ólöf SI-23, sökk um sjö sjómílur vestur af Sauðanesi í fyrrinótt. Mennirnir komust í gúmmíbjörgunarbát og var bjargað um borð í Sigurvin, björgunarbát Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Siglufirði.

Tilkynningarskyldunni barst neyðarkall í gegnum kerfi sjálfvirku tilkynningarskyldunnar klukkan 1.54. Reynt var að ná sambandi við bátinn en án árangurs. Þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar var kölluð út með bráðaútkalli um klukkan 2 og fór þyrlan í loftið klukkan 2.37. Áhöfn Sigurvins var kölluð út á sama tíma og þyrluáhöfnin og hélt Sigurvin frá Siglufirði klukkan 2.15. Einnig var haft samband við báta í námunda við slysstaðinn og lagði línubáturinn Óskar, sem staddur var á Skagafirði, strax áleiðis á staðinn.

Ómar Geirsson, skipstjóri á Sigurvin, segir að veður og skyggni hafi verið þokkalegt. „Við sáum ljós á gúmmíbjörgunarbátnum þegar við nálguðumst staðinn og skömmu síðar sáum við neyðarblys. Klukkan 3.05 komum við að björgunarbátnum og vel gekk að ná mönnunum um borð í Sigurvin. Voru þeir einungis blautir í fæturna en þurrir og ágætlega haldnir að öðru leyti,“ segir Ómar.

Þyrlunni var snúið til baka eftir um tuttugu mínútna flug þegar ljóst var að báðum mönnunum hafði verið bjargað um borð í Sigurvin.

Ómar Geirsson segir að sjálfvirka tilkynningarskyldan hafi virkað fullkomlega. „Mennirnir náðu að ýta á hnapp á senditækinu í stýrishúsinu áður en þeir fóru í björgunarbátinn en um leið og þeir komu í bátinn fór Ásdís Ólöf á kaf. Fyrir vikið vissum við nákvæmlega hvar slysið varð og gátum siglt beint að mönnunum,“ segir Ómar.

Ásdís Ólöf var nánast á kafi þegar björgunarmenn komu að bátnum og segir Ómar að erfiðlega hafi gengið að koma böndum á hann. „Það hafðist þó að lokum og við drógum bátinn marandi í kafi til lands á þriggja mílna hraða og komum með hann og skipbrotsmennina til Siglufjarðar klukkan 8.15 í gærmorgun.“

**kk@frettabladid.is**

**ORSÖK LIGGUR EKKI FYRIR**

Ásdís Ólöf er 5,8 tonna plastbátur í eigu Sor ehf. á Siglufirði og var gerð út til línuveiða. Eigendur eru Sigurður Ólafsson og Ragnar Hauksson en Sigurður var skipstjóri á bátnum þegar hann sökk. „Ég vil koma á framfæri þakklæti til björgunarmanna og annarra sem komu að björguninni en að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um tildrög slyssins fyrr en sjópróf hafa farið fram,“ segir Sigurður.

Ragnar Hauksson segir að í lest bátsins hafi verið tæp þrjú tonn af afla þegar leki kom að bátnum. „Ég veit ekki hvað gerðist en mennirnir eru heilir heilsu og það er fyrir öllu,“ segir Ragnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SK



**SIGURVIN** Björgunarmenn brugðust skjótt við og hélt Sigurvin frá Siglufirði fimmtán mínútum eftir að tilkynning um slysið barst.



**MARANDI Í KAFI** Aðeins stefnið stóð upp úr þegar Sigurvin kom með Ásdísi Ólöfu í togi til Siglufjarðar.



**BÁTNUM LYFT VIÐ BRYGGJU** Tæp þrjú tonn af afla voru í lest Ásdísar Ólafar þegar hún sökk en sjó var dælt úr bátnum við bryggju á Siglufirði og aflanum landað áður en báturinn var hífður á land.


# Þingvallavatn

*Tært, undurfagurt og fisksælt á Hnýttu- & Bíttukvöldi þann **11. maí** nk.*



SVFR heldur Hnýttu- og Bíttu-kvöld miðvikudagskvöldið 11. maí og hefst það kl. 20 í félagsheimili SVFR við Háaleitisbraut.

**Á þessu H & B-kvöldi verða leyndadómar Þingvallavatns kynntir í samvinnu við veiðivöruverslunina Arkó og Nielsen veiðivörur.**

- Þór Nielsen með kynningu á veiðistöðum.
- Gestir fá glæsilegan bækling með fróðleik um vatnið.
- Félagsmenn SVFR og aðrir veiðimenn eru hvattir til að mæta með fluguhnýtingagræjurnar.
- Boðið verður upp á kaffi og kleinur og ávaxtasafa fyrir unga fólkið.

***Allir veiðimenn velkomnir.***

**Fræðslunefnd SVFR**

Nielsen FISHING GEAR SVFR

Frjáls íbúðalán

100% veðsetningarhlutfall

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN www.frjalsi.is

Himinn og haf/SÍA

Læknafélag Íslands:

# Frávísun stendur

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Félagsdóms frá 15. apríl þar sem máli Læknafélags Íslands á hendur íslenska ríkinu var vísað frá dómi. Læknafélagið, sem kærði úrskurðinn 20. apríl, þarf að greiða ríkinu 150 þúsund krónur í kærumálskostnað.

Læknafélagið vildi fá viðurkennt fyrir Félagsdómi að læknar sem starfa við heilsugæslustöðvar og taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar réðu sjálfir hvort þeir fengju greidd föst mánaðarlaun eða samsett laun. **- óká**

Farmanna- og fiskimannasambandið um fyrirgreiðslu vegna skipasmíði:

# Ekki gengið gegn nýjum kjarasamningi

**SJÁVARÚTVEGUR** Árni Bjarnason, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, segir sambandið allt af vilja gert til að greiða fyrir nýsmíði skipa, svo framarlega sem kröfur útgerðarmanna vegna nýsmíða gangi ekki gegn nýgerðum kjarasamningum.

Á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum um helgina kom fram að fyrirtækið hefur hug á að láta smíða tvö ný skip. Forsvarsmenn stöðvarinnar telja hins vegar að breytingar á kjarasamningum séu forsendur smíðanna.

Viðræður hafa farið fram milli Vinnslustöðvarmanna og Farmanna- og fiskimannasambandsins og segir Árni Bjarnason að andinn í viðræðunum hafi verið góður en hins vegar sé því ekki að neita að sumar kröfur útgerðarfélagsins séu algjörlega óviðunandi. Aðallega snúi það að mönnunarmálum og skiptaprósentu en ein krafan hafi falið í sér heimildir til að fjölga í áhöfn án þess að breyta skiptaprósentunni.

„Það kemur ekki til greina að við samþykkjum það, þetta gengur þvert gegn kjarasamningunum sem blekið er varla þornað á,“ segir Árni. **- ssal**



**ÁRNI BJARNASON** Farmanna- og fiskimannasambandið hvetur til nýsmíði skipa en innan grundvallarákvæða kjarasamnings.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STRÍÐSLOKA MINNST Í HOLLANDI** Fyrrum hermaður í síðari heimsstyrjöldinni gengur eftir lestarteinunum sem áður lágu til fangabúðanna Westerbork. Stríðslokanna var minnst með því að leggja rósir á teinana.



**ELDISÞORSKUR Í STÖÐVARFIRÐI** Þorskeldi ehf. seldi um 30 tonn af eldisþorski á Fishgate-fiskmarkaðinn í Hull síðastliðið haust en meira var ekki til af sláturhæfum fiski hjá fyrirtækinu.

Stöðvarfjörður:

# Þorskveiðar með gildrum

**FISKELDI** Þorskeldi ehf. á Stöðvarfirði er að ljúka veiðum á 20 tonnum af lifandi þorski til áframeldis sem fyrirtækið fékk úthlutað frá AVS rannsóknasjóði.

Veiðarnar hafa gengið mjög vel en göngufiskur er veiddur í gildrur sem liggja stutt frá landi. Um 50-60 tonn af þorski eru nú í áframeldi í Stöðvarfirði og er vonast til að næsta haust náist um 80 tonn af sláturhæfum fiski. **-kk**



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Þór Gíslason og Bent Einarsson frá Jarðborunum og Guðmundur Davíðsson og Hrafnkell Elísson frá Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Fljótsdalshérað:

# Ný jarðhitahola

**VEITUFRAMKVÆMDIR** Jarðboranir og Hitaveita Egilsstaða og Fella hafa undirritað samning um borun nýrrar jarðhitaholu á virkjunarsvæði hitaveitunnar við Urriðavatn.

Ráðist er í framkvæmdina vegna fólksfjölgunar á Héraði í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði en á undanförnum mánuðum hefur 400 nýjum íbúðarlóðum verið úthlutað á veitusvæði hitaveitunnar á Héraði.

Nýja holan verður sú tíunda í röðinni á jarðhitasvæðinu við Urriðavatn en fyrsta holan var boruð árið 1963. **- kk**

Þroskahjálp og Landsbanki:

# Stofna styrktarsjóð

**STYRKUR** Þroskahjálp á Suðurnesjum hefur undirritað samkomulag við Landsbankann um stofnun Styrktarsjóðs Þroskahjálpar á Suðurnesjum.

Útibú Landsbankans í Keflavík, sem nýverið gekkst undir gagngera endurnýjun, leggur sjóðnum til alls þrjár milljónir króna sem greiðast út á næstu fjórum árum. Landsbankinn mun varðveita sjóðinn og skipa formann sjóðsstjórnar. **-fb**




24 stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

## Nýtur þess til hins ýtrasta að ráða sér sjálfur

„Allt gott og fallegt að frétta af mér,“ segir Þorgrímur Þráinsson Valsari glaður í bragði þegar hann er spurður að því hvað sé af honum að frétta. Þorgrímur vinnur nú að ritun sögu Sólheima í Grímsnesi. Hann hefur unnið að því verkefni nú í nokkur ár og segir samfélagslegt mikilvægi sögunnar knýja sig áfram til verka. Ritstörfin eiga annars hug hans allan. Þannig ritstýrir Þorgrímur Toyota-blaðinu auk þess að sinna ýmsum smærri ritstörfum. Það er líka greinilega kominn spenningur í Þorgrím vegna komandi knattspyrnusumars, sem hefst eftir viku. „Samtakamátturinn og sigurviljinn sem einkenndi íþróttafélagið Val hér í eina tíð virðist vera að gera vart við sig aftur,“ segir Þorgrímur glaður í bragði. Hann er bjartsýnn fyrir sumarið og spáir Valsmönnum velgengni: „3.-4. sæti í deildinni og úrslit í bikar, og síðan munu Valsmenn eignast nýjan A-landsliðsmann í sumar í hinum sterka Grétari Sigurðssyni, sem er efnilegasti varnarmaður sem ég hef séð á Íslandi í áratug,“ segir Þorgrímur. Hann segist annars afslappaður vera að fylgja draumum sínum eftir, sem hljómar eins og eins konar lífsmarkmið, og virðist njóta þess til hins ýtrasta að ráða sér sjálfur.



SVONA ERUM VIÐ



**Á ÁRUNUM 1994 TIL 2003** slitu að meðaltali 1.084 pör hjúskap á ári.

*Heimild: Hagstofan*

ÁSTKÆRA YLHÝRA

## *Kennileiti – kaffileyti*

Samkvæmt Orðabók Eddu, sem gárungar kölluðu á sínum tíma „Sjitt-orðabókina“, merkir orðið leiti hæð (sem ber við sjónarhring). Kennileiti er þannig hæð sem hægt er að taka mið af til að rata, en hægt er að nota orðið um ýmsa hluti sem minna á staðsetningu. Í ritmáli er leiti oft ruglað saman við leyti með ypsíloni, sem merkir hluti eða tillit og er oft notað um lauslega tímasetningu. Allir kannast jú við kaffileytið og kvöldmatarleytið. Kannski er kominn tími til að setja stút á varirnar og taka aftur upp ypsílonframburð til að skerpa á tilfinningunni fyrir ritháttinum?

**magnus@frettabladid.is**

# Gleðistyrkurinn bar árangur

**Yfirvöld í Akrahreppi verðlaunuðu fólk fyrir að fjölga sér. Það bar góða raun þar til skatturinn fór að taka vænan skerf af þessum gleðistyrk.**

„Það vakti mikla athygli þegar yfirvöld í Akrahreppi ákváðu að verðlauna fólk sem fæddi nýja þegna í hreppinn með peningagjöfum. Agnar Gunnarsson oddviti útskýrir málið: „Já, þetta var svona gleðistyrkur. Við ákváðum að verðlauna hvert barn sem fæddist í hreppnum með því að gefa því hundrað þúsund krónur að gjöf. Svo fór skatturinn að sjá ofsjónum vegna þessara peninga og þá hættum við þessu enda ómögulegt hjá börnunum að byrja ævina á því að verða svona kirfilega skattlögð. Það fjölgaði talsvert í hreppnum meðan gleðistyrkurinn var við lýði en það getur nú kannski átt sér aðrar skýringar, ég veit það ekki.“



**AGNAR GUNNARSSON, ODDVITI AKRAHREPPS** Agnar bendir á að hreppurinn standi í miklum hitaveituframkvæmdum og sé með fimm ára bekk í skólanum svo ekki eru þeir tómt afturhald þó þeir vilji ekki sameinast.

Akrahreppur er eitt af minnstu og fámennustu sveitarfélögum landsins, með 215 íbúa. Þar er hins vegar enginn áhugi hjá mönnum að sameinast nærliggjandi sveitarfélagi. Þess vegna er oddvitinn oft kallaður Fríríkisherrann af nágrönnum sínum á Sauðárkróki.

Agnar segir þá þróun leiðinlega sem nú tröllríði samfélaginu og steypi allt í sama mótið í nafni hagræðingar. „Það er svo mikil áhersla á það að allt eigi að vera svo stórt í sniðum í dag en stærð er nú einu sinni afstæð. Til dæmis er mamma ekki nema rúmur einn og hálfur metri á hæð en í mínum augum hefur hún aldrei verið lítil,“ segir Agnar. „Menn eiga að fá að vera sjálfstæðir og spáir Valsmönnum... hafi þeir til þess vilja og getu og okkur í Akrahreppi tekst það bara mætavel að reka þetta sveitarfélag, við erum alltaf réttu megin við núllið,“ segir hann.

Í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga hefur þeim rökum oft verið beitt að minni sveitarfélögin verði að sameinast því þau geti ekki veitt þá þjónustu sem þeim ber. Agnar hefur svar við þessu: „Nei, lítil sveitarfélög geta ekki gert allt en þau geta samið við aðra um að gera það. Það er nú þannig sem hlutirnir ganga fyrir sig. Ekki sérðu vegamálastjórann sjálfan vera að hamast á gröfunni þó hann standi að vegagerð? Hann semur bara við aðra um að gera vegina.“

Að svo mæltu fær oddvitinn sér í nefið og horfir yfir sveitina sem ól skáldið Bólu-Hjálmar, en lítill gleðistyrkur var af honum.

**jse@frettabladid.is**


MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 18: 02.05. - 08.05.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | visir.is | 190.649 | 620.930 | 5.964.437 |
| 2. | mbl.is | 161.838 | 1.149.588 | 5.600.673 |
| 3. | blog.central.is | 102.848 | 438.579 | 3.291.829 |
| 4. | leit.is | 90.466 | 394.405 | 1.450.620 |
| 5. | hugi.is | 81.138 | 187.605 | 1.303.799 |
| 6. | eve-online.com | 69.417 | 264.268 | 3.621.788 |
| 7. | barnaland.is | 45.810 | 229.042 | 5.380.446 |
| 8. | ruv.is | 39.883 | 105.715 | 436.595 |
| 9. | beygla.is | 21.935 | 32.197 | 122.725 |
| 10. | vikurfrettir.is | 18.003 | 40.972 | 240.615 |
| 11. | visindavefur.hi.is | 15.058 | 18.570 | 66.215 |
| 12. | kvikmynd.is | 14.469 | 24.752 | 448.767 |
| 13. | bt.is | 13.576 | 25.851 | 187.318 |
| 14. | tonlist.is | 12.742 | 20.992 | 202.202 |
| 15. | doktor.is | 11.444 | 20.109 | 206.358 |
| 16. | humor.is | 11.300 | 29.178 | 141.071 |
| 17. | shopusa.is | 10.748 | 19.626 | 53.597 |
| 18. | textavarp.is | 10.031 | 18.103 | 23.622 |
| 19. | femin.is | 9.587 | 24.520 | 297.037 |
| 20. | reykjavik.is | 9.507 | 14.906 | 64.244 |
| 21. | plus.is | 9.250 | 14.232 | 16.067 |
| 22. | althingi.is | 7.692 | 19.937 | 114.999 |
| 23. | rsk.is | 7.513 | 17.544 | 78.380 |
| 24. | icetourist.is | 6.892 | 8.875 | 77.779 |
| 25. | gras.is | 6.657 | 19.762 | 62.963 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS


Jöklarannsóknafélagið í sumarskapi:

# Flikka upp á bústaðina

Skálar Jöklarannsóknafélags Íslands eru félaginu til mikils sóma. Félagið hefur yfirumsjón með tólf skálum sem allir eru, utan einn, á eða við Vatnajökul. Magnús Tumi Guðmundsson, formaður félagsins, segir að nú á 55 ára afmælisári félagsins séu félagsmenn 500 talsins og félagið því í miklum blóma.

Aðalaðstaða félagsins er á Grímsfjalli við Grímsvötn og í Jökulheimum við Tungnaárjökul. Í félaginu eru bæði almennir áhugamenn um jökla og jöklaferðir og síðan rannsakendur og fræðimenn á sviðum tengdum náttúrufari jökla.

Með fórnfúsu starfi félagsmanna tekst þeim að viðhalda góðri aðstöðu uppi á mesta jökli Evrópu. Skálar félagsins njóta í vaxandi mæli vinsælda meðal ferðamanna, hérlendra og erlendra, sem njóta góðs af metnaðarfullu starfi jöklafélagsins.

**- mh**



**SKÁLINN Í JÖKULHEIMUM** Jöklarannsóknarfélagsmenn veiguðu sér ekki við að sparsla, þrífa og mála skálann sinn í Jökulheimum um helgina.



**TRÖLLADEKK** Það þarf sjálfsagt meira en tjakk og felgulykil ef það springur á svona dekki.



**PÍTSA** Þó mörgum þyki pítsa herramannsmatur myndu fæstir leiðast út í mannrán til að fá sneið.

Uppreisn í Ástralíu:

# Flatbökur fyrir fangavörð

Ástralski fangavörðurinn Ken Hannah hugsar yfirmönnum sínum líklega þegjandi þörfina þessa stundina. Það tók fangelsisyfirvöld tæpa tvo sólarhringa að fallast á að splæsa fimmtán flatbökum á fanga sem höfðu hneppt hann í gíslingu.

Tukthúslimir í rammgerðu öryggisfangelsi á Tasmaníu gerðu uppreisn á laugardag, náðu hluta af fangelsinu á sitt vald og tóku Hannah í gíslingu. Með þessu vildu fangarnir mótmæla slæmum aðbúnaði í fangelsinu.

Fangelsisstjórinn segir að samningaviðræður hafi strandað á kröfum fanganna um pítsur og var karpað um málið í 42 klukkustundir. „Okkur var þó svo mikið í mun að ná okkar manni út að við gáfum loksins undan og sendum þeim fimmtán flatbökur.“ Hannah var sleppt í kjölfarið.

Síðasti fanginn gafst upp í gær, væntanlega saddur og sæll, og umsátrinu lauk mannskaðalaust. ■

SUMARHÚSAEIGENDUR OG FELLIHÝSAEIGENDUR ATHUGIÐ

NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

Í LYSTADÚN MARCO

DRÍFÐU ÞIG OG GERÐU GÓÐ KAUP ÞVÍ NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

15-30% AFSLÁTTUR

**Frábær sumartilboð á:** Rúmum, springdýnum, latexdýnum, svampdýnum, yfirdýnum, eggjabakkadýnum, koddum og sérsniðnum svampi.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18 & laug: 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



KAUPAUKI

Vörur sem koma sér vel í sumar!

Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 3.990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir.

Um er að ræða snyrtitösku, White Musk-húðnæringu (60ml), sturtusápu með papæjaolíu (60ml), handþvottalög með möndluolíu (60ml) og afar vinsælan augnskugga.
Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Akureyri


Alltaf bestir...
4Mb/s
extra light
V16
ADSL
• • Ótakmarkað niðurhal!
Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!
• • hafðu hraðann á taktu fleiri bita!

# alltaf ódýrari!



**V16 *extra* light**

**Ótakmarkað niðurhal!**

**3.890 kr.**

*á mánuði allt innifalið!*

BTNET

www.btnet.is.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Formannskosningin í Samfylkingunni:

## Yfirburðir Ingibjargar

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um formannskjörið í Samfylkingunni sem birt var í blaðinu í gær sýnir svo ekki verður um villst að tilraunir stuðningsmanna Össurar Skarphéðinssonar til að hleypa lífi í kosningabaráttuna hafa að mestu mistekist. Sömu sögu verður að segja um tilraunir formannsins sjálfs en þær hafa margar verið til þess að skaða ímynd flokksins og kasta rýrð á hans annars mikla ágæti. Er þar skemmst að minnast orða Össurar um starf framtíðarnefndar flokksins, að ekki sé talað um undarlegt orðaval hans um umræðustjórnmál keppinautar síns og aðra pólitíska kæki hennar.

*Formannskosningin í Samfylkingunni á auðvitað fyrst og síðast að snúast um traust; hvorum frambjóðandanna flokksmenn treysta betur til að leiða flokkinn til stórra sigra – og leiða hugsanlega ríkisstjórn á næstu árum með þeirri miklu ábyrgð og dómgreind sem því fylgir.*

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur ólíkt Össuri sparað stóru orðin um mótframbjóðanda sinn. Það er hennar styrkur. Þess verður og minnst þegar hún stendur uppi sem sigurvegari í formannskosningunni á samkundu flokksins síðar í mánuðinum. Það er þeim mun þægilegra að taka við forystu flokks eftir því sem óbragðið er minna í munninum.

Það er annars helst að frétta af kosningabaráttu Ingibjargar Sólrúnar og Össurar að hún hefur verið löng og leiðinleg. Óskiljanlega löng, skiljanlega leiðinleg. Allar tilraunir stuðningsmanna þeirra til að kreista út úr flokknum einhvern málefnaágreining hefur að mestu leyti verið spaugileg – og minnir á að Samfylkingin á á köflum nokkuð erfitt með að láta taka sig alvarlega. Öllu pínlegri hafa verið tilraunir stuðningsmannanna til að draga úr ágæti keppinautarins en þær hafa sem fyrr segir einkum komið úr herbúðum sitjandi formanns og verið honum og fylgjendum hans til lítils sóma.

Davíð Oddsson formaður Sjálfstæðisflokksins sagði einhverju sinni að frami stjórnmálamanns ætti fyrst og síðast að snúast um eitt atriði – og það er ekki lítið atriði; traust. Þetta er hárrétt hjá formanni flokks sem lengst af síðustu öld var langstærstur íslenskra stjórnmálaflokka. Þeir Samfylkingarmenn sem þessa dagana gera upp hug sinn hvor frambjóðendanna er betri eiga að staldra við þetta hugtak.

Formannskosningin í Samfylkingunni á auðvitað fyrst og síðast að snúast um traust; hvorum frambjóðandanna flokksmenn treysta betur til að leiða flokkinn til stórra sigra – og leiða hugsanlega ríkisstjórn á næstu árum með þeirri miklu ábyrgð og dómgreind sem því fylgir.

Hér verður tveimur orðum bætt við traustið hans Davíðs. Reynsla er lykilatriði í lífi flokksformanns. Kjörþokki skaðar heldur ekki. Að öllu samanlögðu verður ekki annað séð en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir falli betur að þessari mynd sem dregin hefur verið upp hér á undan.

Davíð Oddsson var borgarstjóri þegar hann bauð sig fram til formennsku í Sjálfstæðisflokknum 1991, tæpu ári eftir einhvern glæsilegasta kosningasigur sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hann sigraði sitjandi formann, Þorstein Pálsson, með tæplega hundrað atkvæða mun. Meginástæðan var sú að of stór hópur sjálfstæðismanna taldi að Þorsteinn næði ekki nægilega vel til kjósenda.

Sagan er líklega að endurtaka sig – í öðrum flokki. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einleikur

Margir þingmenn, einkum af landsbyggðinni, hafa verið þungbrýndir gagnvart Gunnari I. Birgissyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins og verðandi bæjarstjóra í Kópavogi, fyrir mjög einbeitta andstöðu hans gegn Héðinsfjarðargöngum og baráttu fyrir auknu vegafé til höfuðborgarsvæðisins. Þeir hugsuðu Gunnari sjálfsagt þegjandi



þörfina þegar hann kynnti fyrir helgina eigin vegaáætlun. Þeir eru líka til sem fagna ákaft framtaki Gunnars og það í öllum flokkum. Lúðvík Geirsson, Samfylkingarmaður og bæjarstjóri í Hafnarfirði, hefur vísast mikla velþóknun á framtaki Gunnars, enda labbaði hann á fund samgöngunefndar í byrjun síðustu viku og kvartaði yfir naumt skömmtuðu fé til vegaframkvæmda í þéttbýlinu. En án árangurs.

### Getur ekki tapað

Fréttablaðið birtir í dag könnun sem sýnir að nærri 70 prósent landsmanna eru á móti Héðinsfjarðargöngunum. Athyglisvert er líka að nærri 80 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru á móti göngunum. Og jafnvel enn athyglisverðara er að nærri 57 prósent íbúa á landsbyggðinni eru einnig á móti þeim. Þetta kemur samgönguráðherra, Kristjáni Möller Samfylkingunni og Birki J. Jónssyni ekki á óvart, eins og Gunnar I. Birgisson hefur talað gegn téðum framkvæmdum. Og notið athygli fjölmiðla sem vísast eru hallir undir sjónarmið höfuðborgarvargsins eins og augljóst má vera þegar þeir safna saman eintómum þingmönnum höfuðborgarinnar í helgarspjallþætti.

Pirringurinn í garð Gunnars er á margan hátt skiljanlegur. Gunnar getur nefnilega ekki tapað sínum slag. Nái hann að breyta úthlutun vegafjár höfuðborgarsvæðinu til hagsbóta vinnur hann. Hann vinnur einnig ef hann tapar þeim slag á Alþingi. Það sýnir könnun Fréttablaðsins. Hún gefur til kynna að Gunnar hafi nærri 80 prósenta fylgi í landshluta þar sem 70 prósent landsmanna búa. Það merkir að hann hefur 56 prósenta fylgi á landinu öllu. Sem sagt: Gunnar vinnur. Hvernig sem fer.

johannh@frettabladid.is

## Eru góðar hliðar á skapvonsku?

Í DAG
LUNDERNI OG FJÖLMIÐLAR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Það fer afskaplega illa með sálina að vera í vondu skapi. Þeim mun lengur sem ástandið varir, þeim mun verr fer það með sálartetrið. Samt er vont skap eitt af því sem við fáum í vöggugjöf, svona rétt eins og gott skap. Ég hef það fyrir satt frá fræðimönnum í sálvísindum að reiði sé jafn eðlileg, og gott ef ekki nauðsynleg, og leiði þegar við þurfum að fara yfir einhverja erfiða hjalla í lífinu. Á hinn bóginn er alveg ljóst að það hefur litla þýðingu að vera alltaf reiður. Á sama hátt datt mér í hug hvort það gæti kannski eitthvað gott verið því samfara að vera í vondu skapi, svo fremi sem maður væri það ekki alltaf.

Og viti menn, ég komst að þeirri niðurstöðu að það hefur ákveðna kosti í för með sér. Ef maður er í vondu skapi þá slekkur maður á útvarpinu þegar Hrafnaþing byrjar, reynir ekki einu sinni að vera umburðarlyndur og athuga hvort eitthvað bitastætt komi fram í þættinum. Í vondu skapi svissar maður strax á milli stöðva þegar Gísli Marteinn byrjar, í skárra skapi hlustar maður á endalausar spurningar um það hvort fólk í útlöndum standi ekki hreint á öndinni yfir því hvers konar ofurmenni íslenska þjóðin sé upp til hópa. Svo lætur maður hugmyndir fólks með að færa til uppstigningardag og 1. maí fara í taugarnar á sér svo eitthvað sé nefnt.

*Við erum yfirmáta viðkvæm fyrir því sem sagt er um okkur í útlöndum og látum eins og það gerist alveg af sjálfu sér, að við höfum ekkert með það að gera sjálf. Íslenska sjónvarpið fer með dagskrárgerð út fyrir landsteinana til að tala við fólk „sem er að meika það“ og skilaboð þáttanna virðast eiga að vera, að við þessi afburðaþjóð í norðrinu séum að sigra heiminn.*

Við erum yfirmáta viðkvæm fyrir því sem sagt er um okkur í útlöndum og látum eins og það gerist alveg af sjálfu sér, að við höfum ekkert með það að gera sjálf. Íslenska sjónvarpið fer með dagskrárgerð út fyrir landsteinana til að tala við fólk „sem er að meika það“ og skilaboð þáttanna virðast eiga að vera, að við þessi afburðaþjóð í norðrinu séum að sigra heiminn. Viðmælendurnir, sumir hverjir, reyna að tengja þróunina sem orðið hefur við breytt starfsumhverfi, breytt lög og reglur, þá staðreynd að Ísland varð með EES-samningnum hluti af evrópska viðskiptalífinu. Íslenskar fjármálastofnanir stækkuðu og efldust og geta nú með lánum og endurlánum, og þá væntanlega vöxtum og vaxtavöxtum, lánað íslenskum fyrirtækjum sem vilja starfa á erlendum mörkuðum. Dagskrárgerðarmaðurinn hefur ekki mikinn áhuga á þeim staðreyndum heldur segir enn og aftur „eru ekki allir að tala um hvað við erum æðisleg“.

Svo er annar dagskrárgerðarmaður í Ameríku sem fær glæsilegar íslenskar konur í viðtal. Sú hefur engan áhuga á því að hér búi menntaðar, fjölhæfar konur. Hún hefur bara áhuga á lauslæti og skemmtanagleði, ungum og einstæðum mæðrum – eins og þetta séu allt sjálfsagðir fylgifiskar – og svo auðvitað hrútspungum og hákarli. Hvernig ætli standi nú á því? Er fólk búið að gleyma auglýsingum um skemmtanahelgar á Íslandi eða öllum skemmtisögunum um að við borðum helst ekki nema úldinn mat? Viðmælendur sem lenda allt í einu hinum megin við borðið verða svo voðalega hissa á því að koma ekki máli sínu á framfæri – allt var klippt. En það þarf ekki klippingar til, dagskrárgerðarmenn koma sínu á framfæri með klippingum eða án. Þeir sem stjórna svokölluðum fréttatengdum viðtalsþáttum í íslensku sjónvarpi eru meira fyrir hanaat en viðræður. Þess vegna eru þeir þættir eins og raun ber vitni, viðmælendurnir ráða þar litlu, dagskrárgerðarmennirnir þurfa ekki að klippa, þeir bara spyrja hanaatsspurninga.

Nú er sá árstími þegar umræðan um frídagafjöldann og fimmtudagsfríin hefst. Menn virðast trúa því að frídagar séu miklu fleiri hér á landi en annars staðar. Það er bábilja. Frídagar eru fleiri hér en í Bandaríkjunum, en ekki fleiri en í Evrópulöndum. Í mörgum Evrópuríkjum er reglan sú að beri lögskipaðan frídag (1. maí, 17. júní) upp á laugardag eða sunnudag þá er launþeganum bættur hann, sumum vinnustöðum er þá einfaldlega lokað næsta mánudag, í öðrum tilfellum getur launþeginn tekið fríið þegar honum frekast hentar.

Ég held að það séu bara Bretar sem hafa verið svo náttúrulausir að færa alla frídaga sem má hugsa sér yfir á mánudaga, sem hafa enga merkingu. Sumardagurinn fyrsti er fyrsta fimmtudag eftir 20. apríl og uppstigningardagur er 10 dögum fyrir hvítasunnu, það eru frídagar samkvæmt íslenskri venju, ég sé ekki nokkra ástæðu til að breyta þeirri arfleifð frekar en að hafa jóladag alltaf á mánudegi. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.29 | 13.24 | 22.22 |
| AKUREYRI | 3.57 | 13.09 | 22.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


## heilsa o.fl.

Nauðsynlegt að drekka tvo lítra af vatni á dag

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 10. maí, 130. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**


- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni er mikill grínisti og heldur sér í formi með því að hlæja mikið alla daga.

# Fær harðsperrur af hlátri

***Bjarni Þór Grétarsson, einn af þáttastjórnendum Zúber á FM 95,7, heldur andanum ungum og frískum með því að hlæja og grínast sem mest.***

„Ég er eiginlega ekki í neinu formi. Ég er ekki í slæmu formi en ég spái voðalega lítið í þessa hluti," segir Bjarni, sem heldur sér glöðum og hressum með því að hlæja og grínast. „Ég er með geðveika magavöðva út af öllum hlátrasköllunum. Þegar ég hitti Pétur vin minn hlæjum við rosalega mikið og við erum eiginlega alveg að springa. Það tekur rosalega á. Ég fæ verk í magann og það myndast þrýstingur í hausnum þannig að ég er eiginlega alveg búinn eftir það. Það er æðislegt. Þá er ég rosalega glaður yfir daginn og finnst eins og ég hafi hreyft mig rosalega mikið enda fæ ég hálfgerðar harðsperrur."

Bjarni var mikill íþróttagarpur þegar hann var yngri en þegar aldurinn færðist yfir hann var það allt í einu ekkert voðalega flott. „Ég var bæði í fótbolta og borðtennis og síðan fékk ég bara unglingaveikina. Ég á reyndar nokkra verðlaunapeninga fyrir bæði þannig að ég hef þetta í mér," segir Bjarni, sem rifjar stundum upp gamla fótboltatakta. „Ég reyni að fara einu sinni í viku í fótbolta á sumrin og út að skokka þess á milli. Bara til að byggja upp þol."

„Mér finnst fínt að fá mér fisk einu sinni í viku en svo fæ ég mér alltaf Eldsmiðjupítsu eftir skrall um helgar. Það er bara eins og heróín – nokkuð sem ég þarf að fá. Síðan erum við með mötuneyti uppi í vinnu sem er mjög gott," segir Bjarni um mataræðið.

*lilja@frettabladid.is*

## Nýburar kunna að meta suma liti

BLÁR, RAUÐUR, APPELSÍNUGULUR OG FJÓLUBLÁR FALLA NÝBURUM HELST Í GEÐ. BRÚNN ER HINS VEGAR Í LITLU UPPÁHALDI.

„Það er þjóðsaga að nýfædd börn séu litblind," segir Anna Franklin, læknir í Surrey á Englandi, en hún hefur gert rannsókn á litaskynjun nýfæddra barna. Hún segir nýbura sjá mun á litum en vissulega þróist þessi hæfileiki eftir því sem barnið þroskast og dafnar.

Anna Franklin og rannsóknarhópur hennar könnuðu skynjun ríflega 250 nýbura með því að sýna þeim mismunandi litaspjöld. „Við sáum til dæmis að ef nýfæddu barni eru sýndir mismunandi bláir litir verður það leitt og virðist flokka litinn sem einn og hinn sama. Ef hins vegar bláa spjaldið er tekið burt og grænu spjaldi veifað fyrir framan barnið í staðinn vaknar áhugi þess á ný." Svo virðist sem blár, rauður, appelsínugulur og fjólublár falli ungbörnum best í geð á meðan brúnn er minnst líklegur til að vekja áhuga. Franklin kveðst ætla að rannsaka þetta mál frekar en hún ráðleggur foreldrum að hafa umhverfi ungra barna litskrúðugt – það sé gott fyrir þroska barnsins en alla jafna byrja börn ekki að nefna litina sínum réttu nöfnum fyrr en um þriggja ára aldur.



Bresku stubbarnir eru vinsælir meðal yngstu kynslóðarinnar enda litskrúðugir með afbrigðum.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Málþing** um rafræn samskipti almennings við heilbrigðiskerfið verður haldið í Hringsal Barnaspítala Hringsins klukkan 15 til 17 í dag. Málþingið er haldið á vegum upplýsingatækni á heilbrigðissviði HÍ og meðal ræðumanna eru Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri, Ófeigur Þorgeirsson læknir og Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar. Allir eru velkomnir.



**Maltviskí** getur virkað sem vörn gegn krabbameini ef marka má erindi sem dr. Jim Swan, læknir og áfengisráðgjafi, flutti á læknaráðstefnu í Skotlandi um helgina. Swan segir viskí innihalda andoxunarefni sem ráðist gegn krabbameinsfrumum og meira sé af slíku efni í viskíi en í rauðvíni. Andoxunarefnið er svokölluð „ellagic-sýra" en hana er víst líka að finna í ávöxtum – sem eru náttúrlega mun hollari en viskíið.

*heilsa@frettabladid.is*


ERT ÞÚ Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA?

STÆRÐFRÆÐIPRÓFIÐ ER Á FIMMTUDAGINN

VILTU HJÁLP?



NÝTTU ÞÉR RAFRÆNT NÁMSEFNI VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS Á WWW.VERSLO.IS

ÞÚ HORFIR Á MYNDSKEIÐ MEÐ ÚTSKÝRINGUM, LEYSIR VERKEFNI OG FYLGIST SVO MEÐ KENNARANUM FARA YFIR DÆMIN Á TÖFLU



VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**Sólarvörn** Með hækkandi sól er mikilvægt að muna eftir sólarvörninni til að vernda húðina. Jafnvel þó að útivera sé af skornum skammti getur verið ráð að setja rakakrem með sólarvörn á andlit og hendur því sólin þarf ekki að skína lengi á húðina til að valda skaða.




**Sico gæðasmokkar,**
**öruggir, ódýrir, handhægir. Finndu þann sem hentar þér:**
Fást í helstu lyfjaverslunum um land allt, fæst einnig í Amor, Videoheimar Faxafeni, Allt í Einu Jafnaseli, Söluturninn Miðvangi, Bæjarvideo, Foldaskálinn og Bíó Grill.
-Grip
-Extra strong
-Ribbed
-Pearl
-Safety
-Sensitive
-Color
3 og 9 stykkja pakkningar

Verið góð hvert við annað
Fáðu aukinn hita í kynlífið með Astroglide Warming Liquid. Lyktarlaust.
Sölustaðir Lyfja, Lyf og Heilsa, Femin.is, Rimaapótek, Laugarnesapótek, Árbæjarapótek, Skipholtsapótek, Apótekarinn, Lyfjaval, Árnes og Siglufjarðarapótek.

Lithimnulestur
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag
Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.
Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

J GÓ
Allir velkomnir
fríir prufutímar
NÝTT BYRJENDANÁMSKEIÐ hefst 11. maí
5 vikur mán. og mið. kl. 20:15 - 21:45
JÓGATÍMAR: MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI
Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

Ég nota Sterimar, það hjálpar.
- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking
Fæst í apótekum

FJÖLVÍTAMÍN MEÐ GINSENG
GERIMAX GINSENG
Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan
FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX




Hildur Jakobsdóttir og Ólöf Högnadóttir eiga lausnir fyrir þreytta og bólgna fætur. Þær reka fótaaðgerðastofu í Spönginni í Mjódd.

# Skótískan fer illa með fætur kvenna

***Fólk í nútímasamfélagi hefur tilhneigingu til að hugsa illa um fæturna á sér en fótaaðgerðafræðingar geta bæði lagað það sem aflaga hefur farið og ráðlagt um forvarnir.***

„Helstu vandamál fólks eru líkþorn, sveppir, niðurgrónar neglur og vörtur,“ segir Hildur Jakobsdóttir fótaaðgerðafræðingur, sem ásamt starfssystur sinni Ólöfu Högnadóttur rekur fótaaðgerðastofu í Spönginni í Grafarvogi.

„Svo er ekki síður mikilvægt að veita ráðgjöf varðandi skófatnað og sokka og meta þörf á innleggjum, en forvarnir eru einmitt mjög mikilvægar í þessu sem öðru.“

Þær segja þörfina fyrir fótaaðgerðafræðinga mikla og langt í frá að einungis eldra fólk þurfi á þessari þjónustu að halda.

„Hér kemur fólk frá tveggja ára aldri og upp í nírætt. Það var meira að segja nýlega hjá okkur níu mánaða barn, en neglur ungbarna eru oft svo þunnar og flatar og vaxa þannig að það þarf að grípa inn í.“

Meðferð á fótum getur tekið nokkurn tíma þótt stundum sé einn tími nóg.

„Líkþorn koma til dæmis eftir álag á fótinn í langan tíma og þau verður að skera af og létta svo álaginu á viðkomandi stað. Inngrónar neglur þarf oft að spengja svo þær geti vaxið eðlilega og allt getur þetta tekið nokkur skipti.“

Hildur og Ólöf segja skótískuna eins og hún hefur verið undanfarin misseri hræðilega fyrir fæturna. „Támjóir skór fara mjög illa með fæturna, maður getur bara ímyndað sér hvernig það færi með hendurnar ef þeim væri troðið ofan í hanska sem væru svona í laginu. Um 80% vandamála sem snerta fætur stafa af röngum skófatnaði. Það getur svo undið upp á sig og valdið áframhaldandi vandamálum í ökklum eða hnjám,“ segir Ólöf.

En hvenær er þörf á að leita til fótaaðgerðafræðings?

„Fólk hefur tilhneigingu til að vanrækja á sér fæturna. Þeir sem eru virkir í daglegu lífi þurfa að hugsa vel um fæturna og bara það að vera þreyttur í fótunum er næg ástæða til að koma og fá ráðleggingar.“

Þær stöllur segjast þó fá sífellt fleiri viðskiptavini, ekki síst þegar vorar. „Þá koma þeir sem sjást ekki reglulega, fólk sem vill hafa flotta fætur í sandalana. En fótaaðgerðir geta skipt sköpum um líðan fólks og ástæða til að hvetja fólk til að láta ekki fæturna mæta afgangi þegar það vill gera vel við sig.“


Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Við mælum beinþéttni
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600


## Bresku börnin að ná þeim bandarísku

BÖRNUM SEM ÞJÁST AF OFFITU Á ENGLANDI FJÖLGAR HRATT OG ER ÁSTANDIÐ AÐ VERÐA SVIPAÐ OG Í BANDARÍKJUNUM.



MYND/GETTY

Börnum sem þjást af offitu á Englandi fjölgar hratt þessi misserin.

Offita meðal enskra barna fer mjög vaxandi. Fjöldi barna þar í landi sem þjáist af offitu þrefaldaðist á milli áranna 1990 og 2002. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem gerð var að tilstuðlan breskra stjórnvalda. Skyndibitar, lítil hreyfing og vinsældir tölvuleikja og sjónvarps eru helstu orsakirnar og það sem er að fita börnin á Englandi eins og í svo mörgum öðrum löndum hins vestræna heims.

Árið 2002 voru 15,5 prósent barna á aldrinum 2 til 11 ára of feit – og er það aukning um fimm prósentustig frá árinu 1990. Vísindamenn notuðu líkamsmassa til að mæla offitu þar sem þyngd í kílóum er borin saman við hæð í metrum. Heather Wardle, stjórnandi rannsóknarinnar, sagði að offitustaðallinn væri breytilegur. Til dæmis væri tveggja ára gamall strákur með líkamsmassa 19,1 offeitur á meðan sex ára stelpa með líkamsmassa 18,1 væri ekki offeit.

Börn sem þjást af offitu á Englandi eru að ná jafnöldrum sínum í Bandaríkjunum en vestanhafs töldust 17 prósent barna vera of feit.

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

### Borðaðu það sem þig langar í!

Líklega er helsti munurinn á þeim sem fara næst því að stjórna því hvað þeir láta ofan í sig og hinum að þeir fyrrnefndu hugsa venjulega meira um fæðuna sem eldsneyti meðan hinir borða af því að þeir „verða“ að borða.
Hvorum hópnum erum við í?
Til þess að fá á hreint hvorum hópnum við tilheyrum þurfum við aðeins að hugsa til þess sem við höfum borðað upp á síðkastið, til dæmis undanfarna viku. Var holl fæða þar í meirihluta?

**„Gúmmelaði“**
Þó að við kjósum að líta á fæðuna sem við neytum sem eldsneyti þýðir það samt ekki að við borðum aldrei það sem okkur langar mest í! Þó ber að líta til þess að þeir sem stunda reglubundna þjálfun hafa mun frekar „efni“ á því að borða það sem þá langar í en þeir sem stunda enga þjálfun!

**Stjórnin í þínar hendur!**
Til þess að hafa stjórn á sjálfum sér er einfaldast að borða holla og góða fæðu virka daga en leyfa sér frekar nokkurn veginn allt sem hugurinn girnist um helgar. Við megum samt ekki gleyma að það þýðir BARA um helgar!

**Nokkur hollráð**
- Reyndu að borða meira fyrri hluta dags frekar en að borða seint á kvöldin. Þeir sem borða meira fyrri hluta dags fitna síður en hinir.
- Hugsaðu um fæðuna eins og hún væri eldsneyti fyrir líkamann því hún er það í raun og veru!
- Drekktu 2-3 lítra af vatni á dag!
- Spyrðu þig hvort þú sért að borða til þess að sefa andlega vanlíðan. Það er staðreynd að helstu orsakir átröskunar, s.s. lotugræðgi, lystarstol og ofát, eru venjulega af andlegum rótum sprottnar.
- Byrjaðu að stunda einhverja holla, skemmtilega og reglulega líkamsrækt!

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



## Ávaxtaflugur sofa eins og mannfólk

NÝJAR RANNSÓKNIR Á ÁVAXTAFLUGUM GÆTU LEITT TIL NÝRRAR TÆKNI VIÐ AÐ MEÐHÖNDLA FÓLK MEÐ SVEFNTRUFLANIR.

Hópur bandarískra vísindamanna telur sig hafa fundið gen sem ákvarðar hve mikinn svefn mannfólkið þarf til að lifa. Hópurinn sá að ávaxtaflugur sem innihéldu stökkbreytta útgáfu af geninu þurftu minni svefn – en ávaxtaflugur hafa almennt svipað svefnmynstur og menn.
Rannsóknin var gerð af vísindamönnum við læknaháskólann í Wisconsin í Bandaríkjunum og trúa þeir að þessar uppgötvanir geti hjálpað við að þróa nýja tækni til að meðhöndla fólk sem þjáist af svefnleysi.
Níu þúsund ávaxtaflugur voru rannsakaðar, en flugurnar sofa milli sex til tólf stundir á nóttu eins og mannfólkið. Niðurstöður rannsóknarinnar bera með sér að flugurnar gátu lifað af með því að sofa einvörðungu þrjár til fjórar stundir á nóttu. Flugurnar sem þurftu þennan litla svefn áttu það sammerkt að vera með gallað gen, sem kallast „shaker“, en það stöðvar flæði kalíums til frumnanna. Nýlegar rannsóknir benda einmitt til að kalíum kunni að hafa áhrif á svefnþörf og svefnmynstur fólks.


Margir í heiminum glíma við svefnvandamál.

## Bros á dag kemur líkamanum í lag

FÓLK SEM HLÆR OG BROSIR MIKIÐ LOSNAR FREKAR VIÐ ALVARLEGA SJÚKDÓMA.

Kátína og gleði dregur úr streitu, ef marka má niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var við University College í London. Fólk sem er hamingjusamara frá degi til dags er hraustara en fólk sem er ekki eins hamingjusamt. Þegar fólk brosir, hlær og slakar á minnkar framleiðsla stresshormónsins cortisol. Þá verður blóðið þynnra, sem þýðir að sjúkdómar sem tengjast blóði – svo sem hjartasjúkdómar og sykursýki – láta síður á sér kræla.
Í rannsókninni voru 216 karlmenn og konur í London beðin um að skrá niður hamingjustig yfir daginn. Niðurstöðurnar sýndu að því fleiri sem hamingjustundirnar voru yfir daginn, þeim mun lægra var magn cortisol.
Fólk sem brosti meira innihélt einnig minna magn af fibrinogeni, sem er hormón sem tengist hjarta- og lifrarsjúkdómum.


Hamingjusamt fólk losnar frekar við alvarlega sjúkdóma.

## Dregur úr hættunni á beinþynningu

KALKBÆTTUR TRÓPÍ HEFUR VERIÐ Á MARKAÐI UM NOKKURT SKEIÐ. DRYKKURINN BÆTIR ÚR KALKÞÖRF – EKKI SÍST HJÁ ÞEIM SEM DREKKA EKKI MIKLA MJÓLK.

Eitt glas af nýja kalkbætta Trópí-safanum inniheldur 256 mg af kalki en það er um þriðjungur af ráðlögðum dagskammti og heldur meira en í einu mjólkurglasi. Lýðheilsustöð mælir með því að fólk neyti um 800 mg af kalki á degi hverjum.
Beinþynning er algengur kvilli og hefur tíðni hans aukist hérlendis á liðnum árum. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu en talið er að nægt framboð kalks geti dregið verulega úr hættunni á beinþynningu þegar líður á ævina. Framleiðendur hins kalkbætta Trópí telja safann geta verið góða lausn fyrir þá sem vilja innbyrða nægilegt kalk og stuðla þannig að betri heilsu. Þá mun kalkbætti safinn einnig henta fólki sem þjáist af ofnæmi fyrir mjólkursykri og eða mjólkurprótíni.



ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu



Lífrænt ræktað og spírað, mjög ensímríkt. Inniheldur flest nauðsynleg vítamín, steinefni, andoxunarefni, prótein og heilandi jurtir
Fæst í apótekum og heilsubúðum



MARGRÉT KALDALÓNS
*veitir ráðgjöf í Heilsuhúsinu*
Margrét Kaldalóns, betur þekkt sem Lína, hefur starfað í Heilsuhúsinu frá byrjun. Hún er mikil áhugakona um náttúrulækningar og heilbrigt mataræði og hefur aflað sér hagnýtrar reynslu á löngum ferli.
Lína veitir ráðgjöf í Kringlunni: mánud. - miðvikud. kl. 14-18
Skólavörðustíg: fimmtud. og föstud. kl. 14-18
heilsuhúsið

Yfirburðagæði og styrkleiki
*Þú finnur muninn!*




Súrefnistæmdar umbúðir til að næringarefnin varðveitist.
Fæst í apótekum

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA
NÝTT
MEIRA Á MILLI
Nýjar matarmiklar samlokur í innsigluðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.




SÓMI
FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI
www.somi.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI


brimborg Taktu bíl


VW Golf, skr.d.06/1998 ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Hyundai Elantra station, skr.d. 08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Opel Astra station, skrd.06/1997, ek. 107.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Volvo XC90, skr.d. 03/2003, ek. 47.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr. Einn með öllu 100% lán. S. 515 7000.


BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 7.290.000 kr 100% lán. S. 515 7000.


Ford Explorer Executive, skr.d. 08/2000, ek. 76.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.150.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


VW Passat 4Motion station, Skr.d. 12/1997, ek. 108.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr. Tilboð 850.000 kr. 100% lán S. 515 7000.


Ford Mondeo, skr.d. 05/1995, ek. 123.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán S. 515 7000.


Daihatsu Sirion CX, skr.d. 08/1998, ek. 65.000 km. 1000cc, beinskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 379.000 kr. 100% lán S. 515 7000.


Subaru Legacy Outback H-6, skr.d. 08/2002, ek. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.890.000 kr. Tilboð 2.690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Ford Focus station, skrd. 05/2000, ek. 100.000 km. 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 730.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


SsangYoung Rexton, skrd.07/2002, ek. 45.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.


Daewoo Musso Grand Lux, skrd. 10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán S. 515 7000.

brimborg Taktu bíl


Citroen Picasso, Xsara Exclusive, skr.d. 06/2002, ek. 51.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.380.000 kr. Tilboð 1.150.000 kr. 100% lán S. 515 7000.


Honda Accord station, skrd.04/2004, e:36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.590.000 kr. 100% lán S:515-7000


Citroen Xsara SX station, skrd.02/2003, e:30.000 km, 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.230.000 kr.100% lán S:515-7000


Kia Sorento, skrd.07/2004, e:16.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 2.460.000 kr. 100% lán S:515-7000


Toyota Avensis Sol station, skrd.11/2004 e: 4.000 Km , 1800 cc , sjálfskiptur. Ásett verð 2.770.000 Kr 100% lán S:515-7000


Nissan Patrol Luxury, skrd.04/2001 e: 96.000 Km , 3000 cc, diesel, Sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 Kr Tilboð 2.290.000 kr. 100% lán. S:515-7000


Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr.9/2003 e: 18.000 Km , 2500 cc, Sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 Kr Tilboð 3.590.000 kr. 100 % lán S:515-7000

brimborg Taktu bíl


Toyota 4Runner V6, skrd.07/1991, e:177.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. S:515-7000


Ford Focus Trend station, skrd.11/2002, e:90.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr 100% lán S:515-7000


Peugeot 406 station, skrd.10/1999, e:100.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr.Tilboð 699.000 kr. 100% lán S:515-7000


Suzuki Sidekick, skrd.01/1992, e:222.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr 100% lán S:515-7000


Ford Focus H/S station, skrd.10/2000, e71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán S:515-7000


Renault Megane Sport T, skrd.11/2004, e:10.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán S:515-7000


Citroen Xsara Advance, skrd.11/2003, e:29.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.440.000 kr Tilboð 1.290.000 kr. 100% lán S:515-7000

brimborg Taktu bíl


Toyota Avensis, skrd.03/2003, e:43.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán S:515-7000


Ford Focus Ghia, skrd.12/2003, e:33.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán S:515-7000


VW Golf 4x4 station skrd.08/1997, árgerð 1998, e:163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr 100% lán S:515-7000


Mazda Demio, skrd.06/1999, e:131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr Tilboð 399.000 kr. 100% lán S:515-7000


Ford Fiesta Trend, skrd.01/2003, e:42.000 km, 1400cc, Beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr 100% lán S:515-7000


Volvo V70, skrd.07/2004, e:15.000 km, 2000cc,LPT-Turbo, sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 kr Tilboð 3.490.000 kr. 100% lán S:515-7000


Kia Sorento V6, skrd.02/2003, e:36.000 km, 3500cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr 100% lán S:515-7000


Citroen Picasso, Xsara Exclusive. skrd. 01/2003, e:55.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr Tilboð 1.250.000 kr. 100% lán S:515-7000

brimborg Taktu bíl


Opel Vectra CD station skrd. 04/1998, e:126.000 km, 1600cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr Tilboð 650.000 kr. 100% lán S:515-7000


Subaru Legacy station, skrd.06/1996, e:164.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr Tilboð 550.000 kr. 100% lán S:515-7000


Volvo S40, skrd.01/2000, e:101.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán S:515-7000


Ford Transit 300 M rúta, skrd.02/2002 e:97.000 km, 2000cc, Turbo-diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr S:515-7000


Daihatsu Gran Move CX, skrd.06/2000, e:61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán S:515-7000

Nissan Primera GX station, skrd.05/1999, e:100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán S:515-7000

Ford Explorer Executive, skrd.02/1997, e:163.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 1.300.000 kr. 1.150.000 kr. 100% lán S:515-7000

BMW 316I , skrd.10/2001, e:58.000 km, 1900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr Tilboð 1.690.000 kr. 100% lán S:515-7000

## 250-499 þús.



AÐEINS 70 ÞÚS ÚT !!!! og 100 þús í afslátt !!!!!!!!! VW polp 1.4i ek 125 þús km 5 gíra 5 dyra ny tímareim lítur vel út ásett 590 þús tilboð 490 þús b.lán 420 þús 14 á mán 822-0298

## 500-999 þús.



Galloper '98, 7 manna, dráttarkrókur, ek. 126 þús. Verð 970 þús. Skipti á gömlum smábíl. Uppl. í síma 693 2509.



Renault Scenic 02/97, ek. 128 þ.km, 5 gíra, skoðaður '06. Dráttarkrókur gott ástand. Verð 480 þ. stgr.Möguleiki á 100% láni til sýnis á bílasölu Íslands Skógarhlíð s. 510 4900.



Renault Megane árgerð 2000, ekinn um 60.000 km. Verð 880.000, áhvílandi um 680.000, mánaðarleg áfborgun 23.000 kr. Upplýsingar veittar í síma 897 2723.



Til sölu M. Benz E280 '93, sjálfsk. Topplúga, ek. 226 þ. km. Mikið yfirfarinn hjá Ræsir margt nýtt(nótur fylgja) nýskoðaður '06. Bíll í góðu standi. Verð 670 þús. Ath. skipti. S. 898 9088.



Opel Vectra '99, 1,6, beinsk., ek. 117 þ. Listaverð 900þ okkar Verð 650 þ. Bílalán 300 þ. Uppl. í s. 846 1065.

**Þennan villt þú**
BMW 318i árg. '97, low profile, spoiler, og geggjaðar græjur. Verðh. 900 þús. Uppl. í s. 823 5227.

## 1-2 milljónir



Til sölu L-200 dísel túrbó. Beinskiptur, ekinn 92 þús. Verð 1.790.000. Uppl. í s. 822 2283.



**Góður ferðabíll**
Dodge Grand Caravan árgerð 1998. Vel með farinn bíll. Nýskoðaður. Tilboð óskast. Uppl. í síma 862 8516.



MMC Pajero 2,8 Int. Turbo Diesel, langur 7 manna. 17/10/1996. Ekinn 159 þús. Ný yfirfarinn sjálfsk. dráttarbeisli. Verð 1.190 þús. Uppl. í s. 695 5202.

Til sölu Subaru Impreza 2,0GX árg 2003 sjálsk, ekinn 45000. Vel með farinn og fallegur bill verð 1.720.000. Sími 696-8794

## 2 milljónir +



**2005 nýr Ford**
F250 XLT, 6,0l díesel 4x4,tow, pakki ofl. silfur grár forskráður og tollafgreiddur. Verð 4,4 milljónir. Upplýsingar í s. 893 6001. Allt í einu ehf.



Ford F 250 Laret, árg. 2005. ek. 7400 mílur. Er með Raino liner, kafteinsstólum, húsið fylgir. Vel með farinn. Einn eigandi. Verð 4,3 milj. með vsk. S. 899 3004.



Dodge Caravan SXT m/DVD árg. 2005. 7 manna, V6 3.3, ek. 29 þ.km. DVD, CD, innbyggð barnasæti, dökkgrænsans, sk. '07. Sem nýr. V. 2.950 þús., áhv. 2,075, skipti athugandi. Uppl. í s. 896 6612.

## Bílar óskast

**Yaris óskast.**
Óska eftir Yaris árg '00-'01, lítið keyrðum á ca. 500 þús., staðgreitt. Uppl. í s. 699 2778.

Óska eftir að kaupa jeppa, dísel eða bensín á allt að 2 millj. stgr. Uppl. í s. 897 8779.

## Jeppar



Mitsubishi Pajero Limited (Montero), árg. 2004, ek. 31.000 km! Rafm. í öllu, topplúga, leðuráklæði. Verð aðeins 3.590.000! Uppl. í síma 695 9583.



Til sölu Izuzu Trooper 3,0 árg. '99, ek. 94 þús., breyttur á 33" dekkjum, eingöngu keyrður í Rvk.,100 % viðhald verð:1.990.000. S. 694 2450 & 555 0509.



Til sölu Nissan Patrol SE+ árg. '00, ek. 75 þ. km. 35" breyttur. Topp eintak. Áhvílandi bílalaán. Tilboð óskast. Verð. 2.590 þús. Uppl. í s. 896 5293.



Til sölu Patrol 98". 38" dekk. Sk. '06. Verð 2.300 þús. Uppl í S.864-0984



Toyota DC SR5 árg91. lengd, breytt fyrir 38 er á 37 súp svamp míksk, þarf að skipta um skúffu og bretti, fylgir Skipti á gömlum USA eða hjóli , verð 560 þús Sím 8925982



Kia Sportus árg. '99, ekinn 85 þús. Ssk. Ásett verð 950 þús. Ath. skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 896 2888.



Gullmoli Porsche 924 '83 uppgerður '03. Bíll í topp standi. Verð 450 þús. S. 690 5875.

Suzuki Baleno 1300, 3ja dyra, Ar 2000 Beyglaður, nagaður, ódýr!! Verd 300.000 kr. Simi 661 9219.

## Húsbílar



Til sölu Euromobile '90 með öllu. Nýskoðaður, extralangur. Ásett verð 1.820.000. Allar upplýsingar í síma 660 4545.

## Mótorhjól



Honda CRF 450 árg. 2005 Nýtt og Yamaha YZ 250 árg. 2005 Nýtt.Yamaha WR 450F árg. 2005 Nýtt. Ný hjól á góðu verði Plus Gallery ehf 898 2811 og 894 4005.



Honda Shadow ACE 1100 árg. 1996 Ekið 11.900 mil. Mikið af aukahlutum, lítur út sem nýtt. Upplýsingar: Guðmundur, 893 4110



Harley Davidson árgerð 1981, 1300, nýlega uppgert á Ítalíu, ný vél o.fl. o.fl. Einstakur gripur, sjón er sögur ríkari, verð 1.350.000. Til sölu á Bílamiðstöðinni.

Til sölu Suzuki TS 70cc '91. Verð 90 þús. S. 691 8726 e. kl. 18.

## Kerrur

Ódýr kerra til sölu verð 30.000. S. 892 5861.

## Hjólhýsi



Til sölu pólskt hjólhýsi árg '98. Verð 550 þús. Uppl. í s. 893 7442.

## Fellihýsi

Til sölu Palamino Yrling árgerð '99 Upplýsingar í síma 436 1508.

Coleman Sedona árg 96. Mjög vel með farið hús, aðeins 2 eigendur. Verð 460. Uppl í s: 8491347

Gott Colman Taos fellihýsi til sölu. Upplýsingar í síma 896 3212.

Til sölu Fleetwood Sedona 10 fet 2004 með fortjaldi og fl. S. 892 0172.

Óska eftir vel með förnu fellihýsi 10-11 fet. Helst með fortjaldi, sólarsellu og ísskáp. Staðgreiðsla í boði. Sími 898 0957 & 960 5230.

Til sölu Viking fellihýsi árg. '00 nýtt fortjald, 60 vatta sólarrafhlaða, vatnsdæla, 2 gaskútar, stór rafgeymir, 13" dekk, mjög vel með farinn. Verð ca 600 þús. Uppl. í s. 694 3308.

Til sölu vel með farið Coleman Bayside árg. '01. Upphækkað, fortjald, sólarsella, heitt vatn og fl. fylgir. Verð 1.300 þús. Uppl. í s. 695 8345 og 893 3335.

Coleman Sia Pine 10 ft, '98, upph. Nýtt skyggni, 220 v., CD, útv. Í toppstandi. 750 þ. S. 892 9555.

## Tjaldvagnar

Holiday Camp Sport tjaldvagn 2001 ásamt yfirbreiðslu og fortjaldi til sölu. Upplýsingar í símum 898 2610 eða 895 7474.

## Vinnuvélar



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.



Til sölu 5 tonna BobCat beltagrafa árg. '04. Er í verksmiðjuábyrgð. Fast track. Verð 3.5 milj. + vsk. Uppl. s. 899 3004.

## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf 565 4646 & 660 1700.

## Bátar




**Gúmmíbátar og Gallar**
Viðgerðarþjónusta, 10 ára reynsla. Björgunarbátar, vesti & slöngubátar á góðu verði. Uppl. í s. 6607570 www.gummibatar.net

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

## Bílaþjónusta

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 Sími 588-2455
Véla og hjólastillingar
Tímareimar - Viðgerðir

## Hjólbarðar

NÝDEKK
Skeifan 5 • 108 Reykjavík
Ódýrustu dekkin í bænum?
Opið virka daga 08-18 og um helgar 12-16
Símar 553 5777, 663 5776

**35" Durango**
Vantar 2 stk notuð Durango fínmunstruð. Upplýsingar í síma 692 3820.

## Varahlutir

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Opel, Opel, Opel, Opel. Kaupi bíla. S. 483 1919 & 845 2996 553-9900.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Body hlutir. Eigum á lager boddy hluti í Grand Cherokee, Stratus, Caravan. Ingóbílar sími 897 0163.

**Nýtt!!!**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Til sölu varahlutir í Daewoo Lanos '99. Hyundai Acc '00, Renault 19-meganeclio, Ford Focus '00, Suzuki Baleno '00. S. 568 6860.

Er að rífa Musso '98 2,9 TDI. Ek 112þ. kaupi bíla til niðurrifs. S 864-0984.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öðruvísi vörur - örðuvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opnum í dag nýja vefverslun www.Loi.is Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR
90,9 vísir FRÉTTABLAÐIÐ

## Barnavörur



Erum að taka upp mikið úrval af Diesel fatnaði á börn og unglinga! Athugið nýtt kortatímabil. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

**Tilkynnig frá Íshundum**
Skrifstofa félagsins er flutt í Síðumúla 31 á 3. hæð og er hún opin á þriðud. og fimmtud. frá kl. 17-19. Sími 557 2474 www.ishundar.is.

Til sölu Labradorhvolpar. Svört tík, gul tík og svartur hundur. Ættbók frá HRFÍ. Nánari upplýsingar á www.lognet.is/skaftar eða í síma 896 0028.

## Ýmislegt



Rafhitaðir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 9. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is



Hreindýra og silungsveiði á Grænlandi, staðfesta þarf pantanir fyrir 31. maí 2005. Hafið samband í s. 568 3030 & www.hl.is/veidi




Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

**Íslendinga afsláttur!**
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótelherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

## Ýmislegt

Rithöfundur óskar eftir ferðafélaga í maí. Ekkert aldurstakmark. Svar sendist Fbl. merkt "Vínarborg"

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu á Tangarhöfða nokkur skrifstofuherbergi. Skrifstofur parkettlagðar með góðri aðkomu. Sameiginlegt eldhús og wc. Uppl.Stefán 8241230

Skammtímaleiga 3 mán. 70 fm 3ja herb. penthouse íbúð í 111. 75 þús. S. 899 6221

Til leigu í 1 mán. 2 herb. íbúð ca 60 fm í V. Kópavogi. Helst með húsg., hugsanl. lengri leigutími. S. 662 5212.

Orlofsíbúðir Kirkjuvegi 28 Vestmannaeyjum, lausar til útleigu um helgina. Uppl. í s. 567 0790 og 864 4020.

## Húsnæði óskast

Bílskúr eða lítið atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu óskast til kaups. Uppl. í s. 891 9890 eða 899 6961.

Ungt par óskar eftir 2ja her. íbúð á Höfuðbsv. reykl. skilvíssar greiðslur, reglusemi. Meðmæli. 6914861/6905571

Óska eftir að leigja skúr (vinnuaðstöðu) í 101 Rvk. Uppl. í s. 661 0631 og 517 9770.

Ungt reglusamt par að norðan óskar eftir góðri íbúð á svæði 101 sem fyrst. Meðmæli fylgja. S. 867 0975 & 865 2001.

## Sumarbústaðir



**Nú er rétti tíminn !**
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com



HÖFÐI FASTEIGNASALA

SÍMI 565 8000
SÍMI 533 6050
Bæjarhraun 22
Suðurlandsbraut 20



**ÁLFKONUHVARF - EINBÝLI**

Í einkasölu glæsilegt 272,8fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Elliðavatn, algjör paradís. Húsið er á tveimur hæðum og mjög vel skipulagt. Afhent tilbúið að utan, fokhelt að innan í júlí 2005! Á neðri hæð er bílskúr með geymslu innaf, rúmgott anddyri, gestasnyrting, eldhús, stofa og herbergi. Á efri hæð eru tvö góð barnaherbergi auk risahjónaherbergis auk fjölskyldurýmis og einnig eru tvennar svalir. Einstakt útsýni. V.37,9millj.

Runólfur Gunnlaugsson • lögg. fasteignasali
www.hofdi.is

**BOÐAGRANDI LYFTUBLOKK**





Björt 102,5 fm íbúð á 3. hæð í lyftublokk ásamt stæði í bílakjallara.Tvennar svalir. Húsið er annað tveggja nýjustu húsa á Grandasvæðinu, byggt árið 2000. Hol, eldhús, stofa, 2 svefnherbergi,flísalagt baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Vandaðar innréttingar og parket á gólfum.Suð-vestur og norð-vestursvalir. Glæsilegt útsýni.Stutt í þjónustu aldraðra við Aflagranda.

Opnunartími:
Frá kl. 8.30 til 18.00 mánudag til fimmtudaga, föstudaga til kl. 17.00 og frá kl. 12.00 til 14.00 laugard. og sunnudaga

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

Netfang: lundur@lundur.is - Heimasíða: //www.lundur.is

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Til leigu í 1 mán. ca 60 fm atvinnuh. Hátt til lofts+g. innk.dyr. Hugsanl. lengri leigut. Meðl. S. 662 5212.

## Bílskúr

Óska eftir að taka á leigu bílskúr fyrir fornbíl helst í vesturbæ Reykjavíkur - mjög lítil umgengni, engar viðgerðir, öruggar greiðslur. Sími 697 8000

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Meirarprófsbílstjóri**
Óskum eftir að ráða vana bílstjóra. Mikil vinna framundan Uppl. í síma: 664-5075

memo SKILTI & MERKINGAR

Starfsmaður óskast til starfa hjá Memo skiltagerð. Æskilegt að viðkomandi sé vanur, þó ekki skilyrði. Starfið felst í smíði og framleiðslu á skiltum auk uppsetningar. Upplýsingar veitir Einar í síma 847-5007 eða á einar@memo.is

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir að ráða hörkuduglegt starfsfólk í afgreiðslu. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. S. 863 7579 Linda Rós. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Atvinna í boði.**
Meiraprófsbílstjóra vantar helst með vinnuvélaréttindi. Einnig aðila með vinnuvélaréttindi á hjólavél.
**Uppl. í s. 822 2661.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Aukavinna-uppgrip**
Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Vantar þig ca.100.000 kr í aukatekjur. Fróði hf. óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í áskriftasölu. Hentar vel sem góð aukavinna. Unnið er á kvöldin milli 18 og 22. Aldurstakmark 20 ár. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Frekari upplýsingar í síma 550 5552 milli kl.10-17 virka daga.

**American Style**
Í Kópavogi óskar eftir hressum starfsmanni í grillið. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktarvinnu. Leitum að einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, er 18 ára eða eldri og áreiðanleg/ur. Umsóknareyðiblöð á öllum American Style stöðum og á americanstyle.is

**Hársnyrtir óskast**
Hársnyrtir/nemi óskast í hluta/fullt starf. Uppl í s. 567 2044 & 848 9816.

Óska eftir vönu fólki í málningarvinnu. Aðeins menn vanir málningarvinnu koma til greina. Uppl. í s. 869 3934.

Snyrtistofa í 101 óskar eftir duglegum snyrtifræðingi upplýsingar hjá Helgu í síma 895-9824

Kaffistofan Konditori, Skipholti óskar eftir starfsfólk í afgreiðlsustörf fyrir og eftir hádegi og anna hvern laugardag. Einnig vantar okkur smurbrauðsdömu. Uppl. í s. 820 7370.

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, 101 Reykjavík auglýsir eftir lífsglöðum og áhugasömum starfsmanni til að starfa með frábærum börnum þar sem rík áhersla er lögð á gleði, sköpun og góðan starfsanda. Á Skerjagarði er starfað eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Upplýsingar gefur Elín í síma 822 1919 eða Sóldís í síma 848 5213.

Óskum eftir starfsmanni á smurstöð á Egilsstöðum. Menntun æskileg, reynsla nauðsynleg. Uppl. á staðnum og í s. 471 2002. Dekkjahöllin

Óskum eftir vélamönnum á beltavélar strax. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 587 6440 & 663 5440.

**Næturvarsla og ræsting**
Vantar starfskraft til næturvörslu og ræstinga, einungis reglusamur og stundvís einstaklingur kemur til greina. Upplýsingar í síma 862 9024.

Vantar starfskraft í dag-og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 551 7474 og 864 7318.

Óska eftir að ráða málara eða menn vana málningarvinnu. Uppl. gefur Davíð í s. 898 6524.

Vegna aukinna verkefna vantar okkur starfsmenn í hellulagnir. Verður að hafa bíl til umráða. Uppl. veitir Gísli í s. 698 5222. Hellulist

**Ræstingar**
vantar starfsfólk í ræstingarvinnu bæði dag og kvöldvinnu. Uppl. í síma 578 1450

## Viðskiptatækifæri

Til sölu er 118 fm íbúð sem í dag er skipt í þrjár einingar, 58 fm, 40 fm, og 20 fm. Allar eru þær í útleigu með öruggur tekjur. Gott verð. Uppl í síma 8921679. Grétar.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur heldur félagsfund á Tunguhálsi 3 Miðvikudaginn 11. Maí kl. 17:30. Efni: undirbúningur undir landsfund Samfylkingarinnar.

## Einkamál




Erotik.is 20% afsl. af öllum vörum. Erotica Shop Hverfisgötu 82 S. 511 6966.









# Matur

## er mannsins gaman.

Líflegt 25 manna fyrirtæki í Garðabæ vill ráða starfskraft til þess að sjá um mötuneyti fyrirtækisins þ.e. hádegismat og kaffi. Ungur og heimsborgarlegur vinnustaður sem er til í ferska og skemmtilega matseld. Um 50-75% starf er að ræða. Umsóknarfrestur er til 18. maí.

Umsóknir berist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frettabladid.is merkt „starfskr. – 25".

# Starf í gleraugnaverslun

**Gleraugnaverslun ehf. rekur gleraugnaverslun í Kringlunni og á Laugavegi. Fyrirtækið auglýsir eftir starfsmanni eldri en 22 ára í verslanir sínar til almennra afgreiðslustarfa sem meðal annars felast í ráðgjöf til viðskiptavina.**

Góð enskukunnátta, þarf að geta sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum, vera framsækin, heiðarlegur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Umsóknum skal skilað til Gleraugnasmiðjunnar ehf., Laugavegi 36, 101 Reykjavík, fyrir 18. maí 2005.



# TRÉSMIÐIR ÓSKAST

Vegna uppbyggingar við Höfðatorg óskum við eftir trésmiðum til starfa sem fyrst. Við Höfðatorg mun rísa fjölbreytt skrifstofu- og atvinnuhúsnæði ásamt bílakjallara á tveimur hæðum fyrir um 800 bíla. Framkvæmdir munu standa yfir næstu 3–4 árin.

Nánari upplýsingar veitir Baldvin verkstjóri í síma 822 4431.

EYKT

ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

sími 595 4400 ■ eykt@eykt.is ■ www.eykt.is

# Læknafélag Reykjavíkur

Almennur félagsfundur verður haldinn þriðjudagskvöldið 10.05.05 kl. 20.00 í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

1) Kynning á norrænu samstarfi lækna að samningamálum.
2) Sigurður E Sigurðsson formaður samninganefndar LÍ kynnir stöðu og stefnu í samningamálum sjúkrahúslækna.
3) Önnur mál.

# allt

## - um ýmislegt o.fl. á hverjum degi -



**tilboð o.fl.**
FIMMTUDAGUR

**matur o.fl.**
FÖSTUDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ

**- auglýsingasími 550 5000 -**




VÍSIR HEFUR SMÁAUGLÝSINGARNAR!

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGUNA Á VISIR.is OG HÚN BIRTIST Í EINA VIKU Á VÍSI OG Í 100.000 EINTÖKUM AF FRÉTTABLAÐINU FYRIR AÐEINS 995 KR.

HVORT SEM ÞÚ ERT AÐ LEITA EÐA ÞARFT AÐ AUGLÝSA ...
... ÞÁ FINNUR ÞÚ ÞAÐ Á VISIR.IS

vísir ...UM ALLT!

# EIGNALISTINN

fasteignasala — www.eigna.is

Félag Fasteignasala

**Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609 • eigna@eigna.is**

Sigurður Örn Sigurðarson löggiltur fasteignasali

## ÁRBÆR



**HRAUNBÆR**

Mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi. Baðherbergi algjörlega endurnýjað, eldhús mikið endurnýjað, raflagnir í íbúðinni allar endurnýjaðar. Mjög barnvænt hverfi og stutt í alla þjónustu. **Verð. 15,8 millj.**

Uppl gefur Ólafur í s: 5304607/ 864-1243

## VESTURBÆR



**HRINGBRAUT - REYKJAVÍK**

3ja herbergja íbúð á efstu hæð. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skápaplássi, barnaherbergi með fataskáp, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Parket á stofu, holi og herbergjum . **V 15,7 millj.** Uppl gefur Ólafur í S.864-1243

## AUSTURBÆR



**ÁLFTAMÝRI**

Góð íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign. **V: 15,5 millj.**

## 101 REYKJAVÍK



**Brávallagata**

Góð 3ja herbergja miðhæð í velviðhöldnu húsi. Mikið endurnýjað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir.

**Laus 1. sept.05.**
**V: 18,9 millj.**

## KÓPAVOGUR – SALAHVERFI



**Kórsalir**

Góð, björt og vel skipulögð 99,1 fm, 3ja herbergja íbúð á 3.hæð ( lyftuhús ) Íbúðinni fylgir stæði í bílskýli.

Íbúðin skiptist í hol, svefniherbergi, stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús.

**V: 19,5 MILLJ. Laus 1. sept 05.**

## EIGNIR ÓSKAST

- **VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ**
- **MIKIL EFTIRSPURN EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA**
- **EINBÝLISHÚS, PARHÚS, RAÐHÚS, HÆÐIR, ÍBÚÐIR, IÐNAÐARHÚSNÆÐI, NÝBYGGINGAR**
- **VIÐ KOMUM, SKOÐUM OG VERÐMETUM SAMDÆGURS.**
- **SKOÐUN EIGNAR ER EKKI SKULDBINDING TIL SÖLU EIGNAR**

## HAFNARFJÖRÐUR



**Breiðvangur**

Mikið endurnýjuð 113,5fm 3-4 herb. íbúð á 3. hæð. Ný eldhúsinnrétting og tæki, þvottahús/ geymsla innaf eldhúsi. Baðherbergið með fallegri innréttingu og tækjum, flísar á gólfi, mosaik flísar í kringum baðkar. nýlegt parket á gólfum. Húsið klætt með steni.

Mjög góð staðsetning, stutt í alla þjónustu og skóla.

**Eignin getur verið laus við kaupsamning. Tilboð óskast**

**EIGNALISTINN ÖRUGG MIÐLUN FASTEIGNA - SÍMI SÖLUMANNA UTAN SKRIFSTOFUTÍMA: 864-1243**

# Athugasemdir við fréttir um veitingarekstur í Viðeyjarstofu

**GUÐNÝ GERÐUR GUNNARSDÓTTIR**
BORGARMINJAVÖRÐUR
SKRIFAR UM VEITINGAREKSTUR Í VIÐEY

Frá því að endurbyggingu lauk í Viðey árið 1988 hefur verið rekið veitingahús í Viðeyjarstofu. Árið 1997 tók fyrirtækið Goðatorg við veitingarekstri í Viðeyjarstofu. Var gerður samningur til tveggja ára, sem var endurnýjaður tvisvar sinnum. Haustið 2003 var hafin endurskoðun á rekstri í Viðey og ákvað menningarmálanefnd að samningar varðandi rekstur í Viðey skyldu lausir í árslok 2004. Var Steinari Davíðssyni veitingamanni kynnt þessi ákvörðun og samningur framlengdur til eins árs. Það lá því algjörlega ljóst fyrir að veitingarekstur í Viðeyjarstofu yrði boðinn út í ársbyrjun 2005.

Í samningi um veitingarekstur í Viðeyjarstofu er kveðið á um skyldur beggja aðila. Í ljósi þess að um mjög sérstakan stað og sögufrægt hús er að ræða, hefur Reykjavíkurborg, sem eigandi og leigusali, tekið sér mun meiri skyldur á herðar en leigusalar gera almennt, m.a. með því að tryggja reglulegar ferjusiglingar í Viðey og veita veitingamanni ýmsa þjónustu. Reykjavíkurborg hefur staðið við allar sínar skuldbindingar, en hins vegar hefur veitingamaðurinn ekki staðið við sínar og er í verulegum vanskilum með húsaleigu. Þegar veitingamaður óskaði eftir því að fá framlengingu á samningi til vors 2005 var honum gefið vilyrði fyrir því að því tilskyldu að skuld hans yrði greidd. Það hefur hann ekki gert það og því hefur samkomulagi við hann nú verið rift.

Steinar hefur opinberlega látið að því liggja að Reykjavíkurborg hafi „leynt og ljós grafið undan rekstri í Viðey“ og hann lætur einnig að því liggja að meint fækkun gesta sé borginni að kenna. Því er algerlega vísað á bug. Veitingareksturinn í Viðeyjarstofu er alfarið á höndum veitingamanns. Á undanförnum árum hafa um 70% gesta í Viðey verið gestir veitingahússins í Viðeyjarstofu og því er fækkun gesta að verulegu leyti á ábyrgð veitingamanns. Samanburður á fjölda þeirra sem heimsótt hafa Viðey í áranna rás er ekki samanburðarhæfur, þar sem gestatalning hefur ekki verið með sama hætti þau ár sem starfsemi hefur verið í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Hið rétta er að Reykjavíkurborg hefur bætt starfið í Viðey með ýmsum hætti í því skyni að styrkja staðinn sem útivistarsvæði, m.a. með kynningu og auglýsingum á eynni fyrir ferðamenn, gerð göngustíga og merkingu minja í eynni. Sú staðreynd að enginn bauð sig fram til að reka veitingahús í Viðeyjarstofu, í útboði sem auglýst var fyrir skömmu, og erfiður rekstur veitingahúss þar undanfarin ár, er fyrst og fremst til marks um að breytingar hafa orðið í veitingahúsarekstri í Reykjavík á undanförnum árum. Reykjavíkurborg hefur fullan hug á að Viðey verði eftirsóttur útivistar- og ferðamannastaður og hyggst efla starf þar enn frekar og meðal annars með því að bjóða siglingar úr miðborginni í eyna í sumar. Eitt af mörgu sem má skoða í Viðey í allt sumar er verk Ólafs Elíassonar, Blindi skálinn, sem verið er að setja upp í tilefni af Listahátíð í Reykjavík. Ekki er að efa að með því verki mun Viðey verða mikilvægur áfangastaður fyrir enn fleiri en áður. ■

# Hvati til heilbrigðara lífernis

**UMRÆÐAN**
ÁRLEGUR DAGUR HREYFINGAR




**HAUKUR ÞÓR HARALDSSON**
SVIÐSSTJÓRI HJÁ LÝÐHEILSUSTÖÐ

**ÞÓRARINN SVEINSSON**
DÓSENT Í LÍFEÐLISFRÆÐI VIÐ HÍ

*Það færist í vöxt að vinnuveitendur sjái sér hag í því að gera fólki kleift að stunda líkamsþjálfun í vinnutíma enda skili það sér í betri líðan á vinnustað og auknum afköstum.*

Árlegur dagur hreyfingar er haldinn 10. maí að frumkvæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Tilgangurinn er að hvetja almenning til aukinnar hreyfingar, að hvetja til þess að frumkvæði sé virkjað og að staðið sé fyrir uppákomum sem minna á heilsubætandi áhrif líkamlegrar hreyfingar. Síðast en ekki síst að yfirvöld marki sér stefnu og geri áætlanir sem miði að því að fólk taki þátt í sjálfbærri, reglulegri hreyfingu í frístundum, til að komast á milli staða, í vinnu og skóla eða heima við.

Regluleg hreyfing er manninum mikilvæg ef hann á að halda andlegri og líkamlegri heilsu. Þrjátíu mínútur af meðalröskri hreyfingu daglega dregur m.a. úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum, háþrýstingi, heilablóðfalli, sumum tegundum krabbameina og beinþynningu. Auk þess styrkir það líkamann og eykur úthald og þar með lífsgæði viðkomandi. Hreyfingin hefur líka áhrif á geðheilbrigði og getur stundum komið í stað annarra meðferða. Samband líkamsþjálfunar og depurðar er þekkt. Þá er sjálfsvirðing og sjálfsmynd sterkari meðal þeirra sem stunda líkamsþjálfun. Það er því ljóst að aukin líkamsþjálfun meðal almennings skilar sér í minni sjúkdómsbyrði og lægri kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Þema ársins 2005 er „Hvetjandi umhverfi“ (Supportive Environments). Rannsóknir sýna að umhverfi fólks hefur mikið um það að segja hvort fólk hreyfir sig og sé virkt líkamlega. Þannig spilar skipulag og fyrirhyggja í umhverfismálum stóran þátt í að gera hreyfingu og líkamlega áreynslu að lífsstíl meðal almennings. Hreyfivænt umhverfi er umhverfi sem býður öllum upp á möguleika til að njóta ánægjulegrar, auðveldrar og öruggrar líkamsþjálfunar við hæfi. Það bætir þannig heilsu, dregur úr félagslegri einangrun og eykur lífsgæði á margvíslegan hátt. Samband heilsusamlegra lífshátta og umhverfis er um þessar mundir rannsakað víða um heim sem ein lausn á þeim vanda sem við blasir í heilbrigðismálum. Með hreyfivænu umhverfi er m.a átt við:

Gott aðgengi að opnum svæðum, görðum og leiksvæðum þar sem fjölskyldan getur notið hreyfingar. Nálægð við slík svæði og greið og örugg leið þangað, hvetur fólk til útiveru. Umhverfið þarf að vera áhugavert, aðlaðandi, öruggt, heilnæmt og laust við mengun. Nálægð við náttúru hefur mikil og góð áhrif á líðan og heilsu. Varðveisla ósnortinnar náttúru í og við þéttbýli er því aðgerð sem getur skilað kostnaði.

Örugg og aðgengileg aðstaða til leikja, tómstunda og íþróttaiðkunar jafnt innandyra sem utan. Keppnisíþróttir eru ekki fyrir alla og því mikilvægt að fjölbreytt úrval sé fyrir hendi. Aðgengi mismunandi hópa að íþróttaaðstöðu, leikvöllum og sundlaugum á að vera góð. Sú gnægð af heitu vatni sem við búum við er lúxus sem hvatt hefur til útiveru og líkamsræktar og þar liggja enn ónýtt sóknarfæri.

Bætt aðstaða hjólandi og gangandi í umferðinni. Fjöldi þeirra eykst í hlutfalli við bætta aðstöðu s.s. öflugra stíga- og gatnakerfi, lýsingu, upphitun og hreinsun. Góðar almenningssamgöngur og umferðaröryggi skipta hér miklu ásamt nálægð við þjónustu. Færri bílum fylgja auk þess óbein heilsufarsáhrif með minni mengun og færri slysum. Breitt samgöngumynstur er örugg leið til að ýta undir reglulega hreyfingu, leið sem yfirvöld víða um heim horfa til.

Stígakerfi höfuðborgarsvæðisins er ágætt dæmi um hvetjandi aðgerð af þessu tagi. Margir nýta stígana til samgangna og á góðviðrisdögum er hægt að tala um traffík af fólki sem fer um af eigin fótafli. Fólki er gert kleift að njóta útivistar í þægilegri fjarlægð frá bílaumferð, oft á fallega grónum svæðum, í grennd við friðlýstar náttúruminjar eða við sjávarsíðuna.

Að börn og unglingar séu hvött til viðeigandi líkamlegrar áreynslu og íþrótta fyrir, í og utan skólatíma, m.a. með því að ganga þannig frá umhverfi skóla að það sé öruggt til göngu og hjólreiða.

Vinnustaðurinn er góður vettvangur til heilsueflingar og aukinnar hreyfingar. Það færist í vöxt að vinnuveitendur sjái sér hag í því að gera fólki kleift að stunda líkamsþjálfun í vinnutíma enda skili það sér í betri líðan á vinnustað og auknum afköstum. Í þessu sambandi er mikilvægt að vinnustaðir bjóði upp á aðgang að baðaðstöðu og umhverfi, inni eða úti, sem sé aðlaðandi og hvetji til líkamsræktar.

Ríki og sveitarfélög geta skapað farveg fyrir umhverfi og félagslegar aðstæður sem stuðlar að aukinni hreyfingu með heilsteyptri stefnumörkun og löggjöf. Verkefnið kallar þó einnig á breiða þátttöku m.a. félagasamtaka af ýmsu tagi, íþróttafélaga, skóla, fjölmiðla og atvinnulífs. Skipulagsfræðingar og arkitektar gegna lykilhlutverki og það er afar þýðingarmikið að þeir kynni sér sjónarmið og hugmyndafræði hreyfivæns umhverfis. Frekari rannsókna er þörf og mikilvægt er að skapa vitund meðal almennings og yfirvalda um mikilvægi hreyfingar og þátt umhverfisins í að hvetja fólk til hreyfingar. Slíkt skilar sér sem fjárhagslegur og heilsufarslegur ávinningur fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild. ■

# *Lenging fyrningar um fjögur ár er ekki nóg!*

**UMRÆÐAN**
FYRNING KYNFERÐISAFBROTA



**GUÐRÚN B. INGIMUNDARDÓTTIR**
NEMI Í FÉLAGSRÁÐGJÖF

*Þessi mismunun á meðferð kynferðisafbrota gegn stúlkum og drengjum er auðvitað hreint og beint kynjamisrétti.*

Það er sannarlega gleðiefni að frumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar um að afnema fyrningu í kynferðisafbrotum gegn börnum hafi nú verið afgreitt úr nefndinni. Loksins fær lýðræðið fram að ganga og Alþingi tækifæri til að rökræða málið. Nú er bara að vona að ríkisstjórnin setji frumvarpið á dagskrá sem fyrst.

Afgreiðsla meirihluta allsherjarnefndar var þó mikil vonbrigði þar sem hann treystir sér ekki til að afnema fyrninguna heldur lengir frestinn einungis um 4 ár. Því er ekki að neita að það er ákveðinn sigur að fá málið afgreitt úr nefndinni en því miður enginn fullnaðarsigur. Það er skref í rétta átt að fá fyrninguna lengda um fjögur ár en vegna eðlis þessara brota ekki nærri því nóg. Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Rúmlega 40% þeirra sem leita sér hjálpar hjá Stígamótum eru 30 ára eða eldri en samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn börnum fyrnd þegar brotaþolinn hefur náð 29 ára aldri. Þó við hækkum þennan aldur þannig að brotin fyrnist á bilinu 23-33 ára þá munum við samt sem áður halda áfram að fá fram mál þar sem sekt hins seka hefur verið sönnuð en hann sýknaður því brotið hefur þá þegar verið fyrnt.

**Hvað telur allsherjarnefnd til alvarlegustu brota?**
Stjórnarmeirihlutinn í allsherjarnefnd útilokar þó ekki að afnema fyrningu í alvarlegustu brotunum, en hvað þýðir það? Hvar ætla þeir að draga mörkin? Það er nefnilega mikill misskilningur að kynferðisleg áreitni gegn börnum felist eingöngu í að slegið sé á bossa barnsins. Þessi skil á milli alvarleika kynferðisafbrota í lögunum í dag eru vægast sagt mjög umdeild. Sem dæmi má nefna að lögin halla mjög á kvenkyns brotaþola þar sem greina þarf á milli þess hvort kynferðisafbrotamaðurinn hafi farið í innri eða ytri kynfæri stúlku. Þau brot þar sem ekki er farið í innri kynfæri stúlkubarns teljast aðeins til kynferðislegrar áreitni og fyrnast því aðeins á 5 árum. Eftir breytingu meirihluta allsherjarnefndar munu slík brot vera fyrnd þegar brotaþolinn hefur náð 23 ára aldri, burt séð frá lengd brotartíma, aldurs brotaþola þegar misnotkunin átti sér stað og svo framvegis. Vill allsherjarnefnd þá ekki telja langvarandi kynferðislega misnotkun á ytri kynfærum stúlkna til alvarlegustu brota? Finnst þeim rétt að greina þarna á milli? Þessi mismunun á meðferð kynferðisafbrota gegn stúlkum og drengjum er auðvitað hreint og beint kynjamisrétti.

**Kynferðisafbrot gegn börnum heyra til alvarlegustu brota!**
Hvaða brot fyrnast og fyrnast ekki byggir ekki á einhverju ófrávíkjanlegu lögmáli heldur er þetta spurning um pólitíska ákvörðun um að hafa sum brot ófyrnanleg. Nú þegar eru mörg brot sem ekki fyrnast, s.s. mannrán, manndráp, ítrekuð rán, landráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins og hryðjuverk. Þess má geta að lögum um fyrningu var breytt árið 1982 en fyrir þann tíma voru ófyrnanleg brot mun fleiri. Það er því eingöngu pólitísk ákvörðun hvort kynferðisafbrot gegn börnum séu metin til alvarlegustu brota eða ekki.

Í dag er talið að nær fimmta hvert barn verði fyrir kynferðislegri misnotkun. Þetta er eitt stærsta þjóðfélagsmein okkar tíma og verður að uppræta. Til þess verður að eiga sér stað vakning löggjafa og fagstétta á alvarleika og sérstöðu þessara brota. Við verðum að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að kynferðisafbrot gegn börnum séu ekki liðin. Sagan sýnir okkur að oft breytist hugarfar ekki fyrr en í kjölfar lagasetningar. Með því að afnema fyrningu í kynferðisafbrotum gegn börnum sýnum við með skýrum hætti hversu alvarlegum augum við lítum þessi brot og viðurkennum þessi brot í flokki með allra alvarlegustu brotum. ■



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.985 **-1,24%** — **Fjöldi viðskipta:** 375 **Velta:** 3.733 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kögun** | 0,32% | **KB banki** | -1,87% |
| **Actavis** | 0,25% | **Atorka** | -1,67% |
| **Marel** | 0,18% | **Jarðboranir** | -1,53% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 +0,25% ... Atorka 5,90 -1,67% ... Bakkavör 32,90 -1,50% ... Burðarás 13,65 -1,09% ... FL Group 14,30 – ... Flaga 5,20 -0,95% ... Íslandsbanki 13,20 -1,49% ... KB banki 525,00 -1,87% ... Kögun 62,60 +0,32% ... Landsbankinn 16,10 -0,62% ... Marel 55,30 +0,18% ... Og fjarskipti 4,13 -0,24% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,60 -1,28% ... Össur 80,50 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hlutabréf lækka í Kauphöllinni

**Bréf hafa lækkað sjö daga í röð. Bakkavör og Íslandsbanki hafa lækkað mest í síðustu viku.**

Hlutabréfaverð hélt áfram að lækka í Kauphöll Íslands í gær. Framan af degi lækkuðu bréf í KB banka verulega en hækkuðu á ný undir lok dags og nam lækkunin á þeim bréfum í gær tæpum tveimur prósentum.

Í heildina lækkaði Úrvalsvísitalan um 1,24 prósent en þetta er sjöundi dagurinn í röð sem Úrvalsvísitalan lækkar. Vísitalan fór niður fyrir fjögur þúsund stigin í gær í fyrsta sinn í rúmlega tvær vikur. Alls hefur Úrvalsvísitalan lækkað um tæp fjögur prósent í þeirri lækkunarhrinu sem nú er í gangi.

Úrvalsvísitalan er nú á svipuðum slóðum og hún var í byrjun október áður en lækkunarhrina gekk í garð. Þá fór Úrvalsvísitalan úr 3.947 stigum í byrjun október niður í 3.216 stig í byrjun nóvember.

Hlutabréfaverð tók svo við sér á ný í desember og hafa þeir sem keyptu bréf í niðursveiflunni fengið mjög góða ávöxtun síðan þá.

Mest hefur Bakkavör lækkað í síðustu viku, um 4,9 prósent, en Íslandsbanki hefur lækkað um 4,3 prósent.

Aðeins tvö félög í Úrvalsvísitölunni hafa hækkað á síðustu fimm dögum; Actavis um eitt prósent og Kögun um 0,16 prósent.

- þk



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VERÐBRÉFIN LÆKKA** Sjö daga í röð hefur Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkað.

# Hagnast á innlendum hlutabréfum

**Burðarás birtir uppgjör í dag.**

Í dag birtir Burðarás þriggja mánaða uppgjör sitt og er félaginu spáð í kringum 4,5 milljörðum í hagnað. Mesti hluti hagnaðarins kemur af innlendri hlutabréfaeign en félög í eigu félagsins hækkuðu vel á fyrsta ársfjórðungi.

Einnig fékk Burðarás greiddan um 700 milljóna króna arð af hlutabréfaeign sinni í Carnegie á tímabilinu. Þá seldi félagið hlut sinn í Og Vodafone og Samherja á tímabilinu og innleysti þar töluverðan gengishagnað.

- dh

**SPÁ UM AFKOMU BURÐARÁSS – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki | 5.384 |
| KB banki | 4.297 |
| Landsbanki | 4.820 |



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÁTTUR STJÓRI** Björgólfur Thor Björgólfsson er stjórnarformaður Burðaráss. Fyrirtækið birtir í dag þriggja mánaða uppgjör sitt.

# Pólskt farsímaleyfi

Netia Mobile, sem er í meirihlutaeigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur verið úthlutað fjarskiptaleyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma í Póllandi.

Er þetta fjórða leyfið fyrir þriðju kynslóð farsíma sem veitt er í Póllandi. Samhliða var útboð GSM 1800 farsímaleyfa, en enginn umsækjenda var talinn uppfylla öll skilyrði fyrir slíku leyfi.

Björgólfur Thor hefur verið fyrirferðarmikill í kaupum á símafyrirtækjum í Austur-Evrópu og á einnig í slíkum fyrirtækjum í Búlgaríu og Tékklandi.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð: kr. 14.910

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

30% afsláttur

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI — Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN — Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is




Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botn í markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórviðburði heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



**FRED ASTAIRE (1899-1987)**
fæddist þennan dag.

*„Því hærra sem þú kemst, því fleiri mistök leyfist þér að gera. Þegar komið er efst á toppinn er litið á þau, ef þú gerir nógu mikið af þeim, sem þinn persónulega stíl.“*

***Fred Astaire var ein helsta stjarnan í bandarískum dans- og söngvamyndum um miðbik síðustu aldar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Churchill varð forsætisráðherra

Þennan dag fyrir 65 árum tók Winston Churchill flotaforingi við forsætisráðherraembætti Bretlands. Neville Chamberlain hafði sagt af sér sem forsætisráðherra þann sama dag. Chamberlain hafði undirritað samkomulag við Adolf Hitler árið 1938 og hafði í framhaldi af því uppi stór orð um að þetta samkomulag myndi tryggja „frið á okkar tímum“. Allar friðarvonir hrundu þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland 1. september árið 1939 og fljótlega varð ljóst að Chamberlain réð illa við það verkefni að vera forsætisráðherra Breta á ófriðartímum. Chamberlain missti stuðning félaga sinna í Íhaldsflokknum í apríl árið 1940, strax og ljóst varð að Bretum myndi ekki takast að koma í veg fyrir að Þjóðverjar réðust inn í Noreg.
Þegar Þjóðverjar réðust svo inn í Holland og Belgíu 10. maí sama ár samþykkti breska þingið vantraust á Chamberlain. Hann sagði af sér og Churchill var fenginn til þess að taka við.
Þremur dögum síðar hélt Churchill sína fyrstu þingræðu og sagðist þá hafa „ekkert að bjóða nema blóð, svita og tár“.



**WINSTON CHURCHILL**

## MERKISATBURÐIR

**1774** Lúðvík sextándi tók við konungstign í Frakklandi.
**1924** J. Edgar Hoover tekur við yfirstjórn bandarísku alríkislögreglunnar FBI, sem hann átti eftir að stjórna í 48 ár samfleytt.
**1941** Þýski nasistaforinginn Rudolf Hess kemur til Skotlands svífandi í fallhlíf og segist vilja friðarsamninga.
**1954** Rokkarinn Bill Haley sendir frá sér smáskífu með laginu Rock Around the Clock.
**1990** Stjórnvöld í Kína leysa úr haldi 211 þeirra sem handteknir höfðu verið eftir mótmæli á Torgi hins himneska friðar tæpu ári áður.
**1994** Nelson Mandela tekur við forsetaembætti í Suður-Afríku.
**1997** Jarðskjálfti í Íran verður 2.400 manns að bana.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*
**Haraldur Halldórsson**
bifreiðastjóri, Bleiksárhlíð 14, Eskifirði,

andaðist á sjúkrahúsi Seyðisfjarðar laugardaginn 7. maí.
Útförin tilkynnt síðar.

**Sigrún M. Bjarnadóttir, Ragnheiður B. Haraldsdóttir, Jón Ævar Haraldsson, Huldís S. Haraldsdóttir, Heimir Haraldsson, Bjarnrún K. Haraldsdóttir, Júlíana Haraldsdóttir, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar yndislegi sonur, bróðir og dóttursonur,*
**Hilmar Már Jónsson**

lést laugardaginn 7. maí á Grensásdeild Landspítalans.

**Sigrún Guðjónsdóttir** **Jón Kristjánsson**
**Elsa Borg Jónsdóttir**
**Ester Ýr Jónsdóttir**
**Elsa Borg Jósepsdóttir** **Guðjón Þorsteinsson.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*
**Sigurður Jónsson**
lyfjafræðingur, Þorragötu 9, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á líknarstofnanir.

**Guðlaug Ágústa Hannesdóttir**
**Jón Sigurðsson** **Una Eyþórsdóttir**
**Hannes Sigurðsson** **Sesselja Guðmundsdóttir**
**Ólöf Guðrún Sigurðardóttir**
**Albert Páll Sigurðsson** **Rannveig Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*
**Helgi Hermannsson**
stýrimaður, Heiðarbraut 1c, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 11.00.

**Valdís Þórarinsdóttir,**
**Hermann Helgason** **Steinunn Ýr Þorsteinsdóttir**
**Jóhann Þór Helgason** **Særún Rósa Ástþórsdóttir**
**Pétur Örn Helgason** **Hrafnhildur Gunnarsdóttir**
**Jón Halldór** **Soffía Axelsdóttir**
**Áslaug Ólafsdóttir** **Hermann Helgason**
**Jóhanna Valtýsdóttir** **Þórarinn Brynjar Þórðarson**
**og barnabörn**



**VALUR STEFÁNSSON** Valur gekk í Neista eftir að hann eignaðist dreng með alvarlegan hjartagalla í maí árið 1995. Hann var formaður félagsins í tíu ár.

**TÍMAMÓT**: NEISTINN, STYRKTARFÉLAG HJARTVEIKRA BARNA, TÍU ÁRA

# Ómetanlegt starf í áratug

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, fagnaði tíu ára afmæli í gær. Valur Stefánsson hefur verið félagi í Neistanum nánast frá upphafi og var formaður í fjögur ár. „Neistinn var stofnaður af sannkölluðum kraftaverkakonum sem áttu það sameiginlegt að eiga hjartveik börn. Þær langaði til að hitta aðra foreldra sem voru í sömu sporum til að geta miðlað af reynslu sinni og fá jafnframt upplýsingar frá öðrum foreldrum.“
Félagatalið hefur síðan vaxið jafnt og þétt og í dag telur það á þriðja hundrað fjölskyldur. Sjálfur gekk Valur í Neistann í lok maímánaðar árið 1995 eftir að hann eignaðist dreng með alvarlegan hjartagalla. „Hjá Neistanum fengum við konan mín mikla og góða aðstoð, auk þess sem við fengum tækifæri til að kynnast fólki sem svipað var statt fyrir og hafði gengið í gegnum það sama og við. Þetta sparaði okkur mörg spor þar sem við vorum hreinlega mötuð af upplýsingum í stað þess að þurfa að finna upp hjólið að nýju.“
Þegar fólk eignast barn með hjartagalla og þarf að fara utan með barnið í aðgerð getur það sett fjárhag fjölskyldunnar úr skorðum. Þá kemur styrktarsjóður Neistans að góðum þörfum og njóta fjölmargar fjölskyldur styrkveitinga á ári hverju.
Valur segir að ár sín í formannsstóli samtakanna hafi verið honum mikilvægur skóli og frá upphafi hafi margir viljað leggja félaginu lið. „Þá eiga sérfræðingar sem hafa séð um hjartveiku börnin heiður skilinn, því þeir hafa allir verið boðnir og búnir að rétta félaginu hjálparhönd og unnið ómetanlegt starf.“
Meðal velunnara félagsins er Eiður Smári Guðjohnsen, nýbakaður Englandsmeistari í knattspyrnu. Hann gaf félaginu treyjuna sem hann lék í þegar Chelsea vann deildabikarinn. Treyjan seldist á 500 þúsund krónur og rann allur hagnaðurinn til Neistans. „Hugur Eiðs Smára er ómetanlegur og vonandi verður hann öðrum landsmönnum hvatning til að styrkja Neistann svo félagið geti áfram sinnt því góða starfi sem það hefur gert í áratug“. ■

## ANDLÁT

**Jón B. Kvaran**, loftskeytamaður, Laugarásvegi 66, Reykjavík, lést miðvikudaginn 4. maí.

**Kjartan Ólafsson**, bóndi, Sandhólum, Bitrufirði, lést fimmtudaginn 5. maí.

**Sigurbjörg Lúðvíksdóttir**, frá Djúpavogi, síðast búsett á hjúkrunarheimilinu Grund, lést fimmtudaginn 5. maí.

**Jóhannes Guðvarðarson** lést föstudaginn 6. maí.

**Rósa Þorsteinsdóttir**, Hjúkrunarheimilinu Höfn í Hornafirði, lést laugardaginn 7. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Aðalsteinn Janus Sveinjónsson**, Sólheimum 25, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Sigríður Magnúsdóttir**, frá Bæ í Króksfirði, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

# Hjálpa börnum í sumarbúðir

Finnur Ingólfsson, forstjóri Vátryggingafélags Íslands, afhenti Fjölskylduhjálp Íslands í gær styrk að andvirði 200 þúsund krónur. Fjölskylduhjálpin safnar um þessar mundir peningum í sumarbústaðasjóð til að gefa börnum frá efnalitlum heimilum kost á að komast í sumarbúðir. Ásgerður Jóna Flosadóttir, forstöðumaður Fjölskylduhjálpar, segir styrkinn afar kærkominn. „Með þessum styrk getum við sent átta börn í sumarbúðir.“
Þetta er í annað sinn sem Fjölskylduhjálpin safnar fé til að senda börn í sumarbúðir. „Við söfnuðum fé fyrir 30 börn í fyrra, en vonumst til að geta sent fleiri í ár,“ segir Ásgerður. „Við þyrftum að fá nóg fyrir 80 börn, því fólk alls staðar af landinu leitar til okkar.“



**STYRKURINN AFHENTUR** Ásgerður Jóna Flosadóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Ragna Rósantsdóttir og Finnur Ingólfsson.

Þeim sem vilja styrkja sumarbústaðasjóð Fjölskylduhjálpar Íslands er bent á reikningsnúmerið 101-26-66090 en kennitala samtakanna er 660903-2590.

# TIL HAMINGJU!

Stöð 2, Coca-Cola, Maarud og Sena óska Hildi Völu, IDOL stjörnu Íslands innilega til hamingju með sína fyrstu geislaplötu.




Both Sides Now • **Dark End of the Street** • Songbird
**Líf** • Í fylgsnum hjartans • **Chuck E.'s in Love** • Röddin þín
**The Boy Who Giggled so Sweet** • Circle of Friends • **Luka**
For No One • **Húsin mjakast upp**

## KOMIN Í VERSLANIR

Munið útgáfutónleikana í Salnum
miðasala í síma 5 700 400 og á www.salurinn.is

2 • Coca-Cola • MAARUD • sena



## Heyrst hefur...

... að landsliðsmarkvörðurinn Ólafur Haukur Gíslason sé búinn að semja við svissneska úrvalsdeildarfélagið Pfadi Winterthur. Bikarmeistarar ÍR standa því eftir markmannslausir því Hreiðar Levy Guðmundsson samdi við KA fyrir nokkrum dögum síðan.

# sport

sport@frettabladid.is

**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON, ÞJÁLFARI KEFLAVÍKUR:** SPÁÐ 6. SÆTINU Í LANDSBANKADEILDINNI

## *Hefur verið spáð neðar í deildinni*

Guðjóni Þórðarsyni og lærisveinum hans hjá Keflavík er spáð sjötta sæti Landsbankadeildarinnar í ár af kollegum þeirra í deildinni. Er þetta með því lægsta sem Guðjóni hefur verið spáð hingað til á hans þjálfaraferli, en þó ekki það allra lægsta. „Mér var spáð fallsæti þegar ég byrjaði með Skagann 1987. Eins höfðu menn ekki mikla trú á mér þegar ég fór til KA svo að þetta er bara skemmtilegt," sagði Guðjón í samtali við Fréttablaðið eftir blaðamannafund KSÍ í gær. „Markmið mitt er mjög einfalt – að gera Keflavík að það sterku liði að það verði mjög erfitt að vinna það," bætti Guðjón við fullur sjálfstrausts og má leiða að því líkur að keppnismaðurinn Guðjón Þórðarson muni leggja allt í sölurnar í sumar til að hrekja þessa spá.



„Auðvitað eru alltaf gerðar væntingar. Ég hef skilað góðum árangri með mín lið undanfarin ár og þó ég hafi ekki verið lengi í baráttunni hér heima tel ég það vera eðlilegt," segir Guðjón, sem kveðst ekki finna fyrir meiri pressu nú en oft áður. „Ég er meðvitaður um að hlutirnir gerast ekki á einni nóttu. Ég hef aðeins verið hérna í nokkra mánuði og er að reyna að breyta hlutunum hægt og rólega en til þess að gera Keflavík að öflugu félagi þarf margt að breytast og bæta marga þætti," sagði Guðjón og nefndi umgjörð og marga aðra þætti sem lúta að félaginu í því sambandi.

„Það er ennþá verið að móta liðin í deildinni og þar er Keflavík engin undantekning. Ég hafði í hendinni um daginn nokkra menn sem áttu að koma til mín en síðan gekk það úr skaftinu svo að ég þurfti aðeins að endurskipuleggja mig," segir Guðjón og virðist meðvitaður um að leikmannahópur Keflavíkur þurfi á auknum liðsstyrk að halda fyrir sumarið. Hann telur spána sem gerð var kunn í gær vera nokkuð raunsæja. „Ég tel að FH og KR séu með sterkustu leikmannahópanna og Hafnfirðingar unnu mótið í fyrra mjög verðskuldað. Þeir hafa bara verið að styrkjast svo að ég tel fullkomlega raunhæft að þeim sé spáð sigri."

### > Við hrósum ...



... Hlyni Bæringssyni fyrir að takast á við stærri verkefni í körfuboltanum og styrkja sjálfan sig sem leikmann og um leið íslenska körfuboltalandsliðið.

### > Við hrósum ...

... forráðamönnum Og Vodafone og KSÍ fyrir að taka höndum saman og vinna í því að bjóða fjölmiðlamönnum upp á betri aðstöðu í sumar en þekkst hefur í fyrri tíð. Og Vodafone ætlar meðal annars að setja upp þráðlaust net í blaðamannaaðstöðu á öllum völlum, sem þýðir að fótboltaáhugamenn geta fengið nýjustu tíðindi úr leikjum um leið og þau berast - allt í gegnum netið!



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

7 8 9 **10** 11 12 13

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.00 **Valur** og **ÍBV** eigast við í Egilshöll í Meistarakeppni kvenna í knattspyrnu.

**SJÓNVARP**

- 17.35 **Olíssport** á Sýn.
- 18.50 **UEFA Champions League** á Sýn.
- 18.55 **Man. Utd.** – **Chelsea** á Skjá einum.
- 19.20 **World Supercross** á Sýn.
- 20.15 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Barcelona** og **Ciudad Real**.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.30 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá öðrum leik **Miami og Washington Wizards** í NBA.

**LEIKIR GÆRDAGSINS**

*Meistarakeppni KSÍ:*

| FH–KEFLAVÍK | 2–0 |
|---|---|

1–0 Atli Viðar Björnsson (11.), 2–0 Freyr Bjarnason (45.).

# FH-ingar mæta sterkir til leiks

**FH vann Keflvíkinga, 2–0, í Meistarakeppni KSÍ í gær og það án dönsku leikmannanna þriggja. Þrátt fyrir það voru FH-ingar mjög sterkir og greinilega með mannskapinn í meistaralið í deildinni í sumar.**

**FÓTBOLTI** Sólin skein á leikmenn FH og Keflavíkur sem háðu hinn árlega Meistarakeppnisleik KSÍ sem markar upphaf Íslandsmótsins í gærkvöldi. Liðin mætast svo aftur strax í 1. umferð mótsins.

FH-ingar mættu til leiks án þeirra þriggja Dana sem eru í leikmannahópi liðsins. Tommy Nielsen tók út bann frá síðasta tímabili en Allan Borgvardt og Dennis Siim áttu við smávægileg meiðsl að stríða. Annars var liðinu stillt upp nokkurn veginn eins og búast mátti við.

### Handbragð Guðjóns augljóst

Það var óneitanlega gaman að sjá Tryggva Guðmundsson aftur í íslenska boltanum og er greinilegt að þó hann sé nokkrum árum eldri hefur hann aðeins bætt sig á þeim tíma sem hann var erlendis sem atvinnumaður.

Handbragð Guðjóns Þórðarsonar var augljóst á Keflavíkurliðinu. Liðið er mjög skipulagt, leikur þéttan varnarleik með tvo afturliggjandi miðjumenn sem sækja fram í skyndisóknum.

FH-ingar höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleik og skoruðu mörkin tvö þá. Atli Viðar Björnsson skoraði það fyrra á 11. mínútu, eftir að Ómar Jóhannsson náði ekki að halda góðu skoti Tryggva. Á lokamínútu hálfleiksins var varnarmaðurinn Freyr Bjarnason mættur í vítateig Keflvíkinga og skoraði með föstu skoti eftir að boltinn hafði dottið fyrir hann eftir aukaspyrnu frá miðjum vallarhelmingi gestanna.

Guðjón Þórðarson fór greinilega vel yfir málin í hálfleik með sínum mönnum því Keflvíkingar voru mun betri aðilinn fyrri hluta síðari hálfleiksins. Ekki tókst þeim þó að ógna marki FH að einhverju ráði enda FH-vörnin gífurlega sterk, þó Nielsen hafi vantað.

### Ekki kominn í sumarfrí

„Þetta er ágætt, það var gaman að spila í Kaplakrika aftur í fyrsta sinn síðan 1995," sagði Tryggvi Guðmundsson eftir leik. „Ég er ekki kominn til að slappa af í sumarfríi. Ég ætla að standa mig vel og sýna hvað ég get. Það var sv osem vorbragur á þessum leik í dag en við vorum klassanum betri og verðum vonandi aftur eftir viku."

Leikurinn markaði einnig endurkomu Guðjóns Þórðarsonar í íslenska boltann eftir langa fjarveru og aðspurður um það sagði hann einfaldlega að það væri „gaman í boltanum, hvar sem maður er". Eins og allir vita er hann aldrei ánægður með að tapa en sá nokkra ljósa punkta í leik sinna manna. „FH-ingar eru mjög sterkir og refsuðu okkur fyrir mistökin sem við gerðum. En ég er þokkalega sáttur við nokkur atriði, það komu tímar þar sem við hefðum átt að nýta þau tækifæri sem við sköpuðum okkur betur. En sumarið er rétt að byrja og enn mikið verk óunnið."

FH-ingar voru mjög sterkir fram á við og Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, Tryggvi og Jón Þ. Stefánsson áttu góðan leik. Daði var óöruggur í markinu en það lagast vonandi þegar fram líða stundir. Hjá Keflavík var Ingvi Rafn Guðmundsson frískur og hinn sænski Michael Johansson var ágætur í vörninni.

eirikurst@frettabladid.is



**BIKARINN Á LOFT** Heimir Guðjónsson lyftir á loft fyrsta bikar FH árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Árleg spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna Landsbankadeildarliða:

# FH mun verja Íslandsmeistaratitilinn

**FÓTBOLTI** „Það er ávallt talað um að það sé erfiðara að verja titil en að vinna hann. Svei mér þá ef það er ekki rétt," sagði Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, í samtali við Fréttablaðið eftir að niðurstöður hinnar árlegu spár aðstandenda félaga um lokastöðu þeirra í Landsbankadeild karla og kvenna höfðu verið kunngjörðar almenningi í gær.

Hjá körlunum er Heimi og félögum hjá FH spáð titlinum annað árið í röð og hlaut liðið 279 stig í kosningunni. Fast á hæla FH fylgja KR-ingar með 258 stig, en þetta er í annað sinn á tæpum áratug sem KR er ekki spáð sigri í deildinni. Þá er Grindavík og ÍBV spáð falli.

Heimir telur að spáin sé ekki til að setja aukna pressu á Hafnfirðinga. „Við fórum inn í tímabilið í fyrra með þeirri ætlun að vera í toppbaráttunni. Við ætlum að gera það aftur núna. En á sama tíma í fyrra vorum við að mér finnst að spila mun betur og það er ljóst að við þurfum að bæta okkur ef við ætlum okkur að verja þennan titil og þar með láta spána rætast," sagði Heimir.

Lið Grindavíkur hlaut nokkuð afgerandi kosningu sem tíunda og neðsta liðið í ár. Milan Stefán Jankovic, þjálfari liðsins, kveðst þó taka spánni með stóískri ró.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem okkur er spáð löku gengi og það vill loða við mig, hvort sem ég er leikmaður eða þjálfari, að vera í liði sem er ekki spáð góðu gengi. Samt hef ég aðeins fallið einu sinni," sagði Milan Stefan Jankovic, þjálfari Grindavíkur, glottandi í samtali við Fréttablaðið.

„Ég og allir strákarnir í liðinu tökum þessari spá með fyrirvara. Þetta hefur ekki mikil áhrif á okkur. þvert á móti er þetta bara meiri áskorun á okkur til að afsanna þessa spá," segir Milan, sem kveðst ekki hafa á lélegasta liði Landsbankadeildarinnar að skipa.

„Við erum kannski með minnsta mannskapinn í deildinni en við erum ekki lélegastir."

vignir@frettabladid.is



**ÞJÁLFARAR Í LANDSBANKADEILD KARLA** Efri röð frá vinstri: Ásgeir Elíasson, þjálfari Þróttar, Magnús Gylfason, þjálfari KR, Guðjón Þórðarson, þjálfari Keflavíkur, Þorlákur Árnason, þjálfari Fylkis, Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV og Milan Stefán Jankovic, þjálfari Grindavíkur. Neðri röð frá vinstri: Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH og Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM



**AÐALSTEINN EYJÓLFSSON** Kominn heim í Garðabæinn.

Kvennalið Stjörnunnar:

# Aðalsteinn tekur við

**HANDBOLTI** Aðalsteinn Eyjólfsson er á leið til Íslands á ný eftir ársdvöl í Þýskalandi með TuS Weibern. Hann hefur komist að samkomulagi við Stjörnuna um að stýra kvennaliði félagsins næstu tvö árin. Aðalsteinn er enn staddur í Þýskalandi þar sem hann er að ganga frá starfslokasamningi við Weibern en hann áætlar að flytja til Íslands á ný í lok mánaðarins.

„Það er nánast frágengið tveggja ára samkomulag við Stjörnuna og ég skrifa undir samning þegar ég kem heim,“ sagði Aðalsteinn við Fréttablaðið í gær en af hverju ákvað hann að fara til Stjörnunnar? „Þetta er mitt heimafélag þar sem ég ólst upp og svo er leikmannahópurinn mjög spennandi og það verður gaman að vinna með honum.“

Aðalsteinn býst við því að halda nánast öllum mannskapnum sem er fyrir hendi og hann mun að öllum líkindum fá góðan liðsstyk í Jónu Margréti Ragnarsdóttur sem lék undir hans stjórn í Þýskalandi í vetur. Hún er Stjörnukona að upplagi og heimildir Fréttablaðsins herma að hún sé á leið heim í Garðabæinn. Stjarnan stefnir á að taka þátt í Evrópukeppni næsta vetur og því vaknar sú spurning hvort Stjarnan ætli að fá sér erlenda leikmenn.

„Ég treysti núverandi hópi fullkomlega fyrir verkefninu og að öllu óbreyttu sé ég ekki ástæðu til þess að fá erlenda leikmenn,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, tilvonandi þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar. **- hbg**



**LAGSTUR Í VÍKING** Hlynur Bæringsson leikur í hollensku úrvalsdeildinni á næsta tímabili með liðinu Woonaris.

Snæfell varð fyrir miklu áfalli í gær:

# Hlynur á leið til Hollands

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson, sem hefur verið burðarás í liði Snæfells undanfarin ár, hefur samþykkt tilboð frá Woonaris í Hollandi. „Ég fer út í haust. Þangað til mun ég kappkosta við að kynnast sérhollenskri matarmenningu eins og til dæmis pítsu og hamborgurum,“ sagði Hlynur hlæjandi í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta var gott tækifæri til að reyna eitthvað nýtt enda er ég búinn að spila í úrvalsdeildinni síðan ég var 15 ára. Aðalatriðið var að komast í lið þar sem ég gæti fengið spilunartíma og ég tel mig hafa alla burði til þess hjá Woonaris.“

Hlynur verður landsliðinu til fulltingis í sumar en heldur utan í ágúst. „Tímabilið er á svipuðum tíma og hér en ég er ákveðinn í að nýta sumarið til að fínpússa viss atriði.“

Baráttumaðurinn mikli sagði að Brandon Woudstra, fyrrum leikmaður Njarðvíkur sem nú leikur með Woonaris, hefði borið liðinu vel söguna. „Ég hef leitað töluvert til hans og fengið upplýsingar um liðið.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Woonaris einnig gert tilboð í Sigurð Þorvaldsson, samherja Hlyns hjá Snæfelli, en hann var valinn besti leikmaður tímabilsins í vetur. Sigurður hafði ekki gert upp hug sinn þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- sj**



**HRESS OG KÁT** Þjálfarar kvennaliðanna brostu sína blíðasta í gær.

Landsbankadeild kvenna:

# Valsstúlkum spáð sigri

**FÓTBOLTI** „Miðað við úrslit vorleikja og okkar frammistöðu í fyrra get ég nú ekki sagt að þetta komi mér mikið á óvart,“ sagði Íris Andrésdóttir, fyrirliði Valsstúlkna, en henni og stöllum hennar er spáð efsta sæti í Landsbankadeild kvenna.

Valsstúlkur hlutu nokkuð stóra kosningu með 187 stig en rétt eins og hjá körlunum er liði KR spáð öðru sæti. Valur, sem á titil að verja, mætir til leiks í ár með lítið breytt lið frá því í fyrra og hefur að auki fengið gríðarlegan liðsstyrk í formi Margétar Láru Viðarsdóttur, einnar fremstu knattspyrnukonu landsins.

„Mér finnst deildin vera jafnari nú en oft áður þannig að ég á von að þetta verði mjög skemmtilegt mót. Við hjá Val lítum á þessa spá sem eitthvað sem er til gamans gert og ég tel að þetta hafi nú lítil áhrif á okkur. En auðvitað ætlum við okkur að halda titlinum á Hlíðarenda,“ bætti Íris við. **- vg**



## Finnskir sauna ofnar

Finnskir sauna ofnar, raf- eða viðarkyntir. Einnig arinofnar Áklæðaúrvalið er hjá okkur leður og leðurlíki auk þess pöntunarþjónusta eftir ótal sýnishornum.




Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## Slöngubátar

Slöngubátar, stórir litlir og Kajak sama lága verðið á þessu sem öðru



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## LATHI sumarhús

Höfum fengið nokkur LAHTI sumarhús á mjög sérstöku tilboðsverði. Stærð 13,2 fm + verönd með 45 mm. bjálkum. Algjört lottó.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## Fallegar þakflísar



KATEPAL þakflísar skapa kórónu hverrar byggingar.
Yfir 60 ára reynsla um allan heim.
Viðhaldsfrítt. Fjórir sanseraðir litir.
Mjög auðveld lagning á margbrotin þök.
Ekkert tjörumak.
Gerið verðsamanburð.
**goddi.is, Auðbrekka 19, 200 Kópavogi, sími 544 5550**

## Sauna klefar

Finnskir sauna klefar af ýmsum stærðum og gerðum. Panel eða bjálkabyggðir.
Fáanlegir fyrir bæði úti eða inni.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

## Helsinki bjálkahús



Gullfalleg bjálkahús ca. 54 fm með 13 fm verönd á ótrúlegu verði. Hægt að fá á ýmsum byggingarstigum.

**Upplýsingar: Goddi ehf.**

Auðbrekku 19, 200 Kópavogur. sími 544 55 50

## Bræðslu þakpappi frá þekktustu þakpappaverksmiðju Finnlands



- Getum útvegað verktaka til lagningar
- Vönduð vinna
- Vandað efni
- Gerið verðsamanburð

**goddi.is, Auðbrekka 19, 200 Kópavogi, sími 544 5550**







# STUÐ MILLI STRÍÐA : 12 spor í geimnum

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** TELUR LOGA GEIMGENGIL VERA UPPKOMIÐ BARN ALKÓHÓLISTA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Af öllum þeim bókum sem ég hef lesið og kvikmyndum sem ég hef séð hefur ekkert verk haft meiri og djúpstæðari áhrif á mig en fyrsta Stjörnustríðsmyndin, sem George Lucas gerði árið 1977. Hún er ekki merkilegur kvikmyndakveðskapur; byggir á hundgamalli ævintýraformúlu, er frekar illa leikin og samtölin sem Lucas skrifar eru á köflum með því versta sem sögur fara af. Samt býr þessi mynd yfir einhverjum galdri og áhrifamáttur hennar fer síður en svo dvínandi þótt 28 ár séu síðan hún flutti heilu kynslóðirnar langt aftur í tíma til vetrarbrautar sem er langt, langt í burtu.

Ég gleymi því aldrei hversu mikið sjokk ég fékk í myrkrinu í Nýja bíói þegar Svarthöfði sagði Loga Geimgengli að hann væri faðir hans í framhaldsmyndinni Keisaraveldið snýr aftur. Ég þurfti að láta segja mér þetta þrisvar enda of ungur til þess að skilja hversu risavaxinn og stórfenglegan fjölskylduharmleik Lucas var með í huga þegar hann lagði drögin að sex þátta geimóperunni sinni sem hann lýkur loks með glæsibrag í The Revenge of the Sith sem kemur í bíó fyrir mánaðamót.

Eins og öll mögnuð listaverk vekur Stjörnustríð upp ólíkar kenndir og hugsanir hjá hverjum og einum. Sjálfur hef ég skipt um túlkunarleiðir á sögunni oft og mörgum sinnum í gegnum árin og þessa stundina skoða ég myndirnar sem alkadrama. Oflæti, gremja og hatur sem kraumar í Anakin verður til þess að hann gefur sig illa Keisaranum (Bakkusi) á vald. Áfengi lætur gott fólk gera vonda hluti og Svarthöfði vinnur hroðaleg illvikri í illskuvímu þar til meðvirkur sonur hans, Logi Geimgengill, brýtur upp sjúkt fjölskyldumynstrið og bjargar föður sínum.

Anakin fellur með látum í sumar og hans bíður 12 spora þrautaganga aftur á bak þar til hann rís upp sem ábyrgur fjölskyldufaðir í The Return of the Jedi.

Máttúrinn er mikill og megi hann vera með okkur öllum. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Orka söngsins

Starfsfólk bæði Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar hefur yfirdrifið nóg af söngorku, sem beisluð er í kórastarfi fyrirtækjanna.

Í kvöld gefst tækifæri að hlýða á Landsvirkjunarkórinn og Kór Orkuveitu Reykjavíkur á sameiginlegum tónleikum sem kórarnir halda í Grensáskirkju.

Einsöngvarar eru Þuríður G. Sigurðardóttir sópran og Þorgeir J. Andrésson tenór. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Landsvirkjunarkórinn** og **Kór Orkuveitu Reykjavíkur** halda sameiginlega tónleika í Grensáskirkju. Einsöngvarar eru **Þuríður G. Sigurðardóttir** sópran og **Þorgeir J. Andrésson** tenór. Enginn aðgangseyrir.

### FYRIRLESTRAR

☐ 20.00 **Nína Rós Ísberg**, doktorsnemi í mannfræði, heldur fyrirlestur í Reykjavíkurakademíunni um „íslenskun erlendra kvenna“, einkum um aðlögun þýskra kvenna að íslensku samfélagi.

### SAMKOMUR

☐ 21.00 **Haraldur S. Magnússon, Birgitta Jónsdóttir, Stefán Máni** og **Steinunn P. Hafstað** lesa úr verkum sínum á 35. Skáldaspírukvöldinu, sem haldið verður á Kaffi Reykjavík.

### OPIÐ HÚS

☐ 20.00 **Gísli Sigurðsson**, rithöfundur og listmálari, flytur erindi um skóga og skógrækt á Suðurlandi á opnu húsi **Ferðafélags Íslands** í Mörkinni 6.

hvar@frettabladid.is


**Apótekarinn eftir Haydn**
Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

ÍSLANDSBANKI · ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20
*Síðustu sýningar*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Fö 13/5 kl 20, Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- *Síðustu sýningar*

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
- *Síðasta sýning*

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 14/5 kl 14 - **UPPS.**
Su 22/5 kl 14 - **UPPSELT,** Lau 4/6 kl 14
Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14,
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14

**PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU**
*Margrét Kristín Sigurðardóttir*
Fi 12/5 kl. 21:00

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Fi 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20
*Síðustu sýningar*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 12/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20 - **UPPS.**,
Lau 14/5 kl 20 - **UPPS.**, Fi 19/5 kl 20,
Fö 20/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 12/5 kl 20 - *Aukasýning*

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20
- *Síðustu sýningar*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**GRÆNA LANDIÐ**
**TVÆR SÝNINGAR Á AKUREYRI!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**,
8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**,
sun. 22/5 **örfá sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi í vor.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
**Aukasýning fim. 19/5 örfá sæti laus.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
**Vegna fjölda áskorana: Aukasýningar fös. 27/5, lau. 28/5.**

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, fim. 26/5. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

■ **Samkomuhúsið á Akureyri - Leikför**

**GRÆNA LANDIÐ** - *Ólafur Haukur Símonarson*
**Fös. 13/5 kl. 20:00, lau. 14/5 kl. 15:00. Aðeins þessar tvær sýningar.**
Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



















# Hildur Vala á rólegum nótum

Frá því að Hildur Vala Einarsdóttir spratt fram á sjónarsviðið og vann Idol-stjörnuleitina í mars hefur hún varla átt rólegan dag. Hún hefur verið á fullu að taka upp sína fyrstu plötu, sem kemur út í dag. Útgáfutónleikar verða síðan í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn.

Hún var nýkomin úr ræktinni þegar Fréttablaðið náði tali af henni en þar, líkt og í plötuútgáfu, er hún að stíga sín fyrstu skref. „Ég er alveg ótrúlega spennt fyrir þessari plötu,“ segir hún og það leynir sér ekki á röddinni. „Þetta var í fyrsta skipti sem ég kom inn í alvöru hljóðver,“ bætir hún við og hlær. Hildur Vala segist varla hafa trúað því að hún hafi verið komin í þessa aðstöðu. „Þarna var ég að vinna með besta fólkinu,“ segir hún en Jón Ólafsson stjórnaði upptökum á plötunni og einvalalið hljóðfæraleikara kemur við sögu á henni.

Platan verður í rólegri kantinum og er samansafn laga sem hún valdi í samstarfi við aðra. „Það eru þrjú Idol-lög og svo nokkur sem ég valdi, þar á meðal lag með Joni Mitchell sem mér finnst ótrúlega fallegt,“ segir Hildur Vala. Hún vill þó ekki meina að þessi plata gefi tóninn fyrir það sem koma skuli. „Ég vil ekki festast í einhverri einni stefnu.“

Hildur Vala segir það á stefnuskránni að gefa út plötu með frumsömdum lögum en hún viti ekki hvenær af því verði. Hún segist líka sjálf vera að gutla við það að semja. „Ég veit ekkert hvað kemur út úr því,“ segir hún og hlær.

Það verður ekki mikill tími fyrir sumarfrí hjá henni því auk þess að þeysast um landið og kynna plötuna mun hún stíga reglulega á stokk með Stuðmönnum. „Þetta verður reyndar í fyrsta skipti í langan tíma sem ég verð á Íslandi yfir sumarið en ég hef alltaf farið til Danmerkur á vegum Nordjobb,“ segir hún og hlakkar til að sjá landið sitt í sumarlitunum. „Hver hefði trúað því að þetta yrði sumarvinnan mín?“

freyrgigja@frettabladid.is


**HILDUR VALA EINARSDÓTTIR** Fyrsta plata Idol-stjörnunnar kemur út á morgun og verður í rólegri kantinum.












# Miðasala hefst í dag

Miðasala á tónleika söngvarans Joe Cocker í Laugardalshöll 1. september hefst í dag klukkan 10.00. Cocker hefur verið einn vinsælasti söngvari heims síðan hann sló í gegn á Woodstock árið 1969.



JOE COCKER

Cocker er í tónleikaferð til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Heart & Soul, þar sem hann flytur ýmis lög á sinni einstæða hátt. Á meðal laga á plötunni eru One eftir U2, Everybody Hurts eftir R.E.M. og Jealous Guy eftir John Lennon. Miðasalan í dag fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, Pennanum Akranesi og á www.concert.is. ■

# Apollo með tvenna tónleika

Bandaríski tónlistarmaðurinn James Apollo heldur tvenna tónleika hér á landi í dag ásamt hljómsveit sinni. Fyrri tónleikarnir verða í plötubúð Smekkleysu klukkan 17.00 en hinir á Grandrokk klukkan 22.00.

James Apollo þykir vera hálfgerður tónlistarlegur flækingur en sækir innblástur sinn til meistara eins og Tom Waits. Apollo heimsækir Ísland nú í annað sinn, en hann spilaði á Grandrokk fyrir rúmu ári. ■



**JAMES APOLLO** Kappinn ætlar að halda tvenna tónleika í Reykjavík.












# ...bara á flugfelag.is

## 11. - 17. maí

**Milli Reykjavíkur og**

**AKUREYRAR**

**5.199 kr.**

Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**

**EGILSSTAÐA**

**5.899 kr.**

Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**

**ÍSAFJARÐAR**

**5.099 kr.**

Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Akureyrar og**

**VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR**

**4.499 kr.**

Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Akureyrar og**

**GRÍMSEYJAR**

**3.499 kr.**

Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Fargjald fyrir börn 1 króna!**
**Gildir aðra leiðina fyrir börn að 12 ára aldri, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun (við bætist flugvallarskattur og tryggingargjald, samtal 440 kr.)**

# flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 28291 05/2005


## VIÐ TÆKIÐ : Kúrekinn fer á kreik

**MARTA MARÍA** DETTUR Í ÁKVEÐIÐ HLUTVERK ÞEGAR ÚT OG SUÐUR BYRJAR.

Þegar vora tekur lendir sjónvarpið yfirleitt aftast á forgangslistanum hjá mér og yfir hásumarið á ég til að gleyma til hvers þessi stóri svarti hlutur sem prýðir stofugólfið er notaður. Ég get lifað heilu vikurnar og jafnvel mánuðina án þess að kveikja. Og viti menn, ég sakna þess ekki neitt. Mætti ég frekar vera á ferðalögum eða úti á línuskautum.

Þeim sem dettur aldrei neitt annað í hug en að horfa á sjónvarpið vil ég benda á að finna sér áhugamál. Á laugardagskvöldið gerði ég góða tilraun til að horfa á laugardagsmynd Sjónvarpsins en án árangurs. Ég sofnaði áður en myndin komst á flug. Það var reyndar ágætt því sunnudagurinn var í staðinn tekinn allt of snemma. Á sunnudagskvöldið var boðið upp á sumarþáttinn Út og suður í stað Krónikunnar. Þessi þáttur er eflaust fínn og frábær, en stefið í þættinum gerir hann bara svo aulalegan. Þegar hann byrjar í sjónvarpinu dettur mér aldei neitt annað í hug en að leika „kúrekann“. Kúreki þessi varð til eitt sinn þegar Út og suður var í sjónvarpinu. „Kúrekinn“ er þessi hressi gaur sem dansar um stofuna og þykist spila á gítar. Hann er ekki beint „hip og kúl“ heldur frekar hlunkaleg týpa. Hann er ekki beint þessi gaur sem maður vill þekkja eða hanga með en þegar Út og suður byrjar leysist hann úr læðingi. Ég hélt ég væri búin að gleyma hvernig „kúrekinn“ virkaði en um leið og heyrðist í Út og suður stefinu byrjaði hann, alveg ósjálfrátt. Til að festast ekki í karakter ætla ég að passa mig á því að kveikja alls ekki á sjónvarpinu þegar þátturinn byrjar. Ég gæti smitast fyrir lífstíð.



Gísli Einarsson, umsjónarmaður Út og suður.



**19.50** *Stjórnmál*

**Sjónvarpið sýnir beint frá eldhúsdagsumræðu á Alþingi.**



**20.30** *Raunveruleiki*

**Fear Factor. Sex keppendur keppa um 50.000 dollara og þurfa að gera ótrúlegustu hluti.**



**18.55** *Enski boltinn*

**Manchester United – Chelsea. Bein útsending frá þessum stórleik.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Listahátíð í Reykjavík **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Arthur (103:105)

**18.30** **Gló magnaða (6:19)** (Kim Possible) Þáttaröð um Gló sem er ósköp venjuleg skólastelpa á daginn en á kvöldin breytist hún í magnaða ofurhetju og berst við ill öfl.
**19.00** **Fréttir og íþróttir**
**19.35** **Kastljósið**
▶ **19.50** **Eldhúsdagur á Alþingi** Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Lögregluforinginn (2:2)** (The Commander) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum eftir Lyndu La Plante. Í þessari sögu glíma Blake og samstarfsmenn hennar við snúið morðmál en einkamálin þvælast líka fyrir henni. Leikstjóri er Michael Whyte og meðal leikenda eru Amanda Burton, Matthew Marsh, Poppy Miller, Lizzie McInnerny, Hugh Bonneville og David Calder.

**23.35** Viss í sinni sök (1:4) **0.30** Kastljósið **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** George Lopez 3 (e) **13.50** Married to the Kellys (e) **14.15** Game TV **14.40** Sketch Show 2, The (2:8) **15.05** Extreme Makeover (3:23) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
▶ **20.30** **Fear Factor (4:31)** (Mörk óttans 5)
**21.15** **Las Vegas 2 (17:24)** (Tainted Love) Háar fjárhæðir skipta oft um hendur í borg gleðinnar og þá er eins gott að öryggisgæslan sé í góðu lagi.
**22.00** **Shield (3:13)** (Sérsveitin 4) The Shield gerist í Los Angeles og fjallar um sveit lögreglumanna sem virðist hafa nokkuð frjálsar hendur. Stranglega bönnuð börnum.
**22.45** **Navy NCIS (8:23)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Bönnuð börnum.

**23.30** Twenty Four 4 (16:24) (Stranglega bönnuð börnum) **0.15** Cold Case 2 (16:24) (Bönnuð börnum) **1.00** The Lost Battalion (Bönnuð börnum) **2.30** Fréttir og Ísland í dag **3.50** Ísland í bítið **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Malcolm In the Middle (e) **7.30** Innlit/útlit (e) **8.20** One Tree Hill (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.25** Cheers **17.50** One Tree Hill (e)

**18.40** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **18.55** **Man. Utd. – Chelsea bein útsending**
**21.00** **Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.
**22.00** **Queer Eye for the Straight Guy** Samkynhneigðar tískulöggur gefa gagnkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Survivor Palau (e) **0.15** Jack & Bobby (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** Sugar and Spice **8.00** What Women Want **10.05** Tuck Everlasting **12.00** On the Line **14.00** Sugar and Spice **16.00** What Women Want **18.05** Tuck Everlasting **20.00** On the Line **22.00** Skipped Parts (Bönnuð börnum) **0.00** Next Stop, Wonderland (Bönnuð börnum) **2.00** The Right Temptation (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Skipped Parts (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** T.D. Jakes **8.30** Robert S. **9.30** Ron P. **10.00** Joyce M. **10.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **11.00** Um trúna og tilveruna **11.30** Maríusystur **12.00** Filadelfía (e) **13.00** Í leit að vegi Drottins **13.30** Acts Full Gospel **14.00** Joyce M. **14.30** Ron P. **16.00** Robert S. **18.00** Joyce M. **19.30** Um trúna og tilveruna **20.00** Robert S. **21.00** Ron P. **21.30** Joyce M. **22.00** Dr. David Cho **22.30** Joyce M.

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Eurogoals **13.00** Cycling: Tour of Italy **15.15** Tennis: WTA Tournament Rome **16.30** Speedway: Grand Prix Poland **17.30** Football: UEFA Champions League Happy Hour **18.00** Boxing **19.00** Boxing: Heavyweight Night Majorca Spain **21.00** All sports: WATTS **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Truck Sports: European Cup Assen **22.15** Speedway: Grand Prix Poland **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Raven **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Action Animals **19.00** Top Gear Xtra **20.00** The Trouble with Sleep **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Great Romances of the 20th Century **0.00** Placido Domingo – The King of Opera **1.00** The Great Philosophers

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Air Crash Investigation **14.00** Seconds from Disaster **15.00** Ultimate Snake **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Ultimate Snake **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Pacific Graveyard **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Weird Nature **12.30** Supernatural **13.00** Natural World **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Weird Nature **18.30** Supernatural **19.00** Natural World **20.00** Miami Animal Police **21.00** Elephant Trilogy **21.30** Animals A-Z **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Great Elephant Rescue **1.00** Journey of the Giant

**DISCOVERY**
**12.00** American Casino **13.00** Battlefield **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** World's Deepest Goldmine **17.00** Scrapheap Challenge **18.00** Mythbusters **19.00** Ultimates **20.00** Giant of the Skies **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** The Ashlee Simpson Show **19.00** Cribs **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** SpongeBob SquarePants **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Flab to Fab **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Power Food **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** In Your Dreams **22.25** Crime Stories **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Fashion Police **14.00** Style Star **14.30** Life is Great with Brooke Burke **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** Jackie Collins Presents **17.00** Gastineau Girls **17.30** The Soup **18.00** E! News **18.30** Love is in the Heir **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Love is in the Heir **22.00** The Entertainer **23.00** E! News **23.30** Love is in the Heir

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.20** Willy Milly **13.45** 633 Squadron **15.20** From Noon Till Three **17.00** Saintly Sinners **18.20** Stella **20.10** Where It's at **21.55** Bayou **23.20** A Star for Two **0.55** The Bikini Shop **2.35** White Lightning

**TCM**
**19.00** The Fixer **21.10** The Letter **22.45** Stand By for Action **0.35** Wife vs. Secretary **2.10** Edward My Son

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## THE SHIELD — Stöð 2 kl. 22.00

### *Sérsveitin heldur sínu striki*

The Shield, eða Sérsveitin, er hrikalega spennandi framhaldsþáttur sem sýndur verður á Stöð 2 í kvöld. Þátturinn fjallar um vaska sveit lögreglumanna í Los Angeles. Sérsveitin hefur nokkuð frjálsar hendur og virðist mega beita ýmsum meðulum við að koma glæpalýð af götum borgarinnar.
Aðalhlutverk leika þau Glenn Close og Michael Chiklis en hann hefur bæði hampað Golden Globe og Emmy-verðlaunum fyrir frammistöðu sína í þáttaröðinni. Þess má geta að þátturinn er stranglega bannaður börnum.



Michael Chiklis handtekur bófa.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**The bread will save us, the bread.“**

**Svar:** John Sims úr kvikmyndinni Our Daily Bread frá árinu 1934.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur A. Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. 9.03 Margrætt með Ragnheiði G. Jónsdóttur. 10.03 Morgunstund með Sigurði G.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. 13.01 Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

14.03 Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir e. 15.03 Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan

17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Þjóðbrók 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Sáðmenn söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 12.50 Auðlind 13.05 Syrpa 14.03 Útvarpssagan: Ýmislegt um risafurur og tímann

14.30 Sagan bakvið lagið 15.03 Spegill tímans: Svartklæddu bræðurnir í Sturluhöllum 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Vitinn

19.50 Eldhúsdagsumræður á Alþingi

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Þjóðbrók 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Sáðmenn söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir 12.50 Auðlind 13.05 Syrpa 14.03 Útvarpssagan 14.30 Sagan bakvið lagið 15.03 Spegill tímans 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vitinn 19.50 Eldhúsdagur á Alþingi 20.05 Slæðingur 20.15 Á þjóðlegu nótunum 21.00 Í hosíló 21.55 Orð kvöldsins 22.25 Sagnaskáldið Saul Bellow 23.10 Söngkona gleði og sorgar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju **22.00** Lífsaugað með Þórhalli miðli

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** HEILSUHORN GAUJA LITLA **18.00** Meinhornið (e) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **23.30**

*Sýn*

**NBA. Úrslitakeppnin er komin á fullt skrið og Sýn sýnir beint frá morgum leikjum.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.05** David Letterman

**18.50** **UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.20** **World Supercross** (Reliant Astrodome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**20.15** **Meistaradeildin í handbolta** (Barcelona – Ciudad Real) Útsending frá síðari úrslitaleik spænsku liðanna Barcelona og Ciudad Real. Ólafur Stefánsson og félagar lögðu Montpellier í undanúrslitum en Börsungar slógu út Evrópumeistara Celje Lasko.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

▶ **23.30** NBA. Bein útsending.

## POPP TÍVÍ

**19.00** Tvíhöfði (e) **21.00** Real World: San Diego **21.45** Kenny vs. Spenny **22.10** Amish In the City

**HALLMARK**

**12.45** A Promise Kept: The Oksana Baiul Story **14.15** Broken Vows **16.00** Early Edition **16.45** Ford: The Man and the Machine **18.30** Choices **20.00** Law & Order Vi **20.45** The Mapmaker **22.30** Merlin **0.00** Law & Order Vi **0.45** Choices **2.15** The Mapmaker

**BBC FOOD**

**12.00** Street Cafe **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Hi Lo Club **13.30** Floyd's Fjord Fiesta **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Delia's How to Cook **16.30** Rosemary Castle Cook **17.00** Tony and Giorgio **17.30** Tyler's Ultimate **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Hi Lo Club **19.30** Kitchen Takeover **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook On the Wild Side **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.10** Tidsler **12.20** DR Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **12.50** Hokus Krokus **13.20** Konsum **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **14.30** Negermagasinet **15.00** Vores vilde verden **15.05** Dragon Ball Z **15.30** Orkanens •je **16.00** Anton – min hemmelige ven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Hammerslag **18.30** Mit ¢mme punkt **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Morse **21.40** OBS **21.45** Blue Murder **22.30** Boogie

**SV1**

**12.40** Farligt löfte **14.00** Rapport **14.05** Mitt i naturen **14.35** Min galna familj **15.00** Ramp om historia **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Sagor från Zoo **16.10** Tigern Curry **16.20** Vi på Krabban **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Stallkompisar **17.25** Tracks video **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dagar av fruktan **19.45** 24 Nöje **20.00** Debatt direkt från Sverige **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Sverige! **21.50** Raggadish **22.20** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fá Tvíhöfðabræðurnir Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson fyrir að vera alltaf ferskir en þeir eru að byrja með nýjan sjónvarpsþátt á Stöð 2.*



**Lárétt:**
1 lúi, 6 bætti við, 7 tveir eins, 8 ármynni, 9 virti, 10 fataefni, 12 ærða, 14 uppistaða, 15 kextegund, 16 fæddi, 17 óskaði, 18 formóðir.

**Lóðrétt:**
1 drykkja, 2 blóm, 3 teppi, 4 varla, 5 gott eðli, 9 leiðtogi, 11 litla eyju, 13 eyðimörk, 14 fugl, 17 prófgráða.

**Lausn**

**Lárétt:**
1 þreyta, 6 jók, 7 rr, 8 ós, 9 mat, 10 tau, 12 eða, 14 lón, 15 lu, 16 öl, 17 bað, 18 amma.

**Lóðrétt:**
1 þjór, 2 rós, 3 ek, 4 trauðla, 5 art, 9 maó, 11 hólm, 13 auðn, 14 lóa, 17 ba.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Jo Stein Moen.
2 Revenge of the Sith.
3 Oddur Helgason.






## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Hob Pod Leisure Hovercraft.

**Sem er?** Hver væri ekki til í að skjótast á milli staða án þess að hafa áhyggjur af færðinni eða umferðarteppum. Eða jafnvel fara einhverja allt aðra leið en allir aðrir fara? Fyrirtækið Hov Pod hefur hannað nýjan og einstaklega hentugan svifnökkva sem nýtist hvar sem er. Nökkvinn getur náð allt að 45 mílna hraða á klukkustund og þrátt fyrir smæðina getur hann borið allt að þrjár manneskjur eða tæplega fjögur hundruð kíló. Svifnökkvinn getur flutt fólk yfir höf, vötn, ár, graslendi, sand, snjó, ís eða nánast hvað sem er.

Svifnökkvar eru því ekki bara lengur notaðir í hernaði, til sjúkraflutninga eða þess háttar. Þeir eru nú orðnir almenningseign enda ákaflega skemmtileg farartæki.

**Kostir?** Svifnökkvinn lætur afar vel að stjórn enda er einungis loft undir tækinu sem fleytir því áfram. Þannig er lítið mál að taka snöggar U-beygjur eða jafnvel bara fara í heilan hring á punktinum. Mjög einfalt er að stjórna tækinu og það tekur ekki nema örskotsstund að læra á það. Loft svífur undir nökkvann og heldur honum frá yfirborðinu, hvort sem er það er sandur, drulla, sjór, snjór eða ís sem er undir.



**Fylgihlutir?** Engir sérstakir fylghlutir fylgja svifnökkvanum en fyrir þá sem vilja nota slík tæki í vinnu eða við björgunarstörf er hægt að fá þróaðri útgáfu af Hob Pod-nökkvanum en sá nökkvi heitir Work Pod. Hann er ívið stærri og kraftmeiri en hobbí-nökkvinn.

**Upplýsingar?** Allar nánari upplýsingar um Hob Pod Leisure svifnökkvann má finna á heimasíðu Hop Pod, hobpod.com. Þar er einnig í gangi leikur þar sem svifnökkvi er í boði.

ICY-TRÍÓIÐ: RIFJAR UPP GLEÐIBANKANN EFTIR 19 ÁR

# Danskennsla rokkhundanna var tímasóun

Einn er í Noregi. Annar úti í laxveiðiá og sú þriðja á amerísku hóteli þegar blaðamaður hringir í Icy-tríóið til að fá staðfest að fyrstu Júróvisjónfararnir muni koma saman á Nasa að kvöldi Júróvisjóndagsins 21. maí.

„Það er næg innistæða eftir í Gleðibankanum," segir veiðiljónið Pálmi Gunnarsson hlæjandi og kátur, og undir það tekur rokkarinn Eiríkur Hauksson á norsku símalínunni.

„Lagið hefur alltaf verið í uppáhaldi og hvert einasta mannsbarn kann textann utan að, enda sögðu Íslendingar að úrslitin hefðu verið dómaranum að kenna á sínum tíma," segir Eiríkur brosmildur um sína bjartsýnu þjóð, en nítján ár eru liðin síðan Icy lenti í sextánda sætinu í Björgvin 1986. Báðir segja tímann líða hratt á gervihnattaöld.

„Ég kann utan að gamla Júróvisjóngríntextann, sem var svolítið öðruvísi þegar við Maggi Eiríks tókum *Gleðibankann* upp fyrir Mannakorn. Lagið átti aldrei að fara í keppnina en konan hans Magga heitin tók lagið og sendi inn án okkar vitundar. Við urðum vægast sagt hissa þegar hóað var í okkur vegna úrslitakeppninnar," segir Pálmi og minnist tilstands í kringum fyrstu Júróvisjónferð Íslendinga.

„Ég hafði mest spilað í rokkböndum og vildi helst vera í látlausum gallabuxum. Fannst þessi skrautsýning verulega hallærisleg, ekki síst þegar ég var kominn í danskennslu. Slíkt átti ekki upp á pallborðið hjá mér, né Eika, en við vorum eins og þægir hundar fyrst búið var að taka ákvörðum um að senda okkur út," segir Pálmi og Eiríkur tekur í sama streng.

„Þetta var svolítið sérstakt fyrir okkur rokkarana, en við hlýddum því sem sagt var. Þessu fylgdi mikill sannfæringarkraftur og menn vildu meina að fötin væru flott, en auðvitað var tímasóun að æfa dansspor með okkur Pálma," segir Eiríkur hlæjandi en báðir útiloka að komast í gömlu Júróvisjónfötin.

„Það verður vandalaust fyrir okkur að syngja þetta og ég hef lúmskt gaman að þessu. Tek stelpurnar mínar með sem fengið hafa óteljandi hláturskköst vegna tímabilsins þegar pabbi var í silkinu," segir Pálmi og skellir upp úr, en þeir Eiríkur hafa ekki sést síðan Icy-hópurinn var og hét.

„Það verða gleðifundir í Gleðibankanum og kannski stöndum við uppi með góðar fréttir frá Kænugarði fyrr um kvöldið, en stemmningin verður klárlega frábær," segir Eiríkur. Auk Icy-tríósins koma fram Stebbi Hilmars og Eyvi með *Nínu*, Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson með *Eitt lag enn*, Sigrún Eva Ármannsdóttir og Sigga Beinteins með *Nei eða já*, og Páll Óskar með *Minn hinsti dans*.

**thordis@frettabladid.is**



**ICY-TRÍÓIÐ Í STUÐI** Þau Eiríkur Hauksson, Helga Möller og Pálmi Gunnarsson hafa ekki sungið saman síðustu nítján árin.






# Tvíhöfði skilinn útundan á nýju X-i

Útvarpsstöðin X-ið 977 verður formlega opnuð að nýju á föstudaginn kemur en aðeins eru nokkrir mánuðir síðan stöðinni var lokað. Kristján Frosti Logason, gítarleikari rokksveitarinnar Mínus, verður dagskrárstjóri X-sins og Þorkell Máni Pétursson, fyrrum dagskrárgerðarmaður af X-inu og umboðsmaður Mínus, verður honum innan handar. Tvímenningarnir munu leiða dagskrárgerð stöðvarinnar til að byrja með en búast má við að fleiri muni bætast í hópinn innan skamms.

Ljóst er að Tvíhöfði verður ekki með morgunþátt á stöðinni eins og áður en þeir félagar vinna nú að sjónvarpsþáttagerð. „Nei, nei. Við erum alls ekki svekktir. Við erum hættir í útvarpinu og erum að vinna í öðru," segir Sigurjón Kjartansson, annar helmingur Tvíhöfða. „Það ætlar að reynast erfitt að drepa þessa stöð. Er þetta ekki í fimmta sinn sem X-ið rís upp frá dauðum?



**TVÍHÖFÐI** Þeir félagar Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr verða ekki með á endurreistu X-i.

En það er gott að hún er komin aftur. Því meira rokk, því betra."

Aðeins eru nokkrir mánuðir síðan forsvarsmenn 365-ljósvakamiðla, sem reka meðal annars Bylgjuna, FM 957, Stöð 2 og Sýn, lögðu X-ið niður með skömmum fyrirvara. Í kjölfarið stofnuðu þrír dagskrárgerðarmenn af X-inu nýja rokkstöð sem bar heitið XFM. Nú virðist hins vegar sem yfirmönnum 365-ljósvakamiðla hafi snúist hugur. „Við sjáum hag í að reka X-ið með þeim miðlum sem við höfum verið að þróa fyrir yngri markhópa," segir Árni Þór Vigfússon, sem hefur unnið að þróunarstarfi fyrir 365-ljósvakamiðla síðustu vikur. „Við höfum verið að þróa fullt af hugmyndum og spá í þá menn sem gætu komið að stöðinni í framtíðinni," segir Árni Þór. „Það er margt skemmtilegt sem mun koma í ljós á næstu mánuðum."

**kristjan@frettabladid.is**


Concert og Arne Worsoe kynna:
LAUGARDALSHÖLL
REYKJAVÍK
1. SEPTEMBER
CONCERT
HINN EIN
FORSALA HEFST Í DAG!
JOE COCKER
ÁSAMT STÓRHLJÓMSVEIT
ALMENN FORSALA HEFST 10. MAÍ
MIÐASALA Á WWW.CONCERT.IS, Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR, BT SELFOSSI OG AKUREYRI. PENNANUM AKRANESI
MIÐASALA HEFST KLUKKAN 10:00 BÁÐA DAGANA! AÐEINS ÞESSIR EINU TÓNLEIKAR
Fremst í röðina með Concert og MasterCard
MasterCard
20% aflsáttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er
með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur málið á www.mastercard.is/klubbar
www.concert.is
Bankastræti 11 - 101 Reykjavík - Sími 511 2255
CONCERT
Ath. Concert getur ekki endurgreitt tónleikamiða. Ölvun ógildir miðann með öllu. Öll myndataka og hljóðupptaka stranglega bönnuð. Nánar á www.concert.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**!** Talstöðin FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.




**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## Áfram veginn

Þrasað er um hverjir eigi rétt á stærstum hluta vegatertunnar. Liðin eru tvö og oftar en ekki landsbyggð á móti höfuðborgarbúum. Amerískir torfærutrukkar standa í hundraðavís og bíða nýrra eigenda á bryggjunni. Það þarf að mæta stækkandi bílaflota með beinni og breiðari vegum sem víðast. Flotinn verður að komast í hvelli út og suður og það er lífsnauðsynlegt að stytta spotta hér og þar til að græða tíma. Svo verður að koma í veg fyrir tafir í umferðinni og byggja slaufur, snúða og rússíbanarúllur í miðborginni. Að vísu tíðkast það víða erlendis að þeir sem leggja leið sína í miðborgirnar nýti sér almenningssamgöngur til að forðast stíflur, raðir og ringulreið ellegar greiði þeir nokkurs konar þrengslagjald fyrir aðgang á einkabíl. Þannig er þetta þó bara í borgum þar sem almenningssamgöngur eru fjölbreyttar, ódýrar og tíðar.

**EN NÚ** ber að fagna því að loks hefur tekist að breyta eldsneytisgjaldskrá og gera dísilolíuna að fýsilegum kosti. Olían sú ku vera skömminni skárri en bensínið ef tekið er tillit til andrúmsloftsins. Það er rós í hnappagat fjármálaráðherra þegar hann hefur nú tryggt lækkun dísilolíugjaldsins með rökum umhverfisverndarsinna.

**LÍNUR** eru þó áfram lagðar um fleiri og meiri vegi, slaufur hér og göng þar á meðan almenningssamgöngur virðast ekki mjög ofarlega á forgangslista. Einhverjir vilja mislæg gatnamót í pínulítinn miðbæ. Sumir vilja malbik yfir Arnarvatnsheiði svo þeir geti straujað norður í kaffi og suður í kvöldmat. Enn aðrir vilja göng í gegnum fjallgarða og malbikið flæðir yfir Frón. Breytt hugarfar í samgöngumálum er of erfitt og tímafrekt.

**BÍLAFLOTINN** stækkar hratt. Nú má sjá á götunum sexhjóla torfærutröll sem eru á við þrjá fólksbíla – svona líka heppilegir fjölskyldubílar. Sumir þurfa meirapróf til að taka í heimilistrukkinn og fimm tonna ferlíki eru tilvalin til að skjótast í búð við Laugaveg. Þetta er bílaklám, sagði góður vinur. Það er allt í lagi að vera léttklæddur, vel smurður og hnykla vöðvana, en svo getur maður farið yfir strikið, bætti hann við. Nú vantar bara fleiri mislæg gatnamót og slaufur svo bílaflotinn mikli geti siglt óheftur og tafarlaust áfram veginn. ■





Nýr bíll á lygilegu verði

**11.800 kr. á mánuði***

*M.v. 357.000 kr. útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll þar sem skynsamleg rýmisnýting og veglegur aukabúnaður gefur lúxus-tilfinningu. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. Sjálfskiptur, fimm dyra Kia Picanto **kostar aðeins 1.190.000 kr.**

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag.
Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða svona gæði á þessu verði.

**Njóttu þess að vera á nýjum bíl!**

KIA MOTORS

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. **Flatahrauni 31 • Hafnarfirði • sími 555 6025 • www.kia.is**






ÞÚ GÆTIR UNNIÐ:
• Bíómiða fyrir tvo á Star Wars
• Spennandi varning merktan Star Wars

## Stjörnustríðsleikur SPRON

Snilldarkort SPRON tryggir þér rétt til þátttöku. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á snilld.is og nota Snilldarkortið.

Áttu ekki Snilldarkort?
Allir sem sækja um Snilldarkort SPRON fá bíómiða fyrir tvo á sérstaka forsýningu Star Wars á Íslandi og flottan svartan bakpoka að gjöf*.

*Á meðan birgðir endast

Allt um Snilldarkortið og leikinn á snilld.is og í síma 550 1200/550 1400



snilld.is spron – fyrir allt sem þú ert